

Úttekt á stjórnslu, rekstri og
fjármálum Bolungarvíkur-
kaupstaðar og tillögur

Bolungarvíkurkaupstaður
Unnið fyrir bæjarstjórn

Samantekt

Inngangur

- Að beiðni bæjarstjórnar Bolungarvíkurkaupstaðar tók HLH ehf. að sér að gera úttekt á stjórnsýslu, rekstri og fjármálum Bolungarvíkurkaupstaðar með það að markmiði að koma fram með tillögum að hagræðingu í stjórnsýslu og rekstri, þannig að reksturinn skili meiri framlegð m.a. til að standa undir afborgunum lána, nýjum framkvæmdum og aukinni þjónustu.

Íbúafjöldi

- Á milli árunna 2012 og 2019 fjölgaði íbúum Bolungarvíkurkaupstaðar um 64, eða 7,2%. Samanborið við að á landinu öllu fjölgaði íbúum um 11,7% og á Vestfjörðum samtals um 1,6%. Þannig var fjölgunin hlutfallslega mun meiri í Bolungarvíkurkaupstað en á Vestfjörðum samtals á þessu tímabili.
- Mesta fjölgunin í Bolungarvíkurkaupstað var á milli árunna 2017 og 2018, eða 4,1%.

Skuldir sveitarfélaga

- Bolungarvíkurkaupstaður var í 10. sæti yfir skuldugustu sveitarfélögin í árslok 2017 með skuldahlutfallið 143,1%. Er það rétt undir skuldahlutfalli samtals fyrir öll sveitarfélög eins og það var í árslok 2017.
- Hlutfallið samtals fyrir öll sveitarfélögin var 143,5% en var í árslok 2016 153%. Þannig hafa skuldir sveitarfélaga samtals sem hlutfall af tekjum þeirra lækkað á milli árunna.

Skuldir Bolungarvíkurkaupstaðar

- Samtals hafa skuldir sveitarfélagsins á þessum tímabili, 2002 til 2017, því aukist úr 890 milljónum króna árið 2002 í 1.642 milljónir króna árið 2017, sem er aukning um 184%, eða tæplega tvöfaldast.
- Á þessum tíma hækkaði meðaltalsvísitala neysluverðs um 199% og tekjur sveitarfélagsins, A- og B-hluti, um 293%, eða tæplega þrefölduðust.
- Tekjur Bolungarvíkurkaupstaðar voru 391 milljón króna árið 2002 en 1.147 milljónir króna árið 2017.
- Eins og tafla 3 sýnir hefur skuldahlutfall sveitarfélagsins farið lækkandi frá árinu 2002 til 2017. Það var hæst 229% árið 2005 en lægst 142% árið 2012.
- Skuldahlutfallið var 143% í árslok 2017. Á öllu þessu tímabili var skuldahlutfallið einu sinni lægra en árið 2017, eða árið 2012 þegar það var 142%.

Veltufé og handbært fé frá rekstri og fjárhreyfingar

- Veltufé frá rekstri segir til um hvað eftir stendur af rekstrartekjum þegar búið er að greiða öll dagleg útgjöld sveitarfélagsins, svo sem laun, rafmagn og hita, skólamat o.s.frv.

Fjárheimild samkvæmt fjárhagsáætlun

- Í viðræðum við stjórnendur sveitarfélagsins kom fram hjá sumum þeirra að þeir líta á fjárhagsáætlun sem áætlun og markmið um útgjöld frekar en fjárheimild.

- Nokkuð er um að einstakir málaflokkar fari fram úr áætlun. Framlög til B-hluta stofnana að upphæð 38.771 þúsund krónur vekur athygli þar sem ekki var gert ráð fyrir þeim í fjárhagsáætlun og svo virðist sem ekki hafi verið gerður viðauki vegna þess eins og í öðrum tilfellum þegar farið er fram úr fjárhagsáætlun og ber að gera.
- Eins og skýrt kemur fram á mynd 6 hefur átt sér stað mikil breyting í rekstrarafkomu Bolungarvíkurkaupstaðar á þessu tímabili. Fyrstu átta árin var tekjuafgangur einungis tvö ár. Síðustu átta árin var tekjuafgangur í sex ár og þá neikvæð afkoma einungis í tvö ár.
- Eins og tafla 12 sýnir var niðurstaða rekstrar jákvæð hjá A-hluta fjórum sinnum á þessu 16 ára tímabili, þ.e. árin 2009, 2010, 2013 og 2017 og þá hallarekstur hin 12 árin.

Tekjur

- Eins og tafla 13 sýnir var Bolungarvíkurkaupstaður með lægstu skatttekjur á hvern íbúa af samanburðar sveitarfélögum árin 2002 til og með 2014 með nokkrum undantekningum.
- Á árunum 2015, 2016 og 2017 verður breyting þar sem sveitarfélögum með hærri skatttekjur á hvern íbúa en í Bolungarvíkurkaupstað fækkar í þessum samanburði.
- Árið 2017 voru þrjú sveitarfélög í þessum samanburði með hærri skatttekjur á hvern íbúa en Bolungarvíkurkaupstaður.
- Í Bolungarvíkurkaupstað var fasteignaskattur á hvern íbúa 54 þúsund krónur til samanburðar við 128 þúsund krónur að meðaltali fyrir samanburðar sveitarfélögin og 110 þúsund krónur fyrir öll sveitarfélög á landinu að meðaltali.
- Þannig var fasteignaskattur á hvern íbúa um 56 þúsund krónum lægri í Bolungarvíkurkaupstað en að meðaltali fyrir landið allt. Miðað við 945 íbúa gerir það samtals um 53 milljónir króna í lægri tekjur.
- Það vekur athygli hversu mikill ójöfnuður er á milli sveitarfélaganna þegar fasteignaskattur með framlagi frá Jöfnunarsjóði vegna jöfnunar fasteignaskattstekna er skoðaður.
- Bláskógabyggð sem var með hæsta fasteignaskatt á hvern íbúa í þessum samanburði, eða 297 þúsund krónur á hvern íbúa, fær síðan jöfnunarframlag að upphæð 59 þúsund krónur á hvern íbúa. Samtals eru tekjur vegna fasteignaskatts hjá þessu sveitarfélagi á hvern íbúa með jöfnunarframlagi vegna fasteignaskattstekna 356 þúsund krónur til samanburðar við t.d. Bolungarvíkurkaupstað þar sem fasteignaskatturinn með framlaginu var 108 þúsund krónur á hvern íbúa.
- Eins og tafla 20 sýnir fæst alls ekki rétt mynd af samanburði á fasteignskatti með því eingöngu að líta á álagningar prósentuna.
- Af töflu 20 sést að álagningin í krónum talið er næst lægst í Bolungarvíkurkaupstað fyrir sérþýli í þessum samanburði og lægst fyrir fjölþýli.
- Eins og tafla 20 sýnir er álagning fasteignaskatts í krónum talið nokkuð mikið lægri hjá Bolungarvíkurkaupstað en hjá flestum þessara samanburðar sveitarfélaga miðað við álagninguna árið 2019.
- Það er mat skýrsluhöfundar eftir að hafa skoðað þetta frekar að þessar reglur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga geta leitt til enn frekari ójafnaðar varðandi tekjur á milli sveitarfélaga þegar skatttekjur, tekjujöfnunarframlag og framlag vegna jöfnunar fasteignaskattstekna frá Jöfnunarsjóði eru tekin saman á hvern íbúa. (sjá bls. 35)
- Ef 25% álag á hámarksálagningu A-flokks hefði verið nýttur að fullu á árinu 2019

hefði það gefið 6,7 milljónir króna í auknar tekjur miðað við álagningu ársins 2019.

Laun

- Eins og tafla 24 sýnir voru tvö af samanburðar sveitarfélögunum með laun sem hlutfall af tekjum hærrí en hjá Bolungarvíkurkaupstað árið 2017.
- Hlutfallið hjá Bolungarvíkurkaupstað var 54% árið 2017, til samanburðar var það að meðaltali fyrir þessi 11 sveitarfélög 52% og að meðaltali fyrir öll sveitarfélög á landinu var það 53%.
- Nokkrir starfsmenn hjá sveitarfélaginu eru með fasta yfirtíð sem ætla má að eigi að ná yfir alla vinnu og óþægindi utan reglubundins vinnutíma.
- Dæmi eru um að starfsmenn með fasta yfirtíð hafa fengið greitt aukalega fyrir unna yfirtíð. Rétt er að fram komi að þetta er ekki algengt. Síðan eru aðrir starfsmenn sem hafa eingöngu fengið greidda yfirtíð ef hún er unnin.

Stöðugildi

- Miðað við 1. apríl 2018 voru samtals 69,1 stöðugildi hjá Bolungarvíkurkaupstað, A- og B-hluti.
- Þegar fjöldi íbúa á hvert stöðugildi hjá samanburðar sveitarfélögunum er skoðaður í þessum samanburði voru þrjú þeirra með færri íbúa á hvert stöðugildi en Bolungarvíkurkaupstaður.
- Frá árinu 2011 til 2018 fjölgaði stöðugildum hjá Bolungarvíkurkaupstað um 14,5. Á sama tíma fjölgaði íbúum um 57 og um 2,6 íbúa á hvert stöðugildi.

Annar rekstrarkostnaður

- Til mikils er að vinna að ná öðrum rekstrarkostnaði niður. Ætla má að það sé hægt, t.d. með útboðum. Líka má gera ráð fyrir að hægt sé að ná þessum kostnaði niður að einhverju leyti með hagræðingu án þess að skerða þjónustu. Má þar nefna til viðbótar við útboð eftirfylgni og aga með kaupum á orku, endurskipulagningu á ræstingum o.s.frv.
- Eins og fram kemur á töflu 31 eru orkukaup Bolungarvíkurkaupstaðar orðin um 60 milljónir króna á ári.
- Í sveitarfélaginu er heitt vatn, m.a. til húsa hitunar og í Sundlaug Bolungarvíkur, hitað upp með rafmagni. Kemur til greina að notast við varmadælu í því sambandi?

Stjórnsýslan

- Skrifstofa sveitarfélagsins er rekin í Ráðhúsi Bolungarvíkur. Þar er starfstöð bæjarstjóra, fjármála- og skrifstofustjóra, markaðs- og kynningarfulltrúa, starfsmanns á tæknideild, aðalbókara, launafulltrúa (54%), skjalastjóra (54%), starfsmanns póstsins (50%) og félagsmálastjóra (80%).
- Síðan rekur sveitarfélagið grunnskóla, leikskóla, tónlistarskóla, íþróttamannvirki, þjónustumiðstöð (áhaldahús), eignasjóð og slökkvilið.

Almenn skrifstofa

- Á almennri skrifstofu sveitarfélagsins eru 3,08 stöðugildi (mars 2019) auk bæjarstjóra, eða samtals 4,08 stöðugildi.

Félagsþjónusta

- Félagsmálastjóri er í 80% starfshlutfalli hjá Bolungarvíkurkaupstað og 20% starfshlutfalli hjá Súðavíkurhreppi.
- Ekki liggja fyrir nákvæmar tölur um veitta félagslega ráðgjöf. Félagsleg ráðgjöf getur verið mis umfangsmikil að sögn félagsmálastjóra.
- Í heimaþjónustu eru 2,5 stöðugildi. Eitt stöðugildi er í verkstjórn og innlitum og annarri aðstoð og 1,5 stöðugildi er í þrífum, stuðningi við heimilishald og innlitum.
- Í mars 2019 fengu 10 einstaklingar matarbakka á vegum sveitarfélagsins.
- Samkvæmt ákvæði samnings varðandi matarkaup tók Bolungarvíkurkaupstaður að sér að greiða 38% af launakostnaði eins starfsmanns og greiðir 800 kr. fyrir hverja máltíð eins og fram kemur í samningnum.
- Eins og fram kemur í töflu 33 var allur umfram kostnaður við heimsendan mat launakostnaðurinn, sem greiddur var vegna starfsmanns í mötuneyti hjúkrunarheimilisins, eða samtals 2.864 þúsund krónur.
- Erfitt er að færa rök fyrir því að sveitarfélagið sé að taka á sig þennan kostnað fyrir ríkissjóð.
- Samkvæmt því sem fram kemur í töflu 33 kostaði hver máltíð fyrir Bolungarvíkurkaupstað 2.611 krónur.
- Samkvæmt upplýsingum sem skýrsluhöfundur hefur er Seltjarnarnesbær að greiða í dag fyrir heimsendan mat 1.215 kr. til verktaka og er heimsendingakostnaður innifalinn í verðinu.
- Árið 2019 er Bolungarvíkurkaupstaður að greiða 1.200 kr. til HV vegna hvers máltíðar auk framangreinds launakostnaðar. Telja verður að verðið 1.200 kr. sé eðlileg þóknun fyrir hverja máltíð.
- Rekið er byggðasamlag um málefni fatlaðra á Vestfjörðum.

Leikskólinn Glaðheimar

- Leikskólinn er í samstarfi við grunnskólann með sálfræðing sem kemur fimm sinnum á ári.
- Sveitarfélagið er með þjónustusamningi við Tröppu vegna talkennslu.
- Samkvæmt upplýsingum frá bókhaldi sveitarfélagsins þarf mjög oft að gera athugasemdir við reikninga frá Tröppu.
- Fjórir leikskólar voru með samtals gjöld án innri leigu lægri en Gládioheimar af samanburðar leikskólunum, sjá töflu 36.
- Sömu leikskólar voru með lægri launagjöld en Gládioheimar.
- Annar rekstrarkostnaður var lægstur hjá Gládioheimum.
- Lægstur var kostnaðurinn hjá Leikskólanum Bakka/Bergi í Reykjavíkurborg, þar sem

hann var 1.573 þúsund krónur á hvert HDÍG. Til samanburðar var þessi kostnaður 1.997 þúsund krónur hjá Leikskólanum Gláðheimum, eða mismunur upp á 424 þúsund krónur á hvert HDÍG í þessum leikskólum.

- Eins og tafla 39 sýnir var ákveðinn stígandi í fjölda stöðugilda samtals á þessu tímabili hjá Leikskólanum Gláðheimum.
- Á milli áráanna 2011 og 2017 fjölga stöðugildum um 3,8 en HDÍG fjölgaði um 4,3.
- Árið 2011 voru 4,3 HDÍG á hvert stöðugildi en var 3,4 árið 2017, eða fækkun um 0,9 HDÍG á hvert stöðugildi.
- Eins og tafla 40 sýnir voru fjórir leikskólar í þessum samanburði með færri HDÍG á hvert stöðugildi samtals en Leikskólinn Gláðheimar.
- Lægst er gjaldið hjá Skeiða- og Gnúpverjahreppi þar sem eingöngu er innheimt fæðisgjald 9.656 kr. miðað við fullt fæði. Ekki er innheimt gjald fyrir vistun frá kl. 8:00 til 16:00 hjá Skeiða- og Gnúpverjahreppi.
- Það er mat skýrsluhöfundar að til framtíðar litið verði vistun á leikskólum gjaldfrjáls. Ef það reynist rétt er mikilvægt að sveitarfélög hugi sem fyrst að því og leiti leiða til að hagraða í rekstri til að standa undir þeim útgjaldaauka sem því fylgir.

Grunnskóli Bolungarvíkur

- Haustið 2018 voru nemendur í Grunnskóla Bolungarvíkur 141.
- Nú hafa 10 af 13 nemendum í fyrsta bekk grunnskólans annað mál en íslensku að móðurmáli.
- Skólastjóri situr ekki reglulega fundi fræðslumálaráðs, en mætir á fundi þegar óskað er eftir að skólastjóri mæti eða hann óskar eftir að skólastjóri komi á fundi fræðslumálaráðs.
- Eftirfarandi ákvæði er í 4., mgr. 6. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008: „Skólastjórar, grunnskólakennarar og foreldrar í sveitarfélagi kjósa hver úr sínum hópi aðal- og varamann til setu á skólanefndarfundum með málfrelsi og tillögurétt.“
- Í fyrsta bekk voru í febrúar 2019 níu nemendur með pólsku sem móðurmál, einn með taílenskt móðurmál og þrír með íslenskt móðurmál. Þannig hafa 10 af 13 nemendum í fyrsta bekk grunnskólans, sem annað mál en íslensku að móðurmáli.
- Í heilsu- og tómsundarskólanum sem er starfræktur milli kl 13:00 og 14:00 eru nemendur í 1.-4. bekk. Heilsu- og tómsundarskólinn er gjaldfrjáls.
- Það vekur athygli hversu mikið útgjöld vegna vöru- og þjónustukaupa aukast á milli þessara ára. Á milli áráanna 2016 og 2018 aukast útgjöld vegna vörukaupa um 35% og þjónustukaupa án innri leigu um 49%.
- Þegar launagjöld á hvern nemanda eru skoðuð voru fjórir skólar með lægri launagjöld á hvern nemanda en Grunnskóli Bolungarvíkur.
- Sjö skólar voru með fleiri nemendum á hvert stöðugildi annarra starfsmanna en Grunnskóli Bolungarvíkur.

- Það vekur athygli hvernig stöðugildum annarra starfsmanna við skólann hefur verið að fjölga síðustu ár.
- Eins og taflan sýnir hefur nemendum á hvert stöðugild kennara frá árinu 2002 til ársins 2017 farið fjölgandi heilt yfir með nokkrum undantekningum.
- Það sama verður ekki sagt um fjölda nemenda á hvert stöðugildi annarra starfsmanna, þar sem nemendum á hvert stöðugildi hefur fækkað nokkuð mikið sérstaklega í samanburði við fyrri hluta tímabilsins.
- Árið 2010 voru 12,8 nemendur á hvert stöðugildi en sú tala var komin niður í 10,7 árið 2017, eða fækkun um 2,2 nemendur.

Sundlaug Bolungarvíkur

- Námkvæm skráning liggur fyrir um hvenær sundlaugagestir mæta. Nýta má þessa skráningu til að skoða hvenær fólk mætir í sund og þá hvort ástæða sé til að breyta opnunartíma sundlaugarinnar.

Bókasafn Bolungarvíkur

- Eins og tafla 55 sýnir voru útlán á bókum hjá Bókasafni Bolungarvíkur samtals 6.179 árið 2018.

Tæknideild, bæjarverkstjóri og umsjónarmaður fasteigna

- Í sumum tilfella annast starfsmaður á tæknideild eftirlit með verklegum framkvæmdum og stundum hefur bæjarstjóri gert það. Ætla verður að betur færi á því að þessar línur væru skýrar og eftirlitið væri á einni hendi.
- Verkefni á vegum þjónustumiðstöðvar eru að mestu unnin í verktöku. Línur eru ekki alveg skýrar um það hver hefur eftirlit með verktakanum. Stundum hefur starfsmaður á tæknideild eftirlit með verktakanum og stundum bæjarverkstjóri.
- Samkvæmt upplýsingum frá Bolungarvíkurkaupstað hafa verkaup vegna þjónustumiðstöðvar verið um 50 milljónir króna á ári s.l. þrjú ár.
- Starfsmaður eignasjóðs annast minniháttar viðhald á fasteignum sveitarfélagsins, þ.m.t. peruskípti og ýmislegt að beiðni forstöðumanna stofnana. Stærri viðhaldsmál eru unnin í samráði við starfsmann á tæknideild.
- Starfsmaður eignasjóðs heldur ekki vinnuskýrslu yfir það sem hann er að gera í vinnunni. Það var gert áður en hefur ekki verið gert lengi. Hans vinna er ekki bókfærð á viðkomandi stofnun.

Slökkvilið Bolungarvíkur

- Slökkviliðsstjóri er í 40% starfi sem slökkviliðsstjóri og 60% starfi við höfnina.
- Í dag mæta 16 upp í 23 menn í útkall. Það eru 30 í útkallshópi stærri aðgerða, þar er svokallað varalið er talið með, en þeir eru boðaðir í stærri útköll. Hjálpa þá til við að draga til slöngur og vakta dælur o.fl.
- Hafa verið 6 til 8 æfingar á ári síðustu ár en voru um 10 á ári á árum áður að sögn slökkviliðsstjóra.

- Reykköfunarmenn slökkviliðsins standast ekki lágmarkið um menntun en eru að afa það og er slökkviliðið með þökkalegan hóp af reykköfum að sögn slökkviliðsstjóra.
- Ekki er í gildi brunavarnaráætlun fyrir sveitarfélagið. Síðasta brunavarnaráætlun rann út 2012.
- Búningar slökkviliðsmanna eru á einum stað í slökkvistöðinni, í opnu rými þar sem bifreiðakostur slökkviliðsins er einnig. Þeir geta tekið út tvo bíla á meðan slökkviliðsmenn klæðast búningum sínum en ekki er hægt að taka út aðrar bifreiðar fyrr en allir eru komnir í búninga vegna þess að húsið fyllist af reyk ef þær eru settar í gang.

B-hluta stofnanir

Bolungarvíkurhöfn

- Fastir starfsmenn hafnarinnar eru yfirhafnarvörður í 100% starfi og hafnarvörður í 60% starfi.
- Vegna veikinda starfsmannsins hefur verið ráðinn starfsmaður með yfirhafnarverði í 100% starf.
- Árið 2018 var landaður afli mestur á þessu tímabili, eða 20.491 þúsund kg. Á árinu 2018 voru landanirnar 4.200.
- Fæstar voru landanir við Bolungarvíkurhöfn í janúar og febrúar, eða 121 og 127 hvorn mánuð. Flestar voru landanirnar í júlí, eða 715.
- Landanir samtals í janúar til apríl voru 648, eða 15% af löndunum samtals allt árið. Landanir í maí til ágúst voru samtals 2.730, eða 65% af öllum löndunum ársins. Síðan voru landanir í september til desember samtals 822, eða 20% af löndunum ársins.
- Landanir yfir vetramánuðina (jan.-apríl og sept. til des.) voru flestar á mánudögum eða samtals 286. Á föstudögum voru þær fæstar, eða 163.
- Eins og mynd 16 sýnir eru landanir flestar á tímabilinu frá kl. 15:00 til 19:00 á virkum dögum miðað við allt árið.
- Á þessu tímabili (maí til ágúst) eru landanir flestar á tímabilinu frá kl. 13:00 til 19:00. Jafnframt er nokkuð um landanir frá kl. 8:00 til kl. 10:00.
- Á þessu átta mánaða tímabili, sem er tvískipt, voru landanir flestar á virkum dögum á milli kl. 15:00 til 20:00, eða samtals 700 landanir af samtals 1.109 löndunum á virkum dögum, eða 63%.
- Á sama hátt voru landanir flestar um helgar á tímabilinu frá kl. 14:00 til 21:00, eða samtals 297 af 361 löndun um helgar á þessu tímabili, eða sem samsvarar 83% af löndunum samtals um helgar.
- Samantekið fyrir þessi þrjú tímabil voru ekki landanir við Bolungarvíkurhöfn í 18 daga af 104 dögum samtals allt árið, þ.e. laugardagar og sunnudagar í 52 vikur, eða sem hlutfall 17% af öllum laugardögum og sunnudögum ársins.

- Á milli árunna 2017 og 2018 hækkuðu tekjur Bolungarvíkurhafnar um 13,6 milljónir króna en gjöldin um 9,4 milljónir króna. Þannig batnar rekstrarafkoman á milli þessara ára.
- Eins og tafla 58 sýnir hækkuðu launagjöldin um 14% á milli árunna 2017 og 2018. Munar þar mest um hækkuðu mánaðarlauna og daglaunavinnu sem hækka um 24% og 23%.
- Árið 2018 var yfirvinna og vaktaálag sem hlutfall af mánaðarlaunum og daglaunavinnu 60%. Ef við tókum þetta hlutfall einungis af mánaðarlaunum var það 73%.
- Eins og tafla 59 sýnir var unnin yfirvinna sem greitt var fyrir nokkuð áþekk á milli árunna 2016 til 2018. Þó þannig að tímumum fækkar. Voru 1.958 klukkustundir árið 2016 en 1.837 árið 2018. Þannig fækkað tímum um 121,5 klukkustundir á milli þessara ára.
- Yfirhafnarvörður er með fasta yfirtíð sem ekki er unnin. Um er að ræða 50 klukkustundir á mánuði.
- Skráður opnunartími hafnarinnar á laugardögum og sunnudögum er frá kl. 13:00 til 18:00. Landanir fyrir opnunartíma hafnarinnar á laugardögum og sunnudögum voru samtals 115 allt árið 2018. Þar af voru 36 á tímabilunum janúar til apríl og september til desember og þá 79 landanir á tímabilinu maí til ágúst.

Félagslegar leiguíbúðir

- Bolungarvíkurkaupstaður á 25 leiguíbúðir og leigir síðan eina og endurleigir. Þannig er sveitarfélagið að leigja út samtals 26 íbúðir.
- Eins og tafla 62 sýnir greiddi sveitarfélagið leigu niður vegna íbúðar, sem sveitarfélagið leigir af Félagi eldri borgara og endurleigir, um 700 þúsund krónur árið 2018.
- Þannig að í raun var afkoman neikvæð árið 2018 um 19,1 milljón króna.
- Fram hefur komið í viðræðum við bæjarstjóra að leigjendur íbúðanna eru almennt ekki í íbúðunum á félagslegum forsendum.
- Með hliðsjón af því er eðlilegt að spurt sé hvort sveitarfélagið geti réttlæt slíka niðurgreiðslu á húsaleigu.
- Eins og tafla 64 sýnir greiddi sveitarfélagið niður rafmagn og hita fyrir leigjendur íbúða um 1,5 milljónir króna, eða sem nemur 44% af kostnaðnum.
- Eins og tafla 65 sýnir greiddi sveitarfélagið niður ræstingar á sameign og sömuleiðis greiðslur til hússjóðs vegna leigjenda íbúða árið 2018 um 1.2 milljónir króna, eða sem nemur 42% af kostnaðinum.
- Enn og aftur er hér bent á jafnræði á milli íbúa. Sveitarfélagið hefur greitt niður rafmagn, hita, ræstingar o.fl. fyrir íbúa þessar leiguíbúða án þess að um félagslega aðstoð sé að ræða. Hvað með aðra íbúa sveitarfélagsins?

Vatnsveita Bolungarvíkur

- Rekstrarafkoma Vatnsveitu Bolungarvíkur árið 2018 var 5,6 milljónir króna samanborið við 2,8 milljónir króna árið 2017.
- Afborganir langtímalána voru 5,8 milljónir króna þannig að afgangur af veltufé frá rekstri var notaður til að greiða niður skuld vatnsveitunnar við aðalsjóð.

Fráveita Bolungarvíkur

- Eins og ársreikningur Fráveitu Bolungarvíkur sýnir var rekstrarafkoma ársins 2018 10,1 milljón króna í afgang samanborið við 9,5 milljónir króna árið 2017
- Veltufé frá rekstri var 11,4 milljónir króna árið 2018. Samanborið við 10,3 milljónir króna árið 2017.

Félagsheimili Bolungarvíkur

- Í gildi er verktakasamningur við forstöðumann félagsheimilisins.
- Rekstrargjöld önnur en vegna afskrifta og fjármagnsgjalda voru samtals 14,9 milljónir króna samanborið við að leigutekjur voru einungis 4,8 milljónir króna.

Hjúkrunarheimili

- Samkvæmt grein 4.4. er heildarrými þess sem ráðuneytið samdi um að leigja 750 m², eða 75 m² ætlaðir samtals fyrir hvern íbúa.
- Leiguverðið felur ekki í sér endurnýjun á lausum búnaði og tækjum til notkunar á hjúkrunarheimilinu.
- Þannig er ekki gert ráð fyrir því í leiguverðinu að sveitarfélagið kosti endurnýjun og/eða viðhald á lausum búnaði og tækjum.
- Eftir því sem skýrsluhöfundur komst næst er samanlögð stærð einkarýma hvers íbúa 799,7 m². Þá vantar stærð á sameiginlegu rými o.s.frv. Einnig er spurning hvort mögulegt sé að annað rými í húsnæðinu, sem notað er til annarra hluta, sé einnig skráð sem eign hjúkrunarheimilisins. Upplýsingar um það lágu ekki fyrir.
- Með hliðsjón af því að umsamin heildarstærð á rými, þ.e. einkarými og sameiginlegu rými, er samkvæmt samningi við velferðaráðuneytið 750 m² er ljóst að húsnæði hjúkrunarheimilisins er nokkru stærri en samningur við ráðuneytið gerir ráð fyrir.

Efnisyfirlit

GREINING	13
INNGANGUR.....	13
ÍBÚAFJÖLDI	13
SKULDIR SVEITARFÉLAGA	17
SKULDIR BOLUNGARVÍKURKAUPSTAÐAR	18
VELTUFÉ OG HANDBÆRT FÉ FRÁ REKSTRI OG FJÁRHREYFINGAR	22
FJÁRHEIMILD SAMKVÆMT FJÁRHAGSÁÆTLUN	24
TEKJUR.....	28
LAUN	37
STÖÐUGILDI	39
ANNAR REKSTRARKOSTNAÐUR	40
STJÓRNSÝSLAN.....	42
ALMENN SKRIFSTOFA	43
FÉLAGSÞJÓNUSTA.....	48
LEIKSKÓLINN GLAÐHEIMAR.....	56
GRUNNSKÓLI BOLUNGARVÍKUR.....	64
TÓNLISTARSKÓLI BOLUNGARVÍKUR.....	74
ÍÞRÓTTAMANNVIRKI.....	74
BÓKASAFN BOLUNGARVÍKUR	75
TÆKNIDEILD, BÆJARVERKSTJÓRI OG UMSJÓNARMAÐUR FASTEIGNA	79
SLÖKKVILIÐ BOLUNGARVÍKUR	82
B-HLUTA STOFNANIR	85
BOLUNGARVÍKURHÖFN	85
FÉLAGSLEGAR LEIGUÍBÚÐIR	96
VATNSVEITA BOLUNGARVÍKUR.....	99
FRÁVEITA BOLUNGARVÍKUR.....	100
FÉLAGSHEIMILI BOLUNGARVÍKUR	100
HJÚKRUNARHEIMILI	101
TILLÖGUR	104
1. SKULDIR B-HLUTA STOFNANA VIÐ AÐALSIÓÐ	104
2. LANGTÍMASKULDIR	104
3. FJÁRHEIMILDIR SAMKVÆMT FJÁRHAGSÁÆTLUN	104
4. GREINARGERÐ MEÐ FJÁRHAGSÁÆTLUN	104
5. GREIÐSLUÁÆTLUN	105
6. ÁÆTLUN UM SJÓÐSSTÖÐU	106
7. REGLULEGIR FUNDIR	106
8. REGLULEGIR FUNDIR BÆJARSTJÓRA MEÐ ÆDSTU STJÓRNENDUM	106
9. FUNDIR VEGNA FJÁRHAGSÁÆTLUNAR OG ÁRSREIKNINGS	106
10. SAMÞYKKT REIKNINGA UMFRAM FJÁRHEIMILD	107
11. UPPÁSKRIFT REIKNINGA	107
12. LYKLUN REIKNINGA	107
13. VIÐAUKAR	107
14. FJÁRHAGSÁÆTLUN SEGIR TIL UM FJÁRHEIMILD	108
15. JÖFNUNARSJÓÐUR SVEITARFÉLAGA	108
16. FASTEIGNASKATTUR OG LÓÐALEIGA	108
17. YFIRVINNA	109
18. HLUTFALL LAUNA AF TEKJUM SVEITARFÉLAGSINS	109
19. FJÖLDI STÖÐUGILDA SAMKVÆMT FJÁRHAGSÁÆTLUN	109

20. FJÖLGUN STÖÐUGILDA.....	109
21. ÚTBOÐ	110
22. VÖRUKAUP	110
23. ORKUNOTKUN	110
24. VARMADÆLA TIL HÚSAHITUNAR	111
25. FATAPENINGAR.....	111
26. VINNUSTUND	111
27. NÁMSKEIÐ FYRIR LAUNAFULLTRÚA	112
28. OPNUNARTÍMI PÓSTSINS Í HÁDEGINU	112
29. FÉLAGSLEG RÁÐGJÖF.....	112
30. HEIMSENDUR MATUR.....	112
31. FÉLAGSLEG RÁÐGJÖF Í GRUNNSKÓLANUM.....	113
32. BYGGÐASAMLAG UM MÁLEFNI FATLAÐS FÓLKS	113
33. TEKJUR VEGNA MÁLEFNA FATLAÐRA STANDI UNDIR ÚTGJÖLDUM	113
34. ÞJÓNUSTUKAUP FRÁ TRÖPPU	113
35. YFIRVINNA	ERROR! BOOKMARK NOT DEFINED.
36. VEIKINDALAUN.....	114
37. STÖÐUGILDI Á LEIKSKÓLUM	114
38. STAÐA DEILDARSTJÓRA	114
39. GEDTEYMI	115
40. SAMSTARF VIÐ ÍSAFJARÐARBÆ Í SKÓLAMÁLUM	115
41. FRÆÐSLUMÁLARÁÐ	115
42. KENNSLUELDHÚS.....	116
43. ÚTGJÖLD VEGNA VÖRU- OG ÞJÓNUSTUKAUPA.....	116
44. ÚTGJÖLD VEGNA MÖTUNEYTI OG HEILDAGSSKÓLA.....	116
45. SAMKENNSLA ÁRGANGA.....	116
46. OPNUNARTÍMI SUNDLAUGAR	117
47. EFTIRLIT MEÐ FRAMKVÆMDUM.....	117
48. EFTIRLIT MEÐ VERKTAKA ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐVAR	117
49. SAMÞYKKT REIKNINGA VEGNA SNJÓMOKSTURS.....	117
50. VIKULEGIR FUNDIR	118
51. ÚTBOÐ	118
52. VINNUSKÝRSLUR	118
53. LOKAÚTTEKTIR.....	118
54. BRUNAVARNARÁÆTLUN.....	119
55. SAMEINING SLÖKKVILÐA Á NORÐANVERÐUM VESTFJÖRÐUM.....	119
56. STÖÐUGILDI.....	119
57. VINNUFYRIRKOMULAG	120
58. BAKVAKTIR	120
59. FÖST YFIRTÍÐ	120
60. INNHEIMT GJÖLD VEGNA RAFMAGNS, HITA OG HÚSSIÓÐS	121
61. VIÐHALD Á FÉLAGSLEGUM LEIGUÍBÚÐUM	121
62. HÚSALEIGA.....	121
63. LEIGUÍBÚÐIR VERÐI SELDAR	121
64. LEIGUTEKJUR.....	122
65. STÆRÐ HJÚKRUNARHEIMILISINS	122
66. ÁRSREIKNINGUR HJÚKRUNARHEIMILISINS	122
67. SKIPURIT.....	122
LOKAORD	124
FYLGISKJÖL	126

Greining

INNGANGUR

Að beiðni bæjarstjórnar Bolungarvíkurkaupstaðar tók HLH ehf. að sér að gera úttekt á stjórnarsýslu, rekstri og fjármálum Bolungarvíkurkaupstaðar með það að markmiði að koma fram með tillögum að hagræðingu í stjórnarsýslu og rekstri, þannig að reksturinn skili meiri framlegð m.a. til að standa undir afborgunum lána, nýjum framkvæmdum og aukinni þjónustu.

Við vinnslu verkefnisins var stuðst við gögn frá sveitarfélaginu og til samanburðar við gögn sem fengin voru á vef Sambands Íslenskra sveitarfélaga varðandi önnur sveitarfélög sambærilegum að stærð hvað íbúafjölda varðar. Jafnframt var óskað eftir upplýsingum frá öðrum sveitarfélögum við vinnslu verkefnisins.

Í verkefninu fólst að m.a. eiga samtöl við forstöðumenn og fara yfir fyrirkomulag rekstrar viðkomandi stofnunar. Jafnframt voru skoðuð bókhaldsgögn og rekstrarútgjöld könnuð. Einnig var nokkuð stuðst við upplýsingar úr ársreikningum sveitarfélaga á vef Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Rekstrar gjöld og -tekjur sveitarfélagsins voru borin saman við rekstrar gjöld og -tekjur hjá 10 sveitarfélögum, sambærilegum að stærð hvað íbúafjölda varðar. Markmiðið með þessum samanburði var að reyna að finna hvað væri öðruvísi hjá Bolungarvíkurkaupstað en hjá þessum sveitarfélögum sem nýtast mætti til hagræðingar í rekstri.

Einnig átti skýrsluhöfundur fundi með bæjarstjóra þar sem farið var yfir ýmis málefni tengd verkefninu.

Öllum framangreindum aðilum eru þökkuð hreinskiptin og opin svör við öllu sem varðar greiðan framgang verkefnisins. Tekið skal skýrt fram að þeir aðilar, sem leitað var til, bera enga ábyrgð á því sem fram kemur í skýrslunni. Allt sem þar stendur er á ábyrgð skýrsluhöfundar.

ÍBÚAFJÖLDI

Íbúum Bolungarvíkurkaupstaðar hefur ýmist fjölgað eða fækkað á milli ára síðast liðin ár.

Tafla 1: Fjöldi íbúa í Bolungarvíkurkaupstað, á Vestfjörðum samtals og landinu öllu 2009 til 2019

	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	Breyting 2009/2019	Hlutfallsleg breyting	Breyting 2012/2019	Hlutfallsleg breyting
Íbúafjöldi	966	970	888	889	918	950	923	904	908	945	953	-13	-1,3%	64	7,2%
Breyting á milli ára		4	-82	1	29	32	-27	-19	4	37	8				
Hlutfallsleg breyting		0,4%	-8,5%	0,1%	3,3%	3,5%	-2,8%	-2,1%	0,4%	4,1%	0,8%				
Vestfirðir samtals	7.385	7.362	7.137	6.955	7.031	6.972	6.970	6.883	6.870	6.994	7.063	-322	-4,4%	108	1,6%
Breyting á milli ára		-23	-225	-182	76	-59	-2	-87	-13	124	69				
Hlutfallsleg breyting		-0,3%	-3,1%	-2,6%	1,1%	-0,8%	-0,03%	-1,2%	-0,2%	1,8%	1,0%				
Landið allt	319.368	317.630	318.452	319.575	321.857	325.671	329.100	332.529	338.349	348.450	356.991	37.623	11,8%	37.416	11,7%
Breyting á milli ára		-1.738	822	1.123	2.282	3.814	3.429	3.429	5.820	10.101	8.541				
Hlutfallsleg breyting		-0,5%	0,3%	0,4%	0,7%	1,2%	1,1%	1,0%	1,8%	3,0%	2,5%				


Heimild: Hagstofa Íslands

Tafla 1 sýnir fjölda íbúa í Bolungarvíkurkaupstað, á Vestfjörðum samtals og landinu

öllu árin 2009 til 2019 í janúar hvert ár. Eins og taflan sýnir fjölgaði íbúum á landinu öllu um 11,8% á þessu tímabili, þegar fækkaði um 1,3% í Bolungarvíkurkaupstað og fækkaði um 4,4% á Vestfjörðum samtals. Þannig var hlutfallslega minni fækkun í Bolungarvíkurkaupstað á tímabilinu en á Vestfjörðum samtals. Á þessu tíu ára tímabili fækkaði íbúum á milli ára í Bolungarvíkurkaupstað þrisvar sinnum en fjölgaði á milli ára sjö sinnum.

Á milli árana 2010 og 2011 fækkaði íbúum Bolungarvíkurkaupstaðar um 82. Ef íbúapróunin í Bolungarvíkurkaupstað og á Vestfjörðum er skoðuð frá árinu 2012 breytist myndin nokkuð. Á milli árana 2012 og 2019 fjölgar íbúum Bolungarvíkurkaupstaðar um 64, eða 7,2%. Voru 889 árið 2012 en 953 árið 2019. Samanborið við að á landinu öllu fjölgaði íbúum um 11,7% og á Vestfjörðum samtals um 1,6%. Þannig var fjölgunin hlutfallslega mun meiri í Bolungarvíkurkaupstað en á Vestfjörðum samtals á þessu tímabili. Mesta fjölgunin í Bolungarvíkurkaupstað var á milli árana 2017 og 2018, eða 4,1%.


Mynd 1: Hlutfallsleg breyting á fjölda íbúa á milli ára árin 2010 til 2019 í Bolungarvíkurkaupstað og á Vestfjörðum samtals



Heimild: Hagstofa Íslands

Mynd 1 sýnir hlutfallslega breytingu á milli ára árin 2010 til 2019 á fjölda íbúa í Bolungarvíkurkaupstað og á Vestfjörðum. Eins og myndin sýnir er hlutfallslega meiri breyting í Bolungarvíkurkaupstað flest árin en á Vestfjörðum samtals hvort sem um er að ræða hlutfallslega fjölgun eða fækkun.

Mynd 2: Hlutfallsleg skipting íbúa eftir aldursflokkum hjá sveitarfélögum á Vestfjörðum og á landinu öllu samtals í janúar 2018




Heimild: Hagstofa Íslands

Mynd 2 sýnir hlutfallslega skiptingu íbúa eftir aldursflokkum fyrir sveitarfélögin á Vestfjörðum og fyrir landið allt samtals. Að meðaltali fyrir landið allt eru 66,1% íbúa á aldrinum 17 til 66 ára. Þetta er sá aldurshópur sem að mestu stendur undir að greiða skatta og gjöld til ríkis og sveitarfélaga. Þetta hlutfall var 64,8% hjá Bolungarvíkurkaupstað í janúar 2018 eða undir landsmeðaltalinu.

Hlutfallið er einnig aðeins undir meðaltalinu fyrir landið allt í aldurshópnum 0 til fimm ára. Það er hins vegar nokkuð yfir landsmeðaltalinu í aldurshópnum 6 til 16 ára þar sem það var 16,2% samanborið við 14,4% fyrir landið allt. Einnig er hlutfallið fyrir aldurshópinn 67 ára og eldri aðeins undir meðaltalinu fyrir landið allt.

Mynd 3: Aldursdreifing íbúa Bolungarvíkurkaupstaðar árin 2009 og 2018




Heimild:

Hagstofa Íslands

Mynd 3 sýnir aldersdreifingu íbúa Bolungarvíkurkaupstaðar árin 2009 og 2018.

Eins og myndin sýnir fjölgaði íbúum hlutfallslega í aldurshópnum 67 ára og eldri á milli árána 2009 og 2018. Var 10,8% árið 2009 en 11,7% árið 2018. Íbúum í aldurshópnum 17 til 66 ára fækkaði hlutfallslega. Var 65,7% árið 2009 en 64,8% árið 2018. Íbúum í aldurshópnum 6 til 16 ára fjölgaði hlutfallslega. Var 15,4% árið 2009 en 16,2% árið 2018. Síðan fækkar íbúum hlutfallslega í aldurshópnum 0 til fimm ára. Var 8,1% árið 2009 en 7,3% árið 2018.

Mynd 4: Hlutfall íbúa 17 ára til 66 ára af heildarfjölda íbúa í samanburðar sveitarfélögum árið 2018



Heimild: Hagstofa Íslands

Mynd 4 sýnir hlutfall íbúa 17 ára til 66 ára af samtals íbúum í samanburðar sveitarfélögum árið 2018.


Eins og komið hefur fram hér að framan er um að ræða þann aldurshóp sem að mestu stendur undir að greiða skatta og gjöld til ríkis og sveitarfélaga. Það vekur athygli hversu breytilegt þetta hlutfall er hjá þeim sveitarfélögum sem tekið er mið af í skýrslu þessari til samanburðar, þ.e. næstu fimm fjölmennari sveitarfélög en Bolungarvíkurkaupstaður og næstu fimm með færri íbúa en Bolungarvíkurkaupstaður.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur er með hæsta hlutfallið, þ.e. 73,9% á árinu 2018. Til samanburðar var hlutfallið lægst hjá Blönduósbæ, eða 58,4%. Hjá Bolungarvíkurkaupstað var hlutfallið 64,8%.

SKULDIR SVEITARFÉLAGA

Þann 1. janúar 2012 tóku gildi ný sveitarstjórnarlög nr. 138/2011. Samkvæmt lögnum mega sveitarfélög ekki skulda meira en sem nemur 150% af reglulegum tekjum sveitarfélagsins. Um er að ræða samtals fyrir A- og B-hluta. Reglugerð skýrir frekar hvernig skuldahlutfallið á að reiknast, svo kallað skuldaviðmið.

Mynd 5: Skuldir og skuldbindingar sveitarfélaga, A- og B-hluti, sem hlutfall af tekjum árið 2017 hjá sveitarfélögum með hærra hlutfall en 80%



Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Mynd 5 sýnir skuldir og skuldbindingar sveitarfélaga, A- og B-hluta, sem hlutfall af tekjum árið 2017 hjá sveitarfélögum með hærra skuldahlutfall en 80%, raðað frá hesta hlutfalli og niður. Um er að ræða heildarskuldir sem hlutfall af tekjum og þá ekki svo kallað skuldaviðmið, skv. reglugerð. Eins og myndin sýnir var Reykjanesbær skuldugasta sveitarfélagið í árslok 2017 miðað við skuldir sem hlutfall af tekjum, eða 203%. Bolungarvíkurkaupstaður var samkvæmt þessu í 10. sæti yfir skuldugustu sveitarfélögin í árslok 2017 með hlutfallið 143,1%. Er það rétt undir skuldahlutfalli samtals fyrir öll sveitarfélög eins og það var í árslok 2017.

Hlutfallið samtals fyrir öll sveitarfélögin var 143,5% en var í árslok 2016 153%. Þannig hafa skuldir sveitarfélaga samtals sem hlutfall af tekjum þeirra lækkað á milli árunna.

Rétt er að vekja athygli á því að einungis sjö sveitarfélög voru með skuldir sem hlutfall af tekjum, skuldahlutfall, hærri en 150% í árslok 2017. Til samanburðar má geta þess að í árslok 2008 voru 24 sveitarfélög með hærra skuldahlutfall en 150%.

SKULDIR BOLUNGARVÍKURKAUPSTAÐAR

Skuldir Bolungarvíkurkaupstaðar hafa hækkað á undanförunum árum í krónum talið.

Tafla 2: Skuldir Bolungarvíkurkaupstaðar, A- og B-hluti, 2002 til 2017, í milljónum króna og á verðlagi hvers árs

	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	Breyting 2002/2017
A-hluti	315	334	343	489	545	591	798	790	742	833	750	951	943	1.084	928	975	310%
B-hluti	575	555	558	481	326	368	397	326	307	355	346	297	510	540	681	667	116%
A- og B-hluti	890	889	901	970	870	960	1.195	1.116	1.048	1.189	1.096	1.248	1.452	1.624	1.610	1.642	184%
Breyting á milli ára		-1	11	69	-100	89	236	-79	-68	140	-93	152	204	172	-14	32	

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 2 sýnir skuldir Bolungarvíkurkaupstaðar, A- og B-hluta, frá árinu 2002 til 2017 í milljónum króna og á verðlagi hvers árs.

Eins og tafla 2 sýnir hafa skuldir A-hluta hækkað úr 315 milljónum króna árið 2002 í 975 milljónir króna árið 2017, eða um 660 milljónir króna á verðlagi hvors árs, sem er hækking um 310%, eða rúmlega þreföldun skulda á tímabilinu. Á sama tíma jukust tekjur A-hlutans úr 321 milljón króna í 989 milljónir króna, eða um 668 milljónir króna, sem er aukning um 308%, eða rúmlega þreföldun tekna á tímabilinu. Af þessu má ljóst vera að á tímabilinu hafa skuldirnar aukist nokkuð í takt við tekjurnar miðað við árin 2002 og 2017, bæði hlutfallslega og í krónum talið.

Með skuldum B-hluta eru ekki meðtaldar skuldir við aðalsjóð Bolungarvíkurkaupstaðar, þ.e. skuldir innan samstæðunnar eru ekki meðtaldar.

Á sama tímabili hækkuðu skuldir B-hlutans úr 575 milljónum króna í 667 milljónir króna á verðlagi hvors árs.

Samtals hafa skuldir sveitarfélagsins á þessum tímabili því aukist úr 890 milljónum króna árið 2002 í 1.642 milljónir króna árið 2017, sem er aukning um 184%, eða tæplega tvöfaldast. Á þessum tíma hækkaði meðaltalsvísitala neysluverðs um 199% og tekjur sveitarfélagsins, A- og B-hluti, um 293%, eða tæplega þrefölduðust. Tekjurnar voru 391 milljón króna árið 2002 en 1.147 milljónir króna árið 2017.

Á tímabilinu lækkuðu skuldir sveitarfélagsins sex sinnum á milli ára, þ.e. árin 2003, 2006, 2009, 2010, 2012 og 2016.

Tafla 3: Skuldir Bolungarvíkurkaupstaðar, A- og B-hluti, 2002 til 2017, sem hlutfall af tekjum

	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
A-hluti	98,2%	105,8%	104,9%	140,8%	122,1%	124,7%	149,5%	139,4%	144,8%	140,8%	117,1%	139,8%	126,5%	135,4%	104,1%	98,6%
B-hluti	820,0%	730,0%	777,0%	636,9%	423,9%	558,8%	476,4%	291,6%	245,4%	295,7%	262,9%	233,3%	413,4%	370,9%	372,5%	421,6%
A- og B-hluti	227,7%	227,0%	225,9%	229,4%	166,4%	177,7%	193,7%	164,5%	164,6%	166,9%	142,0%	154,5%	167,3%	171,6%	149,7%	143,1%

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 3 sýnir skuldir Bolungarvíkurkaupstaðar, A- og B-hluta og A- og B-hluta samtals, frá árinu 2002 til 2017 sem hlutfall af tekjum (skuldahlutfall). Skuldahlutfall B-hluta er fundið með mismun á skuldum A- og B-hluta samtals að frádregnum skuldum A-hluta og á sama hátt er farið með tekjurnar. Eins og tafla 3 sýnir hefur skuldahlutfall sveitarfélagsins farið lækkandi frá árinu 2002 til 2017. Það var hæst 229% árið 2005 en lægst 142% árið 2012. Skuldahlutfallið var 143% í árslok 2017. Á öllu þessu tímabili var það einu sinni lægra eða árið 2012 þegar það var 142%, sbr. hér að framan.

Skuldahlutfall A-hlutans var hæst árið 2008, eða 149,5%. Árið 2017 var skuldahlutfall A-hluta komið niður í 98,6%. Til samanburðar var skuldahlutfall A-hluta árið 2002 98,2%, eða nokkurn veginn það sama og það var árið 2017. Skuldahlutfall B-hlutans var hæst árið 2002 á þessu tímabili, eða 820%. Það hefur síðan lækkað og var í árslok 2017 komið niður í 422%.

Af þessu má ljóst vera að skuldir B-hlutans eru umtalsverðar sem hlutfall af tekjum B-hlutans. Hins vegar var skuldahlutfall A-hlutans innan við 100% árið 2017.

Tafla 4: Samsetning skulda og skuldbindinga Bolungarvíkurkaupstaðar, A- og B-hluti, samkvæmt ársreikningi 2017 í millj. kr.

	A-hluti	A- og B-hluti	Hlutfall af skuldum samtals	Hlutfall af skuldum samtals
Skuldbindingar:				
Lífeyrisskuldbindingar	121.850	121.850	7,4%	7,4%
Langtímaskuldir:				
Skuldir við Lánasjóð sveitarfélaga	613.844	985.388	60,1%	
Skuldir við aðrar lánastofnanir	47.270	376.793	23,0%	
Næsta árs afborgun	-77.940	-107.106		
Langtímaskuldir samtals	583.174	1.255.075		76,59%
Skammtímaskuldir:				
Viðskiptaskuldir	63.069	63.069		
Næsta árs afborgun langtímaskulda	77.940	107.106		
Skuldir við eigin fyrirtæki	42.046			
Aðrar skammtímaskuldir	83.958	91.516		
Skammtímaskuldir samtals	267.013	261.691		15,97%
Skuldir og skuldbindingar	972.037	1.638.616		100,0%

Heimild: Ársreikningur Bolungarvíkurkaupstaðar 2017

Tafla 4 sýnir samsetningu skulda og skuldbindinga hjá Bolungarvíkurkaupstað í árslok 2017. Eins og taflan sýnir voru lífeyrisskuldbindingar rúm 7% af skuldum sveitarfélagsins í árslok 2017, langtímaskuldir 77% og skammtímaskuldir tæp 16%.

Tafla 5: Skuldir, tekjur og kröfur á aðalsjóð B-hluta stofnana samkvæmt ársreikningum 2017 í þúsundum króna

	Langtíma-skuldir	Skammtíma-skuldir	Skuldir án skulda við aðalsjóð	Skuld við aðalsjóð, langtíma	Skuld við aðalsjóð, skammtíma	Skuldir samtals	Tekjur	Skuldir/tekjum	Kröfur á aðalsjóð
Hafnarsjóður	29.203	8.390	37.593			37.593	87.401	43%	6.574
Vatnsveita			0	60.717	14.025	74.742	33.525	223%	
Fráveita			0	33.401	3.081	36.482	17.826	205%	34.929
Félagslegar fbúðir	282.076	15.148	297.224			297.224	20.117	1477%	538
Félagsheimilið			0	254.409	9.860	264.269	33.217	796%	
Hjúkrunarheimili	360.624	13.185	373.809	56.990		430.799	28.206	1527%	
Samtals	671.903	36.723	708.626	405.517	26.966	1.141.109	220.292	518%	42.041

Heimild: Ársreikningar Sveitarfélagsins Árborgar 2017

Tafla 5 sýnir skuldir, tekjur og kröfur á aðalsjóð B-hluta stofnana árið 2017. Eins og taflan sýnir voru skuldir B-hluta stofnana við aðra en aðalsjóð samtals 709 milljónir króna. Skuldir B-hluta stofnana við aðalsjóð voru samtals 432 milljónir króna, eða samtals heildarskuldir B-hlutastofnana 1.141 milljón króna.

Vakin er athygli á því að fráveitan á kröfu á aðalsjóð að fjárhæð 35 milljónir króna en skuldar aðalsjóði samkvæmt ársreikningi við fráveitu var 36 milljónir króna.

Kröfur B-hluta stofnana á aðalsjóð voru samtals 42 milljónir króna. Þar vegur þyngst krafa fráveitu að upphæð 35 milljónir króna sbr. hér að ofan.

Tafla 6: Greining á langtímaskuldum Bolungarvíkurkaupstaðar miðað við stöðuna í árslok 2018

Kröfuhafi	Upphæð	Verð-tryggt	Vextir	Láns-tími	Kröfuhafi	Upphæð	Verð-tryggt	Vextir	Fastir/br	Láns-tími
Aðalsjóður					Húsnæðisnefnd					
Landsbankinn	623.984	x	5,75	2019	Íbúðalánasjóður	6.650.556	x	1	LVT	2043
Landsbankinn	623.984	x	5,75	2019	Íbúðalánasjóður	7.983.733	x	1	LVT	2043
Landsbankinn	623.984	x	5,75	2019	Íbúðalánasjóður	6.650.556	x	1	LVT	2043
Landsbankinn	623.984	x	5,75	2019	Íbúðalánasjóður	8.271.143	x	1	LVT	2044
Landsbankinn	623.984	x	5,75	2019	Íbúðalánasjóður	8.271.143	x	1	LVT	2044
Landsbankinn	623.984	x	5,75	2019	Íbúðalánasjóður	8.132.978	x	1	LVT	2044
Landsbankinn	623.984	x	5,75	2019	Íbúðalánasjóður	6.782.832	x	1	LVT	2043
Landsbankinn	623.984	x	5,75	2019	Íbúðalánasjóður	6.831.614	x	1	LVT	2044
Landsbankinn	623.984	x	5,75	2019	Íbúðalánasjóður	7.706.551	x	1		2048
Íslandsbanki	623.984	x	5,75	2019	Íbúðalánasjóður	8.733.466	x	1		2048
Íslandsbanki	623.984	x	5,75	2019	Íbúðalánasjóður	8.709.654	x	1		2048
Íslandsbanki	623.984	x	5,75	2019	Íbúðalánasjóður	8.651.842	x	1		2048
Lánasjóður sveitarfélaga	2.625.053	x	4,13	2019	Íbúðalánasjóður	9.823.436	x	1		2047
Lánasjóður sveitarfélaga	20.517.300	x	2,7	2020	Íbúðalánasjóður	8.500.023	x	1		2046
Lánasjóður sveitarfélaga	2.620.343	x	3,1	2019	Íbúðalánasjóður	8.628.146	x	1		2041
Lánasjóður sveitarfélaga	32.524.833	x	6,05	2024	Íbúðalánasjóður	8.402.151	x	1		2044
Lánasjóður sveitarfélaga	62.687.923	x	4,35	2034	Íbúðalánasjóður	7.087.701	x	1		2044
Lánasjóður sveitarfélaga	38.396.890	x	3,65	2024	Íbúðalánasjóður	8.402.151	x	1		2044
Lánasjóður sveitarfélaga	34.548.436	x	2,85	2024	Íbúðalánasjóður	7.087.701	x	1		2044
Lánasjóður sveitarfélaga	157.685.010	x	3,2	2034	Íbúðalánasjóður	7.087.701	x	1		2044
Lánasjóður sveitarfélaga	103.686.345	x	2,6	2029	Íbúðalánasjóður	7.087.701	x	3,5		2044
Lánasjóður sveitarfélaga	75.548.252	x	3,35	2034	Íbúðalánasjóður	9.132.033	x	3,5		2053
Lánasjóður sveitarfélaga	82.400.705	x	3	2034	Íbúðalánasjóður	4.539.944	x	3,5		2057
Lánasjóður sveitarfélaga	84.399.311	x	FAST	2034	Íbúðalánasjóður	10.094.010	x	3,5		2059
Lánasjóður sveitarfélaga	55.579.150	x	FAST	2034	Íbúðalánasjóður	3.128.247	x	4,95		2032
Lánasjóður sveitarfélaga	150.000.000	x	2,55	2055	Íbúðalánasjóður	3.736.821	x	4,95		2034
	910.707.359				Íbúðalánasjóður	3.128.247	x	4,95		2032
					Íbúðalánasjóður	3.128.247	x	4,95		2032
Hjúkrunarheimili					Íbúðalánasjóður	3.128.247	x	4,95		2032
Lánasjóður sveitarfélaga	82.084.782	x	3,6	2034	Íbúðalánasjóður	3.736.821	x	4,95		2034
Lánasjóður sveitarfélaga	46.171.391	x	3,25	2034	Íbúðalánasjóður	3.736.821	x	4,95		2034
Lánasjóður sveitarfélaga	96.766.285	x	2,5	2055	Íbúðalánasjóður	3.736.814	x	4,95		2034
Lánasjóður sveitarfélaga	91.390.381	x	2,5	2055	Íbúðalánasjóður	3.128.247	x	4,95		2032
	316.412.839				Íbúðalánasjóður	3.141.869	x	4,95		2032
					Íbúðalánasjóður	3.750.576	x	4,95		2034
Bolungarvíkurhöfn					Íbúðalánasjóður	3.141.861	x	4,95		2032
Landsbankinn	623.984	x	5,75	2019	Íslandsbanki	38.779.278	x	2,88		2034
Landsbankinn	623.984	x	5,75	2019	Landsbankinn	19.200.000		6,95		2034
Lánasj sveitarfélaga	28.904.022	x	5,95	2024		287.850.862				
	30.151.990									
					Bolungarvík alls	1.545.123.050				

Heimild: Bolungarvíkurkaupstaður

Tafla 6 sýnir langtímaskuldir Bolungarvíkurkaupstaðar eins og þær voru í árslok 2018,

A- og B-hluti.

Engar langtímaskuldir eru tengdar erlendri mynt. Allar skuldirnar eru vertryggðar. Vextir eru allt frá 1,0% upp í 6,05%. Þannig er verulegur munur á vaxtakjörum sem sveitarfélagið er með. Nokkur ávinningur ætti að vera að því að greiða upp a.m.k. dýr lán, lán með háum vöxtum, sé þess kostur.

Lánasjóður sveitarfélaga er í dag að bjóða lán með vöxtum allt niður í 2,50%. Nokkur fjárhagslegur ávinningur ætti að vera að því að greiða þau lán upp sem bera hærri vexti ef það er leyfilegt og taka nýtt lán til þess hjá Lánasjóði sveitarfélga.

VELTUFÉ OG HANDBÆRT FÉ FRÁ REKSTRI OG FJÁRHREYFINGAR

Veltufé frá rekstri segir til um hvað eftir stendur af rekstrartekjum þegar bóúið er að greiða öll dagleg útgjöld sveitarfélagsins, svo sem laun, rafmagn og hita, skólamat o.s.frv. Ef veltufé frá rekstri er neikvætt á sveitarfélagið hvorki fyrir daglegum útgjöldum að fullu né afborgunum lána, hvað þá fé til nýframkvæmda. Það sem upp á vantar þarf að taka að láni, fjármagna með sölu eigna og/eða ganga á eigið fé.

Handbært fé frá rekstri sýnir hversu miklu reksturinn skilar að teknu tilliti til breytinga á skammtímalíðum. Eða með öðrum orðum hvað er eftir þegar bóúið er að standa skil á daglegum útgjöldum ásamt uppgjöri á skammtímalíðum og þá til að standa undir afborgunum langtímalána og nýframkvæmdum.

Tafla 7: Veltufé og handbært fé frá rekstri hjá Bolungarvíkurkaupstað árin 2002 til 2017 í milljónum króna á verðlagi hvers árs, A-hluti

	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Veltufé frá rekstri	-15	9	9	0	57	4	34	127	31	-7	15	39	30	10	43	85
Handbært fé frá rekstri	-10	10	-16	19	32	42	30	114	42	18	43	58	47	5	26	104
Veltufé frá rekstri/tekjur	-4,8%	2,7%	2,7%	0,1%	12,9%	0,9%	6,4%	22,5%	6,1%	-1,2%	2,4%	5,8%	4,1%	1,3%	4,8%	8,6%

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, ársreikningar

Tafla 7 sýnir veltufé og handbært fé frá rekstri hjá Bolungarvíkurkaupstað árin 2002 til 2017 hjá A-hluta í milljónum króna

Eins og taflan sýnir var veltufé frá rekstri, A-hluta, neikvætt árið 2002 og 2011. Veltufé frá rekstri sem hlutfall af tekjum var hæst árið 2009, eða 22,5%. Á því ári var farið í ýmsar aðgerðir til að bæta rekstur og fjárhag sveitarfélagsins sem skýrir að mestu svo hátt hlutfall það ár. Árin 2006 og 2009 skera sig úr hvað varðar hátt hlutfall, þ.e. árið 2006 12,9% og 2009 22,5%. Önnur ár er hlutfallið að breytast nokkuð á milli ára og er flest árin vel innan við 10% sem hlutfall af tekjum. Veltufé frá rekstri sem hlutfall af tekjum var 8,6% árið 2017 hjá A-hluta.

Tafla 8: Veltufé og handbært fé frá rekstri hjá Bolungarvíkurkaupstað árin 2002 til 2017 í milljónum króna, A- og B-hluti samtals

	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Veltufé frá rekstri	-26	13	15	2	48	-17	46	216	74	50	103	163	74	80	105	132
Handbært fé frá rekstri	-18	15	-19	30	40	22	48	205	91	79	120	184	90	79	89	146
Veltufé frá rekstri/tekjur	-6,6%	3,4%	3,8%	0,5%	9,1%	-3,1%	7,5%	31,8%	11,6%	7,0%	13,4%	20,2%	8,6%	8,4%	9,8%	11,5%

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, ársreikningar

Tafla 8 sýnir veltufé og handbært fé frá rekstri hjá Bolungarvíkurkaupstað árin 2002 til 2017 og veltufé frá rekstri sem hlutfall af tekjum hjá A- og B-hluta samtals.

Veltufé frá rekstri A- og B-hluta samtals var neikvætt tvö ár á þessu tímabili, þ.e. árin 2002 og 2007.

Tafla 9: Samantekið yfirlit um sjóðstreymi hjá Bolungarvíkurkaupstað, A-hluti, árin 2002 til 2017 í milljónum króna á verðlagi hvers árs

	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	Samtals
Veltufé frá rekstri	-15	9	9	0	57	4	34	127	31	-7	15	39	30	10	43	85	474
Breytingar á skammtímalíðum	6	2	-25	19	-25	38	-4	-13	11	25	28	19	16	-5	-17	19	92
Afborganir langtímalána	-33	-26	-25	-34	-121	-57	-61	-72	-79	-83	-75	-65	-76	-81	-65	-82	-1.036
Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum	-10	-16	-25	-16	-24	-52	-149	-51	-73	-43	-18	-134	-71	-80	-38	-89	-889
Samtals til fjármögnunar utan rekstrar	-53	-32	-67	-31	-112	-67	-181	-9	-109	-107	-50	-141	-100	-156	-77	-67	-1.360
Sala og eignabreytingar	-18	-18	-19	-42	5	4	11	6	32	23	7	-2	0	1	11	-0	-0,5
Lántökur	8	36	40	81	203	30	101	50	0	98	52	237	65	81	0	85	1.166
Aðrar fjármögnunar hreyfingar	-17	-18	0	48	-127	-40	71	-5	31	-24	6	-72	10	74	59	7	3
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	-80	-32	-46	56	-32	-73	1	42	-46	-10	15	23	-26	-0	-7	25	-191

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, ársreikningar

Tafla 9 sýnir samandregið yfirlit um sjóðstreymi hjá Bolungarvíkurkaupstað, A-hluti, árin 2002 til 2017 á verðlagi hvers árs í milljónum króna.

Eins og taflan sýnir var veltufé frá rekstri, A-hluti, samtals 474 milljónir króna á verðlagi hvers árs á tímabilinu frá 2002 til 2017. Afborganir voru hins vegar samtals 1.036 milljónir króna, þannig má ljóst vera að veltufé frá rekstri dugði ekki til að standa undir afborgunum af lánum að fullu og vantar þar nokkuð upp á. Á tímabilinu var fjárfest samtals fyrir 889 milljónir króna. Þannig má ljóst vera að fjárvöntun var nokkur þar sem fjármagna hefur þurft allar framkvæmdri á tímabilinu með nýjum lántökum og einnig að hluta afborganir lána. Samtals var fjárvöntunin á tímabilinu 1.360 milljónir króna, sem fjármagnað var að mestu með nýjum lántökum.

Tafla 10: Samantekið yfirlit yfir sjóðstreymi hjá Bolungarvíkurkaupstað, A- og B-hluti samtals, árin 2002 til 2017 í milljónum króna á verðlagi hvers árs

	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	Samtals
Veltufé frá rekstri	-26	13	15	2	48	-17	46	216	74	50	103	163	74	80	105	132	1.079
Breytingar á skammtímalíðum	8	2	-34	28	-8	38	1	-11	17	29	17	21	16	-1	-16	14	121
Afborganir langtímalána	-64	-67	-89	-113	-226	-84	-102	-207	-96	-105	-90	-130	-93	-107	-109	-109	-1.791
Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum	-10	-27	-30	-27	-71	-109	-176	-60	-95	-325	-51	-299	-300	-181	-72	-101	-1.934
Samtals til fjármögnunar utan rekstrar	-92	-79	-137	-111	-257	-172	-230	-62	-100	-350	-20	-245	-303	-210	-92	-64	-2.525
Sala og eignabreytingar	0	4	-23	-9	74	4	22	6	18	279	7	-1	0	1	11	-0	392
Lántökur	22	43	125	81	206	81	101	95	0	145	52	237	294	131	175	85	1.872
Aðrar fjármögnunar hreyfingar	-10	0	-11	96	-55	14	108	4	36	-83	-24	31	-17	77	-101	4	68
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	-80	-33	-46	57	-33	-73	0	42	-46	-10	15	23	-26	-0	-7	25	-192
Afborganir lána umfram veltufé frá rekstri	-90	-54	-74	-111	-178	-101	-55	9	-22	-55	14	33	-18	-27	-4	23	-711

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, ársreikningar

Tafla 10 sýnir það sama fyrir A- og B-hluta samtals og tafla 9 sýnir fyrir A-hluta.

Veltufé frá rekstri samtals fyrir árin 2002 til 2017 á verðlagi hvers árs var 1.079 milljónir króna fyrir A- og B-hluta.

Afborganir langtímalána voru hins vegar samtals 1.791 milljón króna og vantaði 711 milljónir króna upp á að veltufé frá rekstri stæði að fullu undir afbrogunum á tímabilinu eins og sýnt er nedst í töflunni. Það vekur athygli að einungis fjórum sinnum á þessu 16 ára tímabili dugði veltufé frá rekstri A- og B-hluta til að standa undir afborgunum að fullu, þ.e. árin 2009, 2012, 2013 og 2017. Þrátt fyrir það voru framkvæmdir umtalsverðar flest árin miðað við veltufé frá rekstri hjá sveitarfélaginu. Þannig var framkvæmt samtals fyrir 1.934 milljónir króna á tímabilinu. Fjárvöntun samtals fyrir tímabilið, sem fjármagna þurfti utan rekstrar, var samtals 2.525 milljónir króna. Þetta var síðan fjármagnað með sölu eigna nettó fyrir 392 milljónir króna og nýjum lántökum samtals að upphæð 1.872 milljónir króna. Síðan voru aðrar fjármögnunarahreyfingar 68 milljónir króna og handbært fé -192 milljónir króna.

Samkvæmt ársreikningi 2017 voru heildartekjur Bolungarvíkurkaupstaðar það ár 1.147

milljónir króna. Til samanburðar voru samanlagðar fjárfestingar á verðlagi hvers árs á þessu 16 ára tímabili 1.934 milljónir króna.

FJÁRHEIMILD SAMKVÆMT FJÁRHAGSÁÆTLUN

Í viðræðum við stjórnendur sveitarfélagsins kom fram hjá sumum þeirra að þeir líta á fjárhagsáætlun sem áætlun og markmið um útgjöld frekar en fjárheimild. Ef þetta er rétt er um alvarlegan misskilning að ræða sem ber að leiðrétta. Hins vegar er rétt að fram komi að almennt voru stjórnendur nokkuð meðvitaðir um að fjárhagsáætlun segir til um fjárheimild viðkomandi stofnunar. Lögð skal áhersla á að samþykkt fjárhagsáætlun segir til um þá fjárheimild sem viðkomandi stofnun eða forstöðumaður hefur til ráðstöfunar. Fari stofnun fram úr þeirri fjárheimild, sem kveðið er á um í fjárhagsáætlun stofnunarinnar og samþykkt liggur ekki fyrir því hjá bæjarstjórn, er um brot á sveitarstjórnarlögum að ræða.

Sveitarstjórnarlögin verða ekki öðruvísi skilin en þannig að það sé ekki heimild til þess að stofna til útgjalda nema gert sé ráð fyrir þeim í fjárhagsáætlun, ef ekki þá þurfi samþykki sveitarstjórnar til þess. Sú samþykkt þarf að liggja fyrir áður en til útgjalda er stofnað í sérstökum viðauka við fjárhagsáætlun. Þegar sveitarstjórn ákveður útgjöld utan fjárhagsáætlunar þarf að liggja fyrir hvernig þeim verður mætt, t.d. með niðurskurði á öðrum liðum, aukinni gjaldtöku, tekjuafgangi og/eða nýrri lántöku. Sveitarstjórnarlög sem tóku gildi 1. janúar 2012 kveða skýrar á um þetta.

Með hliðsjón af þessu er mikilvægt að starfsmenn sveitarfélaga almennt geri sér grein fyrir því að útgjöld skv. fjárhagsáætlun eru ekki einungis markmið og áætlun út af fyrir sig heldur er um að ræða hreina fjárheimild, sem þýðir að umfram útgjöld eru óheimil nema samþykki sveitarstjórnar liggja fyrir, en þá þarf sveitarstjórn jafnframt skv. lögum að gera grein fyrir því hvernig umfram útgjöldum verði mætt.

Því er mikilvægt að forstöðumenn stofnana sveitarfélaga geri sér grein fyrir því strax og fjárhagsáætlun liggur fyrir hvort starfsemi viðkomandi stofnunar, eins og hún er fyrirhuguð, geti staðist fjárheimildina sem kveðið er á um í fjárhagsáætlun, ef ekki þá verði gripið til viðhlítandi aðgerða.

Í gildandi sveitarstjórnarlögum er heimild til endurskoðunar á fjárhagsáætlun t.d. síðla árs ekki heimiluð. Sveitarstjórnnum er einungis heimilt að gera breytingu á gildandi fjárhagsáætlun með sérstökum viðauka. Þannig er ekki heimilt að taka áætlunina í heild sinni til endurskoðunar skv. lögum. Þetta á að leiða til mun markvissari fjárhaldstjórnar hjá sveitarfélögum almennt. 63. gr. nýrra sveitarstjórnarlaga um þetta ákvæði hljóðar svo:

Bindandi áhrif ákvörðunar um fjárhagsáætlun ársins.

Ákvörðun sem sveitarstjórn tekur skv. 1. mgr. 62. gr. um fjárhagsáætlun næstkomandi árs er bindandi regla um allar fjárhagslegar ráðstafanir af hálfu sveitarfélagsins. Aðrir geta þó ekki byggt sjálfstæðan rétt til fjárframlaga eða annarrar fyrirgreiðslu sveitarfélags á fjárhagsáætlunum.

Óheimilt er að vika frá fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. nema sveitarstjórn hafi áður samþykkt viðauka við áætlunina. Á þetta við um hvers kyns ákvarðanir, samninga eða aðrar fjárhagslegar ráðstafanir sem hafa í för með sér breytingar á tekjum, útgjöldum, skuldbindingum eða tilfærslur milli liða í fjárhagsáætlun í þegar samþykktri áætlun. Viðauki er ekki gildur nema hann feli einnig í sér útfærða ákvörðun um það hvernig þeim útgjöldum eða tekjulækkun sem gert er ráð fyrir verði mætt. Á það einnig við þótt heildarútgjöld eða heildartekjur breytist ekki vegna samþykktar hans.

Prátt fyrir 2. mgr. má í undantekningartilvikum gera þær ráðstafanir sem skylt er samkvæmt lögum eða öðrum bindandi réttarreglum án þess að sveitarstjórn hafi áður samþykkt viðauka, enda þoli þær ekki bið. Viðhlítandi heimildar sveitarstjórnar skal þá afla svo fljótt sem auðið er. Skal erindi um slíka heimild lagt fyrir þegar á næsta fundi sveitarstjórnarinnar.

Í reglugerð sem sett er á grundvelli 75. gr. er heimilt að skilgreina þau tilvik þar sem

tilfærslur innan málaflokka eru heimilaðar án þess að fyrir liggi samþykktur viðauki, sbr. 1. málsl. 2. mgr. Þó skulu allar slíkar breytingar færðar í viðauka við fyrsta tækifæri.

Ljóst má vera að skv. 63. gr. sveitarstjórnarlaga er það brot á lögnum fari útgjöld fram úr fjárhagsáætlun, sbr. hér að framan. Einungis er það heimilt hafi sveitarstjórn áður samþykkt viðauka við áætlunina. Jafnframt er skýrt tekið fram að viðaukinn sé ekki gildur nema hann feli einnig í sér útfærslu á því hvernig útgjaldaaukanum verður mætt eða tekjulækkun. Þannig er ekki heimilt að leiðrétta fjárhagsáætlun með einhvers konar viðauka eftir á. Ef heimila á hærri útgjöld þarf það að gerast áður en stofnað er til þeirra. Þetta er mikil breyting frá því sem var og kallar á mikla aðhaldssemi og aga í fjármálum sveitarfélaga, kallar á vandaða fjárhagsáætlunargerð og ekki síður vandaðar greiðsluáætlanir og eftirfylgni.

Einnig er ákvæði í lögnum, sem kveður á um að ekki sé heimilt að reka sveitarsjóð með halla samtals þrjú ár í röð. A.m.k. þarf að vera svo mikill afgangur eitt árið af þremur að hann brúi hallarekstur hinna tveggja árána sé um hallarekstur að ræða.

Tafla 11: Rauntölur úr rekstri og áætlun 2017 hjá Bolungarvíkurkaupstað, A-hluti

	Árs- reikningur	Fjárhags- áætlun	Mis- munur	Hlutfall af áætlun
Félagsþjónusta	98.294	92.176	-6.118	107%
Heilbrigðismál	3.484	3.294	-190	106%
Fræðslu- og uppeldismál	385.694	384.847	-847	100%
Menningarmál	27.855	29.467	1.612	95%
Æskulýðs- og íþróttamál	70.729	66.841	-3.888	106%
Brunamál og almannavarnir	23.180	19.410	-3.770	119%
Hreinlætismál	13.876	5.400	-8.476	257%
Skipulags- og byggingarmál	12.339	8.426	-3.913	146%
Umferðar- og samgöngumál	14.421	17.271	2.850	83%
Umhverfismál	13.817	17.914	4.097	77%
Atvinnumál	782	88	-694	889%
Framlög til B-hluta stofnana	38.771	0	-38.771	
Sameiginlegur kostnaður	94.604	92.949	-1.655	102%
Breyting lífeyrisskuldbindingar	5.364	5.518	154	97%
Eignasjóður	-2.901	10.641	13.542	-27%
Málaflokkar samtals nettó	800.309	754.242	-46.067	106%
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-14.943	-12.499	2.444	120%
Gjöld samtals, nettó	785.366	741.743	-43.623	106%
Skatttekjur	-830.181	-781.987	48.194	106%
A-hluti samtals	-44.815	-40.244	4.571	111%
Hafnarsjóður	-11.737	-26.495	-14.758	44%
Vatnsveita	-2.799	-5.917	-3.118	47%
Félagsheimili	953	36.822	35.869	3%
Félagslegar íbúðir	14.795	18.112	3.317	82%
Fráveita	-9.543	-9.424	119	101%
Hjúkrunarheimili	5.581	8.105	2.524	69%
Sjóðir í B-hluta samtals	-2.750	21.203	23.953	-13%
Samantekið samtals, A- og B-hluti	-47.565	-19.041	28.524	250%

Heimild: Ársreikningur 2017 fyrir Bolungarvíkurkaupstað

Tafla 11 sýnir rauntölur rekstrar árið 2017 á móti fjárhagsáætlun hjá Bolungarvíkurkaupstað.

Eins og taflan sýnir er heildarniðurstaða rauntalna A-hluta betri en áætlun gerði ráð fyrir. Nokkuð er um að einstakir málaflokkar fari fram úr áætlun. Framlög til B-hluta stofnana að upphæð 38.771 þúsund krónur vekur athygli þar sem ekki var gert ráð fyrir þeim í fjárhagsáætlun og svo virðist sem ekki hafi verið gerður viðauki vegna þess eins og í öðrum tilfellum þegar farið er fram úr fjárhagsáætlun og ber að gera.

Samkvæmt upplýsingum frá fjármálastjóra voru samþykktir viðaukar við fjárhagsáætlun s.l. ár sem hér segir:

Árið 2015 yfir 40 viðaukar.

Árið 2016 voru gerðir sex viðaukar.

Árið 2107 voru gerðir átta viðaukar.

Árið 2018 voru gerðir átta viðaukar.

Í 76. gr. segir að viðauka, sem bæjarstjórn samþykki, eigi að tilkynna til sveitarstjórnarráðuneytisins. Þetta ákvæði greinarinnar hljóðar svo:

Skil á upplýsingum um fjármál.

Fjárhagsáætlanir skal senda ráðuneytinu innan 15 daga frá afgreiðslu þeirra. Hið sama á við um viðauka sem eru gerðir við slíkar áætlanir


Samkvæmt upplýsingum frá sveitarstjórnarráðuneytinu var ekki að sjá að ráðuneytinu (Hagstofu Íslands) hafi borist tilkynningar um viðauka frá Bolungarvíkurkaupstað árin 2016 til 2018.

Samkvæmt reglugerð 1212/2015 ber að leggja fram viðauka til samþykktar á tilteknu formi, þar sem áhrif breytinga á fjárhagsáætlun vegna viðauka koma fram á rekstur, fjárstreymi og efnahag. Við skoðun á nokkrum viðaukum, sem gerðir hafa verið hjá sveitarfélaginu, er ekki að sjá að viðaukar hafi verið samþykktir í samræmi við reglugerðina.

Gera má ráð fyrir að enn betri árangur hefði náðst í rekstri sveitarfélagsins ef tekist hefði að halda þeim málaflökkum innan áætlunar sem mest fóru fram úr áætlun, sjá hér að framan. Til að ná því markmiði er mikilvægt að gerð sé greiðsluáætlun fyrir hvern mánuð og hún borin reglulega saman við rauntölur. Þannig er hægt að grípa strax til aðgerða ef kostnaður virðist vera að fara fram úr áætlun. Með því á að vera hægt að fylgja því betur eftir að fjárhagsáætlun standist. Mikilvægt er að þetta verði framkvæmt með vísan til sveitarstjórnarlaga.

Leggja ber áherslu á að með fjárhagsáætlun fylgi ítarleg greinargerð þar sem gerð er grein fyrir þeim forsendum sem lagðar eru til grundvallar fjárhagsáætlun og vegna einstakra útgjaldaliða. Ef um breytingar er að ræða á einstökum fjárhagslyklum umfram verðlagsbreytingar er mikilvægt að gerð sé grein fyrir því, þannig að forstöðumenn viti nákvæmlega hver ætlun bæjarstjórnar er.

Mynd 6: Fjöldi sveitarfélaga sem voru með hallarekstur og hlutfall þeirra af heildarfjölda sveitarfélaga árin 2002 til 2017 sem skiluðu ársreikningum tímalega til Sambands íslenskra sveitarfélaga, A- og B-hluti



Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, ársreikningar

Mynd 6 sýnir fjölda sveitarfélaga sem voru með hallarekstur á árunum 2002 til 2017, og hlutfall þessara sveitarfélaga af heildarfjölda sveitarfélaga, sem skiluðu ársreikningum tímalega, línurit.

Eins og mynd 6 sýnir var tala sveitarfélaga, sem rekin voru með halla um og yfir 40 á árunum fyrir 2012 með einni undantekningu árið 2007. Einnig hefur hlutfall þessara sveitarfélaga af heildarfjölda sveitarfélaga á þessum tímabili verið um og yfir 40%. Fór hæst í 74% árið 2003. Ljóst er að mikil breyting hefur átt sér stað á s.l. árum hvað rekstrarafkomu sveitarfélaga varðar, þar sem sveitarfélögum með neikvæða afkomu hefur farið fækkandi frá og með árinu 2012 með undantekningu árið 2015. Árin 2016 og 2017 voru sveitarfélög, sem voru með neikvæða afkomu, A- og B-hluta samtals, fimm hvort ár.

Bolungarvíkurkaupstaður var með halla af reglulegri starfsemi samkvæmt ársreikningi sveitarfélagsins í átta ár á þessu 16 ára tímabili. Rauðu súlurnar sýna ár þar sem Bolungarvíkurkaupstaður var með hallarekstur. Eins og skýrt kemur fram á myndinni hefur átt sér stað mikil breyting í rekstrarafkomu Bolungarvíkurkaupstaðar á þessu tímabili. Fyrstu átta árin var tekjuafgangur einungis tvö ár. Síðustu átta árin var tekjuafgangur í sex ár og þá neikvæð afkoma einungis í tvö ár.

Í 64. gr. sveitarstjórnarlaga er ákvæði um rekstrarafkomuna en greinin hljóðar þannig:

Vidmiðanir um afkomu og fjárhagsstöðu sveitarfélaga.

Sveitarstjórn ber að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum.

Skyldu skv. 1. mgr. skal sveitarstjórn fullnægja m.a. með því að:

- 1. samanlögð heildarútgjöld til rekstrar vegna A- og B-hluta í reikningsskilum skv.*

60. gr. séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærrí en nemur samanlögðum reglulegum tekjum, og

2. heildarskuldir og skuldbindingar A- og B-hluta í reikningsskilum skv. 60. gr. séu ekki hærrí en nemur 150% af reglulegum tekjum.

Ráðherra skilgreinir í reglugerð nánar þau viðmið sem lögð eru til grundvallar skv. 2. mgr., þar á meðal um útgjöld, tekjur, eignir, skuldir og skuldbindingar og aðlögun sveitarfélaga að þeim. Þar skal jafnframt heimilt að undanþiggja nánar tilgreindar skuldir eða skuldbindingar einstakra sveitarfélaga þannig að þær hafi engin eða aðeins hlutfallsleg áhrif skv. 2. tölul. 2. mgr.

Ákvæði lagagreinarinnar er skýrt um það, að heildarútgjöld til rekstrar A- og B-hluta séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærrí en nemur samanlögðum reglulegum tekjum. Þannig má ljóst vera að jöfnuður á að vera í rekstri fyrir óreglulega liði og lagaákvæðið heimilár t.d. ekki að nýta megi sér söluhagnað vegna sölu eigna til að ná jöfnuði í rekstri sveitarfélaga.

Tafla 12: Rekstrarafkoma árin 2002 til 2017 hjá Bolungarvíkurkaupstað, A- hluti og A- og B-hluti samtals, í milljónum króna á verðlagi hvers árs

	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	Samtals
A-hluti	-40	-13	-12	-44	-4	-79	-104	71	11	-37	-4	26	-3	-32	-7	50	-221
A- og B-hluti	-78	-44	-48	-69	6	-79	-116	179	29	-26	25	96	6	-10	9	45	-73

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, ársreikningar

Tafla 12 sýnir rekstrarniðurstöðu hjá Bolungarvíkurkaupstað árin 2002 til 2017 fyrir A-hluta og A- og B-hluta samtals í milljónum króna á verðlagi hvers árs.

Eins og taflan sýnir var niðurstaða rekstrar jákvæð hjá A-hluta fjórum sinnum á þessu 16 ára tímabili, þ.e. árin 2009, 2010, 2013 og 2017 og þá hallarekstur hin 12 árin. Samtals var niðurstaða af rekstri A-hluta árin 2002 til 2017 á verðlagi hvers árs neikvæð um 221 milljón króna.

Þegar samstæðureikningurinn er skoðaður, þ.e. A- og B-hluti samtals, var tekjuafgangur á rekstri í átta ár á þessu tímabili, þ.e. árin 2006, 2009, 2010, 2012, 2013, 2014, 2016 og 2017. Samtals var afkoman neikvæð hjá A- og B-hluta á þessu tímabili á verðlagi hvers árs um 73 milljónir króna.

TEKJUR

Þegar kemur að tekjuhlíðinni er rétt að bera tekjur Bolungarvíkurkaupstaðar saman við tekjur 10 sveitarfélaga, fimm stærri og fimm minni hvað íbúafjölda varðar miðað við íbúafjölda 1. janúar 2018.

Tafla 13: Skatttekjur samtals á hvern íbúa í þúsundum króna hjá samanburðar sveitarfélögum 2002 til 2017

	Fjöldi íbúa í janúar 2018	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Seyðisfjarðarkaupstaður	676	316	325	341	372	421	492	525	536	557	564	614	654	693	732	797	834
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	690	384	373	414	431	544	566	659	677	678	713	714	764	809	808	850	849
Hrunamannahreppur	774	312	320	320	369	412	468	503	511	531	592	602	646	663	687	810	847
Grundarfjarðarbær	877	293	296	314	356	409	470	497	497	509	571	611	663	689	740	798	837
Blönduóssbær	895	304	321	322	363	427	489	494	518	502	570	590	651	711	746	838	865
Bolungarvíkurkaupstaður	945	267	277	291	322	415	424	469	540	475	543	590	605	682	770	828	878
Pingeyjarsveit	962	305	324	356	395	445	528	543	575	586	664	644	726	783	820	901	949
Eyjafjarðarsveit	1.016	283	296	315	377	395	487	500	530	545	579	614	644	676	741	823	854
Vesturbyggð	1.024	316	324	349	382	496	593	586	556	593	601	634	665	717	789	891	948
Bláskógabyggð	1.115	329	356	360	435	473	476	559	610	577	644	674	711	750	818	872	913
Stykkishólmsbær	1.177	269	276	311	338	417	492	510	537	521	561	634	655	699	759	809	822

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, ársreikningar

Tafla 13 sýnir skatttekjur samtals á íbúa á verðlagi hvers árs hjá samanburðar sveitarfélögum í þúsundum króna, fimm stærri sveitarfélög og fimm minni að íbúafjölda en Bolungarvíkurkaupstaður miðað við íbúafjölda 1. janúar 2018.

Eins og taflan sýnir var Bolungarvíkurkaupstaður með lægstu skatttekjur á hvern íbúa af samanburðar sveitarfélögum árin 2002 til og með 2014 með nokkrum undantekningum. Í þeim tilfellum þar sem skatttekjur á íbúa voru hærri en í Bolungarvíkurkaupstað eru þær rauðletraðar. Á árunum 2015, 2016 og 2017 verður breyting þar sem sveitarfélögum með hærri skatttekjur á hvern íbúa en í Bolungarvíkurkaupstað fækkar í þessum samanburði. Árið 2017 voru þrjú sveitarfélög í þessum samanburði með hærri skatttekjur á hvern íbúa en Bolungarvíkurkaupstaður. Árið 2017 voru skatttekjur á hvern íbúa Bolungarvíkurkaupstaðar 878 þúsund krónur. Hæstar voru skatttekjurnar í Pingeyjarsveit þar sem þær voru 949 þúsund krónur á hvern íbúa.

Tafla 14: Greining á skatttekjum á íbúa hjá 11 samanburðar sveitarfélögum árið 2017 í þúsundum krónum

	Seyðisfjarðarkaupstaður	Skeiða- og Gnúpverjahreppur	Hrunamannahreppur	Grundarfjarðarbær	Blönduóssbær	Bolungarvíkurkaupstaður	Pingeyjarsveit	Eyjafjarðarsveit	Vesturbyggð	Bláskógabyggð	Stykkishólmsbær	Meðaltal 11 sveitarfélög	Meðaltal öll sveitarfélög
Íbúafjöldi í janúar 2018	676	690	774	877	895	945	962	1.016	1.024	1.115	1.177	10.151	348.450
Útsvar	511	452	466	524	474	529	462	482	507	458	502	488	528
Fasteignaskattur	103	283	152	93	83	54	151	67	52	297	97	128	110
Framlög úr jöfnunarsjóði	201	111	222	187	288	286	308	304	371	151	198	243	117
Aðrar tekjur með skattgildi	20	2	8	33	20	10	28	2	19	7	26	16	13
Skatttekjur samtals	834	849	847	837	865	878	949	854	948	913	822	875	769

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, ársreikningar

Tafla 14 sýnir skatttekjur skipt eftir skattstofni á hvern íbúa í 11 samanburðar sveitarfélögum, meðaltal þessara 11 sveitarfélaga og meðaltal fyrir öll sveitarfélög árið 2017.

Eins og fram kemur í töflunni voru útsvarstekjur á íbúa hæstar hjá Bolungarvíkurkaupstað af samanburðar sveitarfélögum. Útsvarstekjur á íbúa í Bolungarvíkurkaupstað voru einnig aðeins yfir landsmeðaltalinu árið 2017. Landsmeðaltalið var 528 þúsund krónur á hvern íbúa til samanburðar við 529 þúsund krónur í Bolungarvíkurkaupstað.

Öll sveitarfélögin nema eitt voru með hærri fasteignaskatt á hvern íbúa en Bolungarvíkurkaupstaður og munar þar verulega. Í Bolungarvíkurkaupstað var fasteignaskattur á hvern íbúa 54 þúsund krónur til samanburðar við 128 þúsund krónur

að meðaltali fyrir samanburðar sveitarfélögin og 110 þúsund krónur fyrir öll sveitarfélög á landinu að meðaltali. Þannig var fasteignaskattur á hvern íbúa um 56 þúsund krónum lægri í Bolungarvíkurkaupstað en að meðaltali fyrir landið allt. Miðað við 945 íbúa gerir það samtals um 53 milljónir króna í lægri tekjur.

Fjögur sveitarfélög í þessum samanburði voru með framlög úr Jöfnunarsjóði á íbúa hærri en Bolungarvíkurkaupstaður. Hér þarf að skoða þessi framlög sérstaklega þar sem framlög vegna málefna fatlaðs fólks geta skekkt myndina þar sem sum sveitarfélög kunna að fá framlög vegna annarra sveitarfélaga, þar sem þau annast málaflokkinn fyrir þau og þá fá þau sveitarfélög ekki framlög. Framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á hvern íbúa árið 2017 voru vel yfir meðaltalinu fyrir öll sveitarfélög á landinu hjá Bolungarvíkurkaupstað.

Af samanburðar sveitarfélögunum voru sex með hærri aðrar tekjur með skattaígildi en Bolungarvíkurkaupstaður. Þessar tekjur á hvern íbúa voru lægri hjá Bolungarvíkurkaupstað en meðaltalið fyrir öll sveitarfélög og einnig meðaltalið fyrir samanburðar sveitarfélögin.

Þegar skatttekjur eru teknar samtals vegna ársins 2017 voru þrjú sveitarfélög með hærri skatttekjur á hvern íbúa í þessum samanburði en Bolungarvíkurkaupstaður. Skatttekjur að meðaltali fyrir landið allt voru 769 þúsund krónur á hvern íbúa til samanburðar við 878 þúsund krónur hjá Bolungarvíkurkaupstað. Þannig voru skatttekjur hjá Bolungarvíkurkaupstað árið 2017 um 109 þúsund krónum hærri á hvern íbúa en meðaltal fyrir öll sveitarfélög árið 2017.

Á sama hátt voru skatttekjur að meðaltali fyrir þessi 11 samanburðarsveitarfélög 875 þúsund krónur á hvern íbúa til samanburðar við 878 þúsund krónur hjá Bolungarvíkurkaupstað, eða mismunur sem nemur 3.000 krónum á hvern íbúa, sem skatttekjurnar voru hærri hjá Bolungarvíkurkaupstað.

Tafla 15: Framlög til 11 samanburðar sveitarfélaga frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga árið 2017 önnur en vegna málefna fatlaðs fólks í þúsundum króna

	Seyðis- fjarðar- kaupstaður	Skeiða- og Gnúpverja- hreppur	Hruna- manna- fjarðar- hreppur	Grundar- fjarðar- bær	Blöndu- össbær	Bolungar- víkur- kaupstaður	Þingeyjar- sveit	Eyja- fjarðar- sveit	Vestur- byggð	Blá- skóga- byggð	Stykkis- hólms- bær	Samtals 11 sveitar- félög	Samtals öll sveitar- félög
Íbúafjöldi 1. janúar 2018	676	690	774	877	895	945	962	1.016	1.024	1.115	1.177	10.151	348.450
Íbúafjöldi 1. janúar 2017	650	594	773	869	866	908	915	1.015	1.030	1.026	1.168	9.814	338.349
Framlög vegna sameiningar sveitarfélaga				2.316								2.316	195.481
Framlög vegna fjárhagserfðileika												0	160.000
Tekjujöfnunarframlög				4.376	3.129	5.524		38.140				51.169	1.250.000
Útgjaldajöfnunarframlög	41.636		86.358	100.098	117.353	135.226	139.904	152.921	180.804		123.144	1.077.444	9.806.560
Jöfnunarframlög til reksturs grunnskóla	25.049	50.659	46.382	25.454	83.075	76.184	92.950	83.409	111.994	99.436	55.030	749.622	8.165.328
Framlög vegna sérþarfa fatlaðra nemenda	1.350		1.350	2.700	2.700	6.650	1.350	9.350	4.050	1.350	6.750	37.600	2.178.974
Framlög vegna nýbúafraeðslu	1.170		1.408	1.170	1.300	2.340	260	780	4.289	520	260	13.497	282.852
Framlög vegna almennra húsaleigubóta	36	22	24	34	2.171	27	68	32	31	29	25	2.499	24.702
Framlög vegna sérstakra húsaleigubóta												0	36.043
Framlög vegna jöfnunar fasteignaskattstekna	65.199	25.199	34.746	28.731	48.984	51.183	60.465	24.393	76.612	65.626	44.420	525.558	4.508.736
Framlög til eflingar tónlistarnámi	89				139		7	6.564	409		2.269	9.477	536.700
Framlög vegna tekna af skatti á fjármálafyrirtæki	1.275	998	1.347	1.577	1.517	1.689	1.567	1.767	1.942	1.735	2.143	17.557	650.000
Framlög vegna skólubóta og önnur framlög												0	75.824
Samtals	135.804	76.878	171.615	166.456	260.368	278.823	296.571	317.356	380.131	168.696	234.041	2.486.739	27.871.200

Heimild: Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Tafla 15 sýnir framlög til samanburðarsveitarfélaganna í þúsundum króna árið 2017 úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga önnur en vegna málefna fatlaðs fólks. Einnig sýnir taflan framlögin samtals til þessara sveitarfélaga og til allra sveitarfélaga samtals.

Tafla 16: Framlög á hvern íbúa til 11 samanburðarsveitarfélaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga árið 2017 önnur en vegna málefna fatlaðs fólks í þúsundum króna

	Seyðis- fjarðar- kaupstaðu	Skeiða- og Gnúpverja- hreppur	Hruna- manna- hreppur	Grundar- fjarðar- bær	Blöndu- óssbær	Bolungar- víkur- kaupstaður	Pingeyjar- sveit	Eyja- fjarðar- sveit	Vestur- byggð	Blá- skóga- byggð	Stykkis- hólms- bær	Meðaltal 11 sveitar- félög	Meðaltal öll sveitar- félög
Íbúafjöldi 1. janúar 2018	676	690	774	877	895	945	962	1.016	1.024	1.115	1.177	10.151	348.450
Íbúafjöldi 1. janúar 2017	650	594	773	869	866	908	915	1.015	1.030	1.026	1.168	9.814	338.349
Framlög vegna sameiningar sveitarfélaga					3							0,228	1
Framlög vegna fjárhagsferðleika													0,459
Tekjujöfnunarframlög					5	3	6	38				5	4
Útgjaldajöfnunarframlög	62		112	114	131	143	145	151	177	0	105	106	28
Jöfnunarframlög til reksturs grunnskóla	37	73	60	29	93	81	97	82	109	89	47	74	23
Framlög vegna sérþarfa fatlaðra nemenda	2		2	3	3	7	1	9	4	1	6	4	6
Framlög vegna nýbúafræðslu	2		2	1	1	2	0,270	1	4	0,466	0,221	1	1
Framlög vegna almennra húsaiegubóta	0,053	0,032	0,031	0,039	2,426	0,029	0,071	0,031	0,030	0,026	0,021	0,246	0,071
Framlög vegna sérstakra húsaiegubóta													0,103
Framlög vegna jöfnunar fasteignaskattstekna	96	37	45	33	55	54	63	24	75	59	38	52	13
Framlög til eflingar tónlistamámi	0,132				0,155		0,007	6	0,399		2	1	2
Framlög vegna tekna af skatti á fjármálafyrirtæki	2	1	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2
Framlög vegna skólubóta og önnur framlög													0,218
Samtals	201	111	222	190	291	295	308	312	371	151	199	245	80

Heimild: Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Tafla 16 sýnir framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á hvern íbúa í þúsundum króna til 11 samanburðarsveitarfélaganna, meðaltalið fyrir þessi sveitarfélög og meðaltalið á hvern íbúa miðað við landið allt, miðað er við íbúafjölda 1. janúar 2018. Framlög vegna málefna fatlaðs fólks eru hér ekki meðtalin.

Rauða letrið sýnir framlög sem voru hærri en hjá Bolungarvíkurkaupstað. Þrjú sveitarfélög í þessum samanburði voru með hærri framlög samtals á hvern íbúa en Bolungarvíkurkaupstaður.

Tafla 17: Útsvar, fasteignaskattur, tekjujöfnunarframlög og framlög vegna jöfnunar fasteignaskattstekna frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga árið 2017 á hvern íbúa í þúsundum króna hjá samanburðar sveitarfélögum

	Seyðisfjarðar- kaupstaður	Skeiða- og Gnúp- verjahreppur	Hrunamanna- hreppur	Grundar- fjarðar- bær	Blöndu- óss- bær	Bolungarvíkur- kaupstaður	Pingeyjar- sveit	Eyja- fjarðar- sveit	Vestur- byggð	Bláskóga- byggð	Stykkis- hólms- bær	Meðaltal 11 sveitarfélög	Meðaltal öll sveitarfélög
Íbúafjöldi í janúar 2018	676	690	774	877	895	945	962	1.016	1.024	1.115	1.177	10.151	348.450
Útsvar	511	452	466	524	474	529	462	482	507	458	502	488	528
Tekjujöfnunarframlög				5	3	6		38				5	4
Samtals	511	452	466	529	478	535	462	519	507	458	502	493	532
Fasteignaskattur	103	283	152	93	83	54	151	67	52	297	97	128	110
Framlög vegna jöfnunar fasteignaskattstekna	96	37	45	33	55	54	63	24	75	59	38	52	13
Samtals	200	320	197	126	137	108	213	91	126	356	134	180	123
Samtals	710	771	663	649	611	637	675	573	633	814	636	668	651

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, ársreikningar og Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Tafla 17 sýnir útsvar, fasteignaskatt, tekjujöfnunarframlög og framlög vegna jöfnunar fasteignaskattstekna frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga árið 2017 á hvern íbúa hjá samanburðar sveitarfélögum. Jafnframt sýnir taflan meðaltalið fyrir þessi sveitarfélög og meðaltalið fyrir landið allt.

Eins og taflan sýnir voru sex sveitarfélög af samanburðar sveitarfélögum með hærri tekjur á hvern íbúa en Bolungarvíkurkaupstaður þegar útsvar og fasteignaskattur með tekjujöfnunarframlagi og framlagi til jöfnunar fasteignaskattstekna eru borin saman.

Það vekur athygli hversu mikill ójöfnuður er á milli sveitarfélaganna þegar fasteignaskattur með framlagi frá Jöfnunarsjóði vegna jöfnunar fasteignaskattstekna er skoðaður. Bláskógabyggð sem var með hæsta fasteignaskatt á hvern íbúa í þessum samanburði, eða 297 þúsund krónur á hvern íbúa, fær síðan jöfnunarframlag að upphæð

59 þúsund krónur á hvern íbúa. Samtals eru tekjur vegna fasteignaskatts hjá þessu sveitarfélagi á hvern íbúa með jöfnunarframlagi vegna fasteignaskattstekna 356 þúsund krónur til samanburðar við t.d. Bolungarvíkurkaupstað þar sem fasteignaskatturinn með framlaginu var 108 þúsund krónur á hvern íbúa. Eða mismunur sem nemur 248 þúsund krónum á hvern íbúa. Miðað við íbúafjöldann í Bolungarvíkurkaupstað í janúar 2018, 945 íbúa, gerir þetta samtals 234 milljónir króna í mismun hjá þessum tveimur sveitarfélögum.

Þegar útsvarstekjur, fasteignaskattstekjur, tekjujöfnunarframlög og framlög vegna jöfnunar fasteignaskattstekna á hvern íbúa eru tekin saman samtals voru fjögur af samanburðar sveitarfélögum með lægri tekjur á hvern íbúa en Bolungarvíkurkaupstaður. Þessar tekjur hjá Bolungarvíkurkaupstað voru lægri en meðaltalið fyrir þessi sveitarfélög og meðaltalið fyrir öll sveitarfélög á landinu. Hæstar voru þessar tekjur samtals hjá Bláskógabyggð þar sem þær voru samtals 814 þúsund krónur á hvern íbúa. Til samanburðar voru þær 637 þúsund krónu á hvern íbúa hjá Bolungarvíkurkaupstað, eða mismunur sem nam 177 þúsund krónum á hvern íbúa.

Tafla 18: Skattaálagningarlutfall hjá 11 samanburðar sveitarfélögum árið 2017

	Seyðisfjarðar- kaupstaður	Skeiða- og Gnúp- verjahreppur	Hrunamanna- hreppur	Grundar- fjarðarþær	Blönduóss- bær	Bolungarvíkur- kaupstaður	Píngeyjar- sveit	Eyjaafjarðar- sveit	Vestur- byggð	Bláskóga- byggð	Stykkis- hólmþær
Íbúafjöldi í janúar 2018	676	690	774	877	895	945	962	1.016	1.024	1.115	1.177
Álagning útsvars	14,52%	14,48%	14,52%	14,52%	14,52%	14,52%	14,52%	14,52%	14,52%	14,52%	14,37%
Fasteignaskattur, A-flokkur, íbúðarhúsnæði	0,625%	0,500%	0,590%	0,500%	0,500%	0,500%	0,625%	0,410%	0,500%	0,600%	0,500%
B-flokkur, opinberar stofnanir	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%
C-flokkur, verslunar og iðnaðarhúsnæði	1,650%	1,650%	1,320%	1,650%	1,600%	1,650%	1,650%	1,200%	1,650%	1,400%	1,650%
Lóðarleiga, A-flokkur	2,00%		0,50%	2,00%	2,00%	1,40%	1,00%	0,75%	3,75%	0,70%	1,18%
Lóðarleiga, B-flokkur	2,00%		0,50%	4,00%	2,00%	2,00%	1,00%	0,75%	3,75%	0,70%	2,15%

Heimild: Árbók sveitarfélaga 2017

Tafla 18 sýnir skattaálagningarlutfall hjá 11 samanburðar sveitarfélögum á árinu 2017. Eins og taflan sýnir voru tvö af samanburðar sveitarfélögum ekki með útsvarspróséntuna í hámarki, rauðletrað.

Fjögur af samanburðarsveitarfélögum voru með hærri álagningarprósentu fasteignaskatts á íbúðarhúsnæði en Bolungarvíkurkaupstaður. Tvö sveitarfélög voru með álagninguna í hámarki með álagi, þ.e. 0,625%. Bolungarvíkurkaupstaður ásamt fimm öðrum sveitarfélögum í þessum samanburði var með álagninguna í hámarki án álags, þ.e. 0,500%. Eitt sveitarfélag var með álagningapróséntuna lægri en Bolungarvíkurkaupstaður.

Leggja má á 0,5% fasteignaskatt í þessum flokki. Síðan er heimilt að leggja tímabundið allt að 25% álag ofan á hámarkið og fara með fasteignaskattinn í allt að 0,625%.

Sjö sveitarfélög, þ.m.t. Bolungarvíkurkaupstaður, voru með álagningu í C-flokki í hámarki með álagi, þ.e. 1,650%.

Lóðarleiga hjá þessum sveitarfélögum vegna íbúðarhúsnæðis var frá 0,50%, þar sem álagningin var lægst, í 3,75% þar sem hún var hæst. Hjá Bolungarvíkurkaupstað var leigan 1,40%.

Lóðarleiga vegna atvinnuhúsnæðis var lægst 0,50% en hæst 4,00%. Lóðarleiga vegna atvinnuhúsnæðis hjá Bolungarvíkurkaupstað var 2,00%.

Tafla 19: Skattálagningarhlutfall og gjaldtaka hjá 11 samanburðar sveitarfélögum árið 2019

	Seyðisfjarðar- kaupstaður	Skeiða- og Gnúp- verjahreppur	Hrunamanna- hreppur	Grundar- fjarðarþær	Blönduóss- bær	Bolungarvíkur- kaupstaður	Þingeyjar- sveit	Eyjafjarðar- sveit	Vestur- byggð	Bláskóga- byggð	Stykkis- hólmur
Íbúafjöldi í janúar 2018	676	690	774	877	895	945	962	1.016	1.024	1.115	1.177
Álagning útsvars %	14,52%	14,48%	14,52%	14,52%	14,52%	14,52%	14,52%	14,52%	14,52%	14,52%	14,52%
Fasteignastuðull 2018 (sérbylí/fjölbylí)	0,52/0,61	0,79/0,97 ¹⁾	0,81/0,88 ²⁾	0,82/1,00	0,58/0,66	0,46/0,50	0,65/- ³⁾	0,75/- ⁴⁾	0,40/-	0,81/0,92 ⁵⁾	0,95/1,18
Fasteignaskattur, A-liður % af fm	0,625%	0,40%	0,50%	0,50%	0,50%	0,50%	0,625%	0,41%	0,450%	0,5%	0,39%
Fasteignaskattur, B-liður % af fm	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%
Fasteignaskattur C-liður % af fm	1,65%	1,65%	1,32%	1,65%	1,65%	1,65%	1,65%	1,20%	1,650%	1,42%	1,57%
Fráveitugjald % af fm	0,34%		0,25%	0,2%/0,4%	0,25%	0,3%	0,12%		0,40%	0,25%	0,20%/0,24%
Vatnsgjald % af fm	0,32%/0,45%		0,25%/0,15%		0,275%	0,4%	0,21%		0,45%/0,5	0,3%	
Sorphreinsgjald	18.890	29.400	15.000		22.150	27.950			28.215	27.772	
Sorpeyðingargjald	8.285	16.800	21.500		22.150	21.950			32.500	21.658	
Sorphreinis- og -eyðingargjald samtals	27.175	46.200	36.500	44.000	44.300	49.900	46.350	0	60.715	49.430	49.600
Lóðaleiga, A-liður % af lm	2,0%		0,5%	2,0%	2,0%	1,4%	1,0%	0,75%	3,750%	1,0%	1,10%
Lóðaleiga, B- og C-liður % af lm	2%/0,4%		0,5%	4,0%	2,0%	2,5%	1,0%	0,75%	3,750%	1,0%	2,15%
Fjöldi gjalddaga	8	9	8	10		10	8		9	6	9
1) Árnæssvæðið											
2) Flúðir											
3) Suður-Þingeyjarsýsla											
4) Stór-Eyjafjarðarsvæðið											
5) Laugarvatn											

Heimild: Heimisíður viðkomandi sveitarfélaga og Þjóðskrá Íslands

Tafla 19 sýnir álagningu útsvars, fasteignaskatts, holræsagjalds, vatnsgjalds, sorphreinsi- og sorpeyðingargjalds og lóðarleigu hjá samanburðar sveitarfélögum á árinu 2019. Einnig sýnir taflan fasteignamatstuðul í þessum sveitarfélögum. Hafa ber í huga að fasteignamatstuðullinn getur verið mismunandi innan sama sveitarfélags, sjá athugasemd í töflunni. Einnig að í sumum tilfella eru upplýsingar um álagningu ekki alveg tæmandi.

Útsvarið er veigamesti tekjustofn sveitarfélaga. Það er dregið af launum launþega ásamt tekjuskatti ríkisins. Útsvarsprósentan getur verið mismunandi frá einu sveitarfélagi til annars. Samkvæmt tekjustofnalögum getur útsvarsprósentan hæst verið 14,52% en lægst 12,44%. Eins og taflan sýnir er eitt af samanburðar sveitarfélögum með útsvarsprósentuna ekki í hámarki árið 2019, sjá rauðletruð álagning.

Fasteignaskattur, sem lagður er á fasteignamat húsnæðis og lóðar, skiptist í þrennt:

A-skattur er lagður á íbúðarhúsnæði og getur verið allt að 0,5% af fasteignamati.

B-skattur er lagður á ýmsar opinberar byggingar og er 1,32% af fasteignamati.

C-skattur er lagður á atvinnuhúsnæði og annað húsnæði, sem ekki fellur undir A- eða B-skatt, og getur verið allt að 1,32% af fasteignamati.

Heimilt sveitarstjórn að hækka álagningu A- og C-skatta um allt að 25%. Hámarksálagning A-skatts er þá 0,625% og C-skatts 1,65% með álagi.

Eins og taflan sýnir eru tvö sveitarfélög af samanburðarsveitarfélögum með fasteignaskatt í A-lið í hámarki með álagi. Fimm sveitarfélög eru með fasteignaskatt í A-lið í hámarki án álags, þ.e. 0,5%, og er Bolungarvíkurkaupstaður eitt af þeim. Þrjú sveitarfélög af þessum eru með álagningarprósentuna lægri. Hafa ber í huga að skoða þarf einnig matsstuðulinn þegar fasteignaskattur er borinn saman á milli sveitarfélaga, sjá hér síðar.

Álagningarprósentu í B-lið er bundin í lög, 1,32%, og er því sú sama hjá öllum sveitarfélögum. Hér er um að ræða húsnæði í eigu hins opinbera.

Álagning í C-lið getur verið allt að 1,32%. Hins vegar er sveitarfélögum heimilt að leggja allt að 25% álag á þennan tekjustofn og fara með hann í allt að 1,65%. Sjö af samanburðar sveitarfélögum nýttu sér heimild til að vera með hámarks álag ofan á hámark fasteignaskatts í C-flokki. Bolungarvíkurkaupstaður er eitt af þeim, en þar var álagningin 1,650%.

Varðandi önnur gjöld og lóðarleigu bera að hafa í huga að í sumum tilfella er ekki um tæmandi upplýsingar að ræða.

Gera verður nokkurn greinarmun á framangreindum sköttum og skattígildi annars vegar og holræsagjaldi, vatnsgjaldi, sorphreinsgjaldi og sorpeyðingargjaldi hins vegar. Annars vegar er um skatt að ræða og hins vegar gjöld. Gjöldin eru lögð á samkvæmt ákveðinni samþykkt þar um og eru eingöngu ætluð til að standa undir kostnaði við rekstur holræsa og vatnsveitu, við sorphreinsun og sorplosun. Rétt er að hafa í huga að álagningarprósenta fasteignaskatts getur haft áhrif á framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna jöfnunar á fasteignaskattstekjum og framlagi vegna tekjujöfnunar.

Taflan sýnir einnig matsstuðul fasteignamats eins og hann er í þessum sveitarfélögum eða innan þeirra fyrir árið 2019. Ljóst er að hann getur verið mjög mismunandi og því gefur það ekki alveg rétta mynd að skoða eingöngu álagningarhlutfallið þegar verið er að bera fasteignaskatt saman á milli sveitarfélaga.

Tafla 20: Matsstuðull 2019 og álagningarprósenta fasteignaskatts árið 2019 hjá samanburðar sveitarfélögum. Verðmat eigna í þúsundum króna

	Seyðisfjarðar- kaupstaður	Skeiða- og Gnúp- verjahreppur	Hrunamanna- hreppur	Grundar- fjarðarhær	Blönduóss- hær	Bolungarvíkur- kaupstaður	Þingeyjar- sveit	Eyjafjarðar- sveit	Vestur- byggð	Bláskóga- byggð	Stykkis- hólmshær
Íbúafjöldi í janúar 2018	676	690	774	877	895	945	962	1.016	1.024	1.115	1.177
Útsvarstekjur á hvern íbúa árið 2017	511	452	466	524	474	529	462	482	507	458	502
Fasteignastuðull 2018 (sérbylí/fjölbylí)	0,52/0,61	0,79/0,97 ¹⁾	0,81/0,88 ²⁾	0,82/1,00	0,58/0,66	0,46/0,50	0,65/- ³⁾	0,75/- ⁴⁾	0,40/-	0,81/0,92 ⁵⁾	0,95/1,18
Fasteignaskattur, A-liður % af fm	0,625%	0,40%	0,50%	0,50%	0,50%	0,50%	0,625%	0,41%	0,450%	0,5%	0,39%
Matseining 10.000 þús. kr. matsstuðull 1,00 sérbylí	5.200	7.900	8.100	8.200	5.800	4.600	6.500	7.500	4.000	8.100	9.500
Matseining 10.000 þús. kr. matsstuðull 1,00 fjölbylí	6.100	9.700	8.800	10.000	6.600	5.000				9.200	11.800
Fasteignaskattur, sérbylí, í krónum	32.500 kr	31.600 kr	40.500 kr	41.000 kr	29.000 kr	23.000 kr	40.625 kr	30.750 kr	18.000 kr	40.500 kr	37.050 kr
Fasteignaskattur, fjölbylí, í krónum	38.125 kr	38.800 kr	44.000 kr	50.000 kr	33.000 kr	25.000 kr				46.000 kr	46.020 kr
Álagningarprósenta 0,625% hjá öllum, sérbylí	32.500 kr	49.375 kr	50.625 kr	51.250 kr	36.250 kr	28.750 kr	40.625 kr	46.875 kr	25.000 kr	50.625 kr	59.375 kr
Álagningarprósenta 0,625% hjá öllum, fjölbylí	38.125 kr	60.625 kr	55.000 kr	62.500 kr	41.250 kr	31.250 kr				57.500 kr	73.750 kr

Heimild: Árbók sveitarfélaga 2018, heimasíður viðkomandi sveitarfélaga og Þjóðskrá Íslands

Tafla 20 sýnir útsvarstekjur í þúsundum króna á íbúa í samanburðar sveitarfélögum árið 2017, fasteignamatsstuðullinn 2019 í hverju þessara sveitarfélaga og samanburð á verði sambærilegra eigna í þessum sveitarfélögum. Þar sem verðið er 10.000.000 kr. er matsstuðullinn 1,00, hlutfallsleg álagning fasteignaskatts og álagning í krónum talið miðað við álagningarhlutfall og matsstuðul í þessum sveitarfélögum.

Í lokin sýnir taflan hver álagningin yrði í krónum talið ef álagning á fasteignaskatti væri í hámarki með álagi í öllum sveitarfélögum, þ.e. 0,625% álagning.

Eins og taflan sýnir fæst alls ekki rétt mynd af samanburði á fasteignaskatti með því eingöngu að líta á álagningarprósentuna. Fjórða og fimmta lína neðan frá sýna álagningu fasteignaskatts í þessum sveitarfélögum miðað við álagningarprósentuna árið 2019 og mismunandi matsstuðla í þessum sveitarfélögum. Miðað er við sambærilegar íbúdir með mismunandi matsstuðla sem gefnir eru út af Þjóðskrá Íslands og fasteignamatið byggir á.

Eins og taflan sýnir er álagningin í krónum talið næst lægst í Bolungarvíkurkaupstað fyrir sérbyli í þessum samanburði og lægst fyrir fjölbýli.

Eins og taflan sýnir er álagning fasteignaskatts í krónum talið nokkuð mikið lægri hjá Bolungarvíkurkaupstað en hjá flestum þessara samanburðar sveitarfélaga miðað við álagninguna árið 2019.

Tafla 21: Áhrif á framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna hækkunar á fasteignaskatti

Fasteignaskattsframlag 2018			
Álagning a-hluta	Skiptiprósentu	Framlag 2018	Áhrif v/lækkunar
0,50%	1,13%	54.424.368	
0,55%	1,21%	58.274.429	3.850.060
0,60%	1,29%	62.118.257	7.693.888
0,625%	1,33%	64.037.838	9.613.470
Tekjuföfnunarsframlag 2018			
Álagning	Hámarkstekjur á íbúa	Framlag 2018	Breyting á framlagi
0,500%	617.194	28.294.061	
0,55%	621.268	24.478.019	-3.816.042
0,60%	625.336	20.668.154	-7.625.907
0,625%	627.367	18.765.533	-9.528.528
Samanlögð áhrif			
Álagning	Samtals breyting á framlögum		
0,50%			
0,55%	34.018		
0,60%	67.981		
0,63%	84.942		

Heimild: Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Tafla 21 sýnir hver áhrifin hefði orðið á framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga ef fasteignaskattsprósentu vegna íbúðarhúsnæðis hefði verið hærri í Bolungarvíkurkaupstað árið 2018 en hún var.

Samkvæmt reglum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga varðandi framlög vegna jöfnunar fasteignaskattstekna skerðist framlagið ef fasteignaskattsprósentan er ekki í hámarki með álagi samkvæmt reglum þar um.

Skýrsluhöfundur óskaði eftir upplýsingum frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga hver áhrifin hefðu orðið árið 2018 á framlög sjóðsins til Bolungarvíkurkaupstaðar ef fasteignaskattur á íbúðarhúsnæðis hefði verið hækkaður í hámarks álagningu með álagi.

Eins og fram kemur á töflu 21 hefði framlag vegna jöfnunar fasteignaskattstekna hækkað um 9,6 milljónir króna ef álagningin hefði verið með hámarksálagi, þ.e. 0,625%.

En með því hefðu tekjur á hvern íbúa hækkað, sem lagðar eru til grundvallar þegar tekjuföfnunarsframlag er skoðað og reiknað. Eins og fram kemur á töflu 21 hefði það framlag lækkað nánast um sömu upphæð og framlagið vegna jöfnunar fasteignaskattstekna hefði hækkað, þ.e. tekjuföfnunarsframlagið hefði lækkað um 9,5 milljónir króna. Áhrifin nettó á framlög jöfnunarsjóðs vegna þessa hefðu orðið 85 þúsund krónur til lækkunar.

Reglur sjóðsins virka þannig að ef sveitarfélag fær tekjuföfnunarsframlag er líklegt að hækkan á framlagi vegna jöfnunar á fasteignaskatttekjum eða álagning fasteignaskatts í hámarki með álagi leiði til lækkunar á tekjuföfnunarsframlagi.

Fái sveitarfélag hins vega ekki tekjuföfnunarsframlag skerðast framlög Jöfnunarsjóðs ekki vegna jöfnunarsframlags varðandi fasteignaskattstekjur.

Það er mat skýrsluhöfundar eftir að hafa skoðað þetta frekar að þessar reglur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga geta leitt til enn frekari ójafnaðar varðandi tekjur á milli sveitarfélaga þegar skatttekjur, tekjuföfnunarförlag og förlag vegna jöfnunar fasteignaskattstekna frá Jöfnunarsjóði eru tekin saman á hvern íbúa. Þetta kemur skýrt fram í töflu 17 hér að framan.

Rétt er að fram komi að skýrsluhöfundur hefur nýverið skoða þennan samanburð fyrir Sveitarfélagið Árborg þar sem áhrifin voru þau sömu og fram koma hér fyrir Bolungarvíkurkaupstað.

Tafla 22: Álagningarstofn fasteignaskatts hjá Bolungarvíkurkaupstað árið 2019, álagningarprósenta og mögulegar tekjur miðað við hámarks álagningu, allt í þús. kr.

	Álagningar- stofn 2018	Álagningar- stofn 2019	Hækkun á mati í %	Álagninga árið 2019 í %	Álagning 2019 með álagi í %	Álagning 2019 í krónum	Álagning 2019 með álagi í krónum	Mismunur á óbreyttri álagningu og álagningu með álagi
A-liður	4.781.551	5.330.923	11,5%	0,500%	0,625%	26.655	33.318	6.664
B-liður	340.041	366.219	7,7%	1,32%	1,32%	4.834	4.834	0
C-liður	1.504.808	1.602.046	6,5%	1,65%	1,65%	26.434	26.434	0
Samtals	6.626.400	7.299.188				57.922	64.586	6.664

Heimild: Bolungarvíkurkaupstaður

Tafla 22 sýnir álagningarstofn fasteigna 2018 og 2019, álagningu 2019 og hver hefði mögulega verið hækkun tekna ef 25% álag ofan á fasteignaskatt í A-flokki hefði verið nýtt að fullu árið 2019.

Ef 25% álag á hámarksálagningu A-flokks hefði verið nýtt að fullu á árinu 2019 hefði það gefið 6,7 milljónir króna í auknar tekjur miðað við álagningu ársins 2019.

Samkvæmt reglum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga varðandi útreikning á jöfnun fasteignaskattstekna, sbr. hér að framan, myndi förlagið hækka til sveitarfélagsins ef fasteignaskatturinn er hækkaður og verða í hámarki ef álagið væri lagt á að fullu. Hins vegar þarf að skoða hvaða áhrif það hefði á tekjuföfnunarförlagið, sbr. hér að framan. Með hliðsjón af því að útsvarstekjur hjá sveitarfélaginu hafa farið hækkandi síðustu ár hefur það leitt til lækkunar á tekjuföfnunarförlaginu frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Þannig að ef sú þróun heldur áfram er líklegt að hækkun fasteignaskatts muni leiða til aukins förlags frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Þetta þarf að skoða vel fyrir árið 2020 að öllu öðru óbreyttu.

Tafla 23: Lóðamat árið 2019 hjá Bolungarvíkurkaupstað og möguleg hækkun á lóðarleigu í þúsundum króna

	Lóðamat	Lóðamat	Hækkun á mati	Lóðarleiga		Lóðarleiga		Mismunur
	2018	2019		2019		2019, hækkuð		
Íbúðarlóðir	386.856	421.019	8,8%	1,40%	5.894	2,00%	8.420	2.526
Atvinnulóðir	158.931	169.637	6,7%	2,50%	4.241	3,00%	5.089	848
Samtals	545.787	590.656			10.135		13.509	3.374

Heimild: Bolungarvíkurkaupstaður

Tafla 23 sýnir lóðamat hjá sveitarfélaginu árið 2018 og 2019 og mögulega tekjuaukningu við hækkun á lóðarleigu miðað við árið 2019.

Eina og taflan sýnir hefðu tekjur sveitarfélagsins árið 2019 aukist um 2.526 þúsund krónur ef lóðarleiga á íbúðarhúsnæði hefði verið 2,0% í stað 1,4% árið 2019. Og um 848 þúsund krónur ef lóðarleiga á atvinnulóðum hefði verið 3,00% í stað 2,50% árið 2019. Eða samtals tekjuaukning um 3,4 milljónir króna. Hafa ber í huga, eins og komið hefur

fram hér að framan, að fasteignamat er lágt í Bolungarvíkurkaupstað samanborið við samanburðar sveitarfélögin en launatekjur háar. Þetta ber að hafa í huga þegar álagningarhlutfallið er ákveðið.

LAUN

Launagjöld sveitarfélaga er stór þáttur í rekstri þeirra. Heildarlaunagjöld allra sveitarfélaga, sem hlutfall af tekjum samtals, A-hluti, á árinu 2017, voru 53%. Hlutfallið hefur verið að hækka og lækka á milli síðustu ára samtals hjá öllum sveitarfélögum.

Tafla 24: Launagjöld, A-hluti, sem hlutfall af tekjum hjá 11 samanburðar sveitarfélögum árin 2002 til 2017

	Íbúafjöldi í janúar 2018	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Seyðisfjarðarkaupstaður	676	48%	50%	53%	56%	60%	51%	54%	57%	58%	54%	47%	47%	49%	50%	50%	50%
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	690	40%	43%	41%	42%	36%	36%	35%	35%	39%	36%	41%	37%	36%	42%	36%	41%
Hrunamannahreppur	774	51%	54%	56%	55%	53%	49%	48%	51%	52%	51%	50%	50%	53%	50%	53%	
Grundarfjarðarbær	877	55%	61%	58%	52%	58%	53%	53%	53%	54%	50%	44%	47%	49%	54%	54%	55%
Blönduóssbær	895	44%	40%	42%	43%	43%	44%	44%	48%	51%	48%	49%	46%	47%	49%	48%	52%
Bolungarvíkurkaupstaður	945	56%	61%	59%	67%	57%	60%	55%	49%	54%	49%	49%	50%	51%	56%	55%	54%
Pingeyjarsveit	962	44%	47%	47%	51%	48%	44%	49%	50%	48%	45%	62%	58%	54%	65%	54%	54%
Eyjafjarðarsveit	1.016	51%	52%	49%	47%	49%	45%	49%	47%	46%	48%	51%	49%	50%	52%	49%	54%
Vesturbyggð	1.024	55%	51%	51%	49%	43%	41%	40%	47%	55%	54%	51%	53%	46%	50%	53%	51%
Bláskógabyggð	1.115	49%	49%	50%	53%	51%	50%	46%	46%	49%	45%	42%	40%	40%	43%	43%	46%
Stykkishólmsbær	1.177	56%	63%	49%	53%	57%	56%	58%	61%	64%	58%	52%	56%	58%	55%	55%	61%
Meðaltal 11 sveitarfélög	10.151	50%	52%	51%	52%	51%	48%	48%	50%	52%	49%	49%	49%	49%	52%	50%	52%
Meðaltal öll sveitarfélög		52%	53%	51%	50%	48%	44%	49%	52%	52%	51%	50%	50%	52%	54%	51%	53%

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, ársreikningar

Tafla 24 sýnir launagjöld án breytinga vegna lífeyrisskuldbindinga sem hlutfall af tekjum hjá 11 samanburðar sveitarfélögum. Fimm fjölmennari og fimm með færri íbúa en Bolungarvíkurkaupstaður. Neðst í töflunni er sýnt meðaltal fyrir þessi sveitarfélög og öll sveitarfélög á landinu.

Eins og taflan sýnir voru tvö af samanburðar sveitarfélögum með laun sem hlutfall af tekjum hærri en hjá Bolungarvíkurkaupstað árið 2017. Hlutfallið hjá Bolungarvíkurkaupstað var 54% árið 2017, til samanburðar var það að meðaltali fyrir þessi 11 sveitarfélög 52% og að meðaltali fyrir öll sveitarfélög á landinu var það 53%.

Rauðu prósentutölurnar í töflunni sýna þau sveitarfélög sem voru með hærri hlutfall en Bolungarvíkurkaupstaður á hverju ár.

Tafla 25: Launagjöld og breytingar vegna lífeyrisskuldbindinga, A-hluti, sem hlutfall af tekjum hjá 11 samanburðar sveitarfélögum árin 2002 til 2017

	Íbúafjöldi í janúar 2018	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Seyðisfjarðarkaupstaður	676	50%	51%	59%	63%	60%	55%	59%	59%	59%	58%	50%	50%	53%	56%	56%	54%
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	690	40%	43%	41%	42%	36%	36%	35%	35%	39%	36%	41%	37%	36%	42%	36%	41%
Hrunamannahreppur	774	51%	54%	56%	55%	53%	49%	48%	51%	52%	52%	51%	50%	50%	53%	50%	53%
Grundarfjarðarbær	877	56%	62%	58%	53%	60%	54%	54%	53%	55%	51%	44%	47%	50%	56%	55%	61%
Blönduóssbær	895	46%	40%	44%	43%	46%	48%	46%	48%	51%	50%	52%	48%	49%	53%	51%	54%
Bolungarvíkurkaupstaður	945	60%	63%	60%	70%	59%	61%	57%	50%	55%	51%	51%	49%	52%	57%	56%	55%
Pingeyjarsveit	962	44%	47%	47%	51%	48%	44%	49%	50%	48%	45%	62%	58%	54%	65%	54%	54%
Eyjafjarðarsveit	1.016	51%	52%	49%	47%	49%	45%	49%	47%	46%	48%	51%	49%	50%	52%	49%	54%
Vesturbyggð	1.024	55%	55%	54%	51%	45%	43%	41%	48%	56%	57%	53%	54%	47%	53%	55%	53%
Bláskógabyggð	1.115	49%	49%	50%	53%	51%	50%	46%	46%	49%	45%	42%	40%	40%	43%	43%	46%
Stykkishólmsbær	1.177	56%	63%	52%	53%	59%	60%	62%	62%	64%	59%	54%	58%	58%	57%	56%	66%
Meðaltal 11 sveitarfélög	10.151	51%	53%	52%	53%	52%	50%	50%	50%	52%	50%	51%	50%	49%	54%	52%	54%
Meðaltal öll sveitarfélög		59%	57%	56%	56%	55%	47%	51%	52%	53%	55%	53%	51%	55%	61%	56%	57%

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 25 sýnir það sama og tafla 24 nema við launagjöldum hefur verið bætt við breytingar á lífeyrisskuldbindingum.

Lífeyrisskuldbindingar er orðin nokkuð hár útgjaldaliður hjá mörgum sveitarfélögum. Eins og tafla 24 sýnir voru launagjöld að meðaltali 53% af tekjum hjá öllum sveitarfélögum á landinu. Þegar breytingum á lífeyrisskuldbindingum hefur verið bætt við hækka hlutfallið í 57%, eða um 4%. Breytingar á lífeyrisskuldbindingum voru samtals fyrir öll sveitarfélög 14,4 milljarðar króna árið 2017.

Eins og fram kemur á töflunni voru tvö sveitarfélög af samanburðar sveitarfélögum með herra hlutfall launa og breytinga vegna lífeyrisskuldbindinga af tekjum sveitarfélaganna en Bolungarvíkurkaupstaður. Meðaltala allra sveitarfélaga var 57%. Var það herra en hjá Bolungarvíkurkaupstað þar sem hlutfallið var 55%.

Tafla 26: Launagjöld, í þúsundum króna, á hvern íbúa hjá 11 samanburðar sveitarfélögum árin 2002 til 2017

	Íbúafjöldi í janúar 2018	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Seyðisfjarðarkaupstaður	676	222	257	288	322	329	361	391	413	449	453	406	437	479	531	582	591
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	690	176	187	192	210	218	231	260	267	292	291	335	333	345	391	351	381
Hrunamannahreppur	774	201	229	237	274	287	295	314	346	355	394	402	418	448	501	548	598
Grundarfjarðarbær	877	197	220	218	229	283	304	322	322	335	343	335	381	405	483	529	607
Blönduóssbær	895	171	162	179	189	231	271	268	306	319	351	371	371	419	470	505	550
Bolungarvíkurkaupstaður	945	201	212	211	264	292	318	313	290	315	337	354	350	420	505	549	572
Pingeyjarsveit	962	203	233	253	305	330	358	289	322	330	350	479	500	521	633	584	606
Eyjafjarðarsveit	1.016	161	178	176	203	227	259	289	293	295	326	368	369	392	440	470	536
Vesturbyggð	1.024	191	193	210	232	273	294	367	361	398	415	407	432	460	537	597	654
Bláskógabyggð	1.115	191	213	236	282	311	286	294	333	340	349	340	340	359	408	430	489
Stykkishólmsbær	1.177	201	219	248	265	292	340	372	383	401	405	409	450	468	545	563	658
Meðaltal 11 sveitarfélög	10.151	192	208	222	251	279	302	318	332	348	366	384	400	431	498	523	572
Meðaltal öll sveitarfélög		177	182	195	217	251	241	266	279	288	331	342	347	395	471	470	521

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og Hagstofa Íslands

Tafla 26 sýnir launakostnað á hvern íbúa í viðkomandi sveitarfélagi hjá samanburðar sveitarfélögum árin 2002 til 2017.

Rautt letur er hjá þeim sveitarfélögum þar sem launakostnaður var hærri en hjá Bolungarvíkurkaupstað ár hvert.

Á árunum 2002 til 2007 var launakostnaður á hvern íbúa hjá Bolungarvíkurkaupstað hærri en meðaltalið hjá 11 samanburðar sveitarfélögum. Síðan árin 2008 til og með 2014 var launakostnaðurinn lægri hjá Bolungarvíkurkaupstað. Árin 2015 til og með 2017 var kostnaðurinn aftur orðinn hærri en meðaltalið hjá samanburðar sveitarfélögum hjá Bolungarvíkurkaupstað nema árið 2017 þegar kostnaðurinn var sá sami, þ.e. 572 þúsund krónur á hvern íbúa.

Tafla 27: Launagjöld hjá Bolungarvíkurkaupstað árin 2017 og 2018

Árið 2017	A-hluti	B-hluti	A- og B-hluti	Hlutfall af fóstum launum A- og B-hluti	A-hluti	B-hluti	Árið 2018	A-hluti	B-hluti	A- og B-hluti	Hlutfall af fóstum launum A- og B-hluti	A-hluti	B-hluti
	Fóst laun og dagvinnu	368.439.828	14.907.239	383.347.067	13,1%	10,0%		90,7%	Fóst laun og dagvinnu	391.131.067	19.278.807	410.409.874	14,9%
Fóst yfirvinnu	6.879.183	2.971.658	9.850.841	Fóst yfirvinnu			10.967.408		3.527.742	14.495.150			
Yfirvinnu, önnur	18.521.827	7.715.923	26.237.750	Yfirvinnu, önnur	22.999.144	7.737.828	30.736.972						
Álag (33%, 45%, 55%)	7.705.287	1.641.116	9.346.403	Álag (33%, 45%, 55%)	8.697.680	1.902.566	10.600.246						
Orlof á aðra yfirvinnu og álag	3.563.724	1.194.384	4.758.108	Orlof á aðra yfirvinnu og álag	4.266.960	1.231.682	5.498.642						
Orlof á dagvinnu	4.731.954	272.205	5.004.159	Orlof á dagvinnu	4.404.483	382.911	4.787.394						
Nefndir, ráð og stjórnir	6.767.975		6.767.975	Nefndir, ráð og stjórnir	8.372.819		8.372.819						
Bífreðastyrkir	2.774.860	132.000	2.906.860	Bífreðastyrkir	2.580.600	132.000	2.712.600						
Orlofs- og desemberuppbót	10.860.496	532.556	11.393.052	Orlofs- og desemberuppbót	11.563.430	609.770	12.173.200						
Fatapeningar			-	Fatapeningar			-						
Önnur laun	4.641.751	195.000	4.836.751	Önnur laun	4.244.238	136.500	4.380.738						
Launatengd gjöld	99.483.489	6.697.463	106.180.952	Launatengd gjöld	107.253.409	7.882.779	115.136.188						
Samtals	534.370.374	36.259.544	570.629.918	Samtals	576.481.238	42.822.585	619.303.823						

Heimild: Bolungarvíkurkaupstaður

Tafla 27 sýnir skiptingu launagjalda hjá Bolungarvíkurkaupstað árin 2017 og 2018, vegna A- og B-hluta.

Eins og taflan sýnir var yfirvinna og álag sem hlutfall af föstum launum 13,1% árið 2017 og 14,9% árið 2018, þ.e. A- og B-hluta samtals. Þannig hækkar þetta hlutfall á milli árunna. Hins vegar var hlutfallið nokkuð hátt hjá B-hluta stofnunum, eða 90,7% og 74,7 hvort ár, í samanburði við A-hlutann þar sem hlutfallið var 10,8% og 12,0% hvort ár.

Skýrsluhöfundur hefur ný lokið við úttekt á rekstri Sveitarfélagsins Árborgar. Hjá því sveitarfélagi var þetta hlutfall fyrir A- og B-hluta samtals 9,2%. Fyrir A-hlutann var það 8,8% árið 2017.

Hefði hlutfallið verið það sama hjá Bolungarvíkurkaupstað árið 2018 hjá A-hlutnaum, þ.e. 8,8%, í stað 12,0% eins og það var hefði yfirvinna með orlofi og álagi verið samtals 34,4 milljónir króna í stað 46,9 milljónir króna eins og það var, eða mismunur upp 12,5 milljónir króna.

Bifreiðastyrkir sem hlutfall af föstum launum var vel innan við 1% bæði árin. Hlutfallið lækkaði á milli árunna.

Nokkrir starfsmenn hjá sveitarfélaginu eru með fasta yfirtíð sem ætla má að eigi að ná yfir alla vinnu og óþægindi utan reglubundins vinnutíma. Dæmi eru um að starfsmenn með fasta yfirtíð hafa fengið greitt aukalega fyrir unna yfirtíð. Rétt er að fram komi að þetta er ekki algengt. Síðan hafa aðrir starfsmenn eingöngu fengið greidda yfirtíð ef hún er unnin.

STÖÐUGILDI

Miðað við 1. apríl 2018 voru samtals 69,1 stöðugildi hjá Bolungarvíkurkaupstað, A- og B-hluti.

Tafla 28: Fjöldi stöðugilda hjá samanburðar sveitarfélögum 1. apríl 2018, A- og B-hluti, og íbúafjöldi í janúar 2018

	Íbúafjöldi í janúar 2018	Fjöldi stöðugilda í apríl 2018	Fjöldi íbúa á hvert stöðugildi
Seyðisfjarðarkaupstaður	676	48,7	13,9
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	690	29,5	23,4
Hrunamannahreppur	774	66,7	11,6
Grundarfjarðarbær	877	57,8	15,2
Blönduóssbær	895	62,7	14,3
Bolungarvíkurkaupstaður	945	69,1	13,7
Pingeyjarsveit	962	70,4	13,7
Eyjafrjarsveit	1.016	62,3	16,3
Vesturbyggð	1.024	82,4	12,4
Bláskógabyggð	1.115	66,2	16,8
Stykkishólmsbær	1.177	109,1	10,8
Meðaltal 11 sveitarfélög	10.151	725	14,0

Heimild: Árbók sveitarfélaga 2018 og Hagstofa Íslands

Tafla 28 sýnir fjölda stöðugilda 1. apríl 2018 hjá samanburðar sveitarfélögum, A- og B-hluti, og fjöldi íbúa á hvert stöðugildi hjá hverju af samanburðar sveitarfélögum.

Þar sem íbúafjöldi sveitarfélaganna er nokkuð mismunandi er ekki rétt að horfa einungis á tölu stöðugilda. Jafnframt verður að hafa í huga að samsetning stöðugilda hjá

sveitarfélögum getur verið nokkuð mismunandi. Fjöldi íbúa á hvert stöðugildi gefur aftur á móti ákveðna vísbendingu. Hins vegar ber að hafa í huga að rekstur sveitarfélaga getur verið mismunandi, ef t.d. leikskólar eru reknir í einkaframkvæmd þá teljast stöðugildi þar ekki með o.s.frv. Einnig ef sveitarfélög erum með verkefni í byggðasamlögum þá teljast þau stöðugildi yfirleitt ekki með hjá viðkomandi sveitarfélögum. Gæta þarf að þessu við þennan samanburð.

Þegar fjöldi íbúa á hvert stöðugildi hjá samanburðar sveitarfélögunum er skoðaður í þessum samanburði voru þrjú þeirra með færri íbúa á hvert stöðugildi en Bolungarvíkurkaupstaður. Miðað við þennan samanburð kemur sveitarfélagið ekki vel út. Ef tekinn er launasamanburður þessara sömu sveitarfélaga, sjá töflu 24 og 25, þá var hlutfall launa af tekjum nokkuð hátt hjá Bolungarvíkurkaupstað miðað við samanburðar sveitarfélögin árið 2017. Þetta er í takti við stöðugildin, sbr. tafla 28.

Að meðaltali fyrir þessi sveitarfélög voru 14,0 íbúar á hvert stöðugildi miðað við apríl 2018. Rétt er að benda á að mismunurinn á milli sveitarfélaganna er nokkur í þessum samanburði.

Tafla 29: Fjöldi stöðugilda hjá Bolungarvíkurkaupstað í apríl ár hvert skipt eftir aðildarfélögum og fjöldi íbúa í janúar ár hvert

Ár	BSRB	BHM	KÍ	ASÍ	Annað	Samtals stöðugildi	Íbúafjöldi í janúar ár hvert	Fjöldi íbúa á hvert stöðugildi
2010	9,5	1,7	23,0	20,0	2,0	56,2	970	17,3
2011	10,6	1,7	21,5	18,8	2,0	54,6	888	16,3
2012	11,8	1,5	23,8	24,0	2,0	63,1	889	14,1
2013	12,6	1,5	20,9	26,1	2,0	63,1	918	14,5
2014	12,7	2,0	25,7	27,2	2,0	69,6	950	13,6
2015	12,3	1,6	26,7	23,6	1,6	65,7	923	14,0
2016	12,9	3,1	31,2	18,7	1,6	67,4	904	13,4
2017	14,8	2,8	28,2	22,2	1,6	69,6	908	13,0
2018	14,5	2,5	26,1	24,4	1,6	69,1	945	13,7
Breyting 2010 til 2018	5,0	0,8	3,2	4,4	-0,4	12,9	-25	-3,6
Breyting 2011 til 2018	3,9	0,8	4,6	5,6	-0,4	14,5	57	-2,6

Heimild: Árbók sveitarfélaga og Hagstofa Íslands

Tafla 29 sýnir fjölda stöðugilda hjá Bolungarvíkurkaupstað í apríl ár hvert árin 2010 til 2017, skipt eftir aðildarfélögum starfsmanna. Einnig sýnir taflan fjölda íbúa í janúar sömu ár og fjölda íbúa á hvert stöðugildi hjá sveitarfélaginu þessi ár.

Frá árinu 2011 til 2018 fjölgaði stöðugildum hjá Bolungarvíkurkaupstað um 14,5. Á sama tíma fjölgaði íbúum um 57 og fækkaði um 2,6 íbúa á hvert stöðugildi.

Eins og taflan sýnir hefur stöðugildum hjá sveitarfélaginu fjölgað nokkuð á þessu tímabili.

ANNAR REKSTRARKOSTNAÐUR

Eins og fram kemur hér að framan fóru 55% af tekjum Bolungarvíkurkaupstaðar, A-hluta, í launagjöld og breytingar vegna lífeyrisskuldbindinga árið 2017. Þannig að eftir stóðu 45% fyrir öðrum útgjöldum, fjármagnsgjöldum, afskriftum, afborgun lána og nýframkvæmdum árið 2017.

Tafla 30: Annar rekstrarkostnaður, A-hluti, sem hlutfall af tekjum hjá samanburðar sveitarfélögum árin 2002 til 2017

	Íbúafjöldi í janúar 2018	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Seyðisfjarðarkaupstaður	676	47%	48%	46%	44%	40%	40%	40%	43%	43%	39%	37%	40%	38%	39%	39%	36%
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	690	57%	53%	59%	58%	50%	52%	57%	55%	58%	53%	56%	54%	60%	59%	55%	52%
Hrunamannahreppur	774	41%	41%	43%	37%	40%	41%	43%	41%	44%	44%	47%	46%	48%	44%	40%	42%
Grundarfjarðarbær	877	34%	36%	32%	34%	41%	34%	38%	36%	39%	39%	41%	39%	37%	33%	33%	32%
Blönduóssbær	895	53%	50%	59%	62%	51%	46%	50%	46%	48%	42%	42%	42%	45%	45%	43%	41%
Bolungarvíkurkaupstaður	945	54%	39%	43%	38%	37%	51%	48%	28%	38%	45%	48%	45%	45%	42%	41%	37%
Pingeyjarsveit	962	55%	57%	54%	52%	48%	46%	53%	53%	52%	50%	42%	39%	40%	35%	37%	33%
Eyjafjarðarsveit	1.016	42%	46%	39%	38%	44%	42%	45%	39%	43%	41%	46%	43%	44%	41%	40%	40%
Vesturbyggð	1.024	37%	38%	41%	39%	39%	37%	60%	49%	42%	39%	38%	41%	47%	46%	38%	44%
Bláskógabyggð	1.115	49%	48%	52%	45%	41%	41%	44%	45%	48%	48%	49%	49%	50%	48%	47%	45%
Stykkishólmsbær	1.177	40%	37%	46%	45%	29%	26%	28%	28%	30%	31%	33%	32%	30%	33%	32%	28%
Meðaltal 11 sveitarfélög	10.151	46%	45%	47%	44%	41%	41%	46%	42%	44%	42%	43%	42%	43%	42%	40%	39%
Meðaltal öll sveitarfélög		42%	43%	41%	38%	38%	38%	45%	42%	40%	38%	38%	38%	39%	38%	35%	33%

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 30 sýnir annan rekstrarkostnað sem hlutfall af tekjum samanburðar sveitarfélaganna, A-hluta, meðaltalið fyrir þessi sveitarfélög og öll sveitarfélög á landinu. Annar rekstrarkostnaður er án launa, afskrifta og fjármagnsgjalda.

Eins og taflan sýnir var þetta hlutfall hærra hjá sex sveitarfélögum af samanburðar sveitarfélögum en hjá Bolungarvíkurkaupstað árið 2017. Hlutfallið er lægra hjá Bolungarvíkurkaupstað frá árinu 2003 til 2006 en meðaltalshlutfallið fyrir samanburðar sveitarfélögin þessi ár. Einnig árin 2009, 2010 og 2017.

Þar sem letur er rautt er hlutfallið hærra en hjá Bolungarvíkurkaupstað.

Til mikils er að vinna að ná öðrum rekstrarkostnaði niður. Ætla má að það sé hægt, t.d. með útboðum. Líka má gera ráð fyrir að hægt sé að ná þessum kostnaði niður að einhverju leyti með hagræðingu án þess að skerða þjónustu. Má þar nefna til viðbótar við útboð eftirfylgni og aga með kaupum á orku, endurskipulagningu á ræstingum o.s.frv.

Tafla 31: Yfirlit yfir kaup Bolungarvíkurkaupstaðar á orku frá Orkubúi Vestfjarða í þúsundum króna

Ár	Heit vatn	Rafmagn	Samtals
2014	16.313	31.890	48.203
2015	17.742	35.828	53.570
2016	18.590	38.188	56.778
2017	21.490	38.947	60.437
2018	20.045	39.005	59.049

Heimild: Bolungarvíkurkaupstaður

Tafla 31 sýnir kaup á orku frá Orkubúi Vestfjarða árin 2014 til 2018, annars vegar vegna rafmagns og hins vegar vegna kaupa á heitu vatni til húsa hitunar.

Eins og fram kemur á töflunni eru orkukaup Bolungarvíkurkaupstaðar orðin um 60 milljónir króna á ári.

Í sveitarfélaginu er heitt vatn, m.a. til húsa hitunar og í Sundlaug Bolungarvíkur, hitað upp með rafmagni. Kemur til greina að notast við varmadælu í því sambandi? Samkvæmt upplýsingum sem skýrsluhöfundur hefur aflað sér eru dæmi þess að hitunarkostnaður hafi lækkað um allt að 30% við að hita vatn með varmadælu í stað


Þess að nota eingöngu rafmagn. Dæmi er um að hagræðingin sé svo mikil að stofnkostnaður greiðist niður á nokkrum árum. Miðað við að kostnaður sveitarfélagsins við kaup á heitu vatni er um 20 milljónir króna á ári gæti þetta verið allt að 6 milljónir króna hagræðing miðað við eitt ár. Síðan kæmi til viðbótar lækkun á kostnaði hjá íbúum sveitarfélagsins.

STJÓRNSÝSLAN

Ekki hefur verið gert skipurit fyrir sveitarfélagið. Skipta má sveitarfélaginu í nokkrar starfseiningar, stofnanir.

Skrifstofa sveitarfélagsins er rekin í Ráðhúsi Bolungarvíkur. Þar er starfsstöð bæjarstjóra, fjármála- og skrifstofustjóra, markaðs- og kynningarfulltrúa, starfsmanns á tæknideild, aðalbókara, launafulltrúa (54%), skjalastjóra (54%), starfsmanns póstsins (50%) og félagsmálastjóra (80%). Síðan rekur sveitarfélagið grunnskóla, leikskóla, tónlistarskóla, íþróttamannvirki, þjónustumiðstöð (áhaldaús), eignasjóð og slökkvilið.

Mynd 7: Bæjarstjóri og hans næstu undirmenn



Mynd 7 sýnir bæjarstjóra og hans næstu undirmenn.

Samkvæmt framanrituðu heyrja 12 starfsmenn beint undir bæjarstjóra.

Tafla 32: Fjöldi stöðugilda á skrifstofum samanburðar sveitarfélaga í febrúar 2019

	Íbúa- fjöldi í janúar 2018	Sveitar- stjóri	Skrif- stofu- stjóri	Fjármála- stjóri	Bókari /aðal- bókari	Launa- full- trúi	Adal- bókar og launa- fulltrúi	Ritari	Þjónustu- fulltrúi/ gjaldkeri	Inn- heimtu- fulltrúi/ gjaldkeri	Sviðs- stjóri sjóm- sýslu- sviðs	Inn- heimta og skjala- gerð	Sam- tals almenn skrif- stofa	Fjöldi íbúa á hvert stöðu- gildi	Markaðs- meringra- / atvinnu- þróttu- fulltrúi	Byggingar- fulltrúi	Tækni- deild	Fræðsla- stjóri	Félags- mála- stjóri	Starfs- maður félags- þjónustu	Veitu- stjóri	Kerfi- stjóri	Þróttu- tömu- stunda- fulltrúi /þróttam.	Sam- tals	Fjöldi íbúa á hvert stöðu- gildi	
Seyðisfjarðarkaupstaður	676	1			0,5	0,5			1				3,0	225	1	1									5,00	135,2
Skeiða- og Gnúpsveit	690	1					1	1					3,0	230							1		0,5		3,00	230,0
Hrunamannshéppur	774	1	1		0,5	0,5							3,5	221											5,00	154,8
Grundarfjarðarbær	877	1	1		1	0,65			0,85				4,5	195	1	1									6,50	134,9
Blönduóssbær ¹⁾	895	1		0,5	0,5	1			0,2	1			4,2	213	0,5	1,5	1								7,20	124,3
Bolungarvíkurkaupstaður	945	1	0,5	0,5	1	0,54		0,54					4,1	232	1	1			0,8						6,88	137,4
Þingeyjarsveit ²⁾	962	1	1		1					0,6			3,6	267		1									4,60	209,1
Fjarfjarðarsveit ³⁾	1.016	1	1			1		1					4,0	254		0,33									4,33	234,6
Vesturbyggð	1.024	1	0,5	0,5	1	1		0,5		1		0,5	6,0	171	0,3	0,5	1	0,5	1	0,6		0,5	0,6	11,00	93,1	
Bláskógabyggð ⁴⁾	1.115	1			1	0,63					1	1	4,6	241											4,63	240,8
Stykkishólmur	1.177	1	0,5	0,5	1	1		1					5,0	235	1	1									7,00	168,1

1) Skipulags- og byggingarfulltrúi vinnur einnig fyrir önnur sveitarfélög í A-Húni.
 2) Skrifstofustjóri er í 100% starfi og sinnir m.a. starfi aðalbókara og launafulltrúa. Bókari er í 100% starfi og sinnir líka starfi ritara.
 3) Skrifstofustjóri er jafnframt fjármálastjóri og launafulltrúi er einnig bókari. Skipulags- og byggingarfulltrúi er sameiginlegt embætti með þremur öðrum sveitarfélögum.
 4) Auk þessa er oddviti í 50% starfsblutfalli, starfsmaður Heilsuefandi samfélags í 20% starfsblutfalli, svæðisstjóri veitu og framkvæmdassviðs í 100% starfsblutfalli og sameiginlegur ferðamálafulltrúi með uppveitum sem er í 100% starfsblutfalli sem skiptist hlutfallslega samkvæmt íbúafjölda á milli sveitarfélaga. Varðandi byggingarfulltrúi þá er hann samstarfsverkefni sveitarfélögunna og annarsstaðar til hása.

Heimild: Viðkomandi sveitarfélög

Tafla 32 sýnir fjölda stöðugilda á skrifstofum samanburðar sveitarfélaga eins og þau voru í febrúar 2019. Lögð er áhersla að taka verður þennan samanburð með nokkrum fyrirvara þar sem starfsemin á skrifstofunum geta verið nokkuð mismunandi.

Fjögur af samanburðar sveitarfélögum eru með fleiri íbúa á hvert stöðugildi við almenn skrifstofustörf en hjá Bolungarvíkurkaupstað.

Þingeyjarsveit var með 267 íbúa á hvert stöðugildi vegna almennra skrifstofustarfa. Til samanburðar var fjöldinn hjá Bolungarvíkurkaupstað 232 íbúar. Hafa ber í huga að t.d. rekur Þingeyjarsveit ekki höfn sem Bolungarvíkurkaupstaður gerir.

ALMENN SKRIFSTOFA

Á almennri skrifstofu sveitarfélagsins eru 3,08 stöðugildi auk bæjarstjóra, eða samtals 4,08 stöðugildi.

Fjármála- og skrifstofustjóri

Fjármála- og skrifstofustjóri heyrir undir bæjarstjóra og er staðgengill bæjarstjóra. Undir fjármála- og skrifstofustjóra heyra aðalbókari, sem er í 100% stöðugildi, launafulltrúi sem er í 54% stöðugildi og skjalastjóri sem er í 54% stöðugildi. Auk þess er starfsmaður í 50% stöðugildi sem annast verkefni póstsins og heyrir undir fjármála- og skrifstofustjóra. Sveitarfélagið hefur tekið að sér að reka póstpjónustu í sveitarfélaginu samkvæmt samningi við Póstinn.

Fram kom í máli fjármála- og skrifstofustjóra að ekki væri alveg skýrt hvort starfsmaður sem annast markaðs- og kynningarmál hjá sveitarfélaginu heyrir undir hann. Fjármála- og skrifstofustjóri fer yfir vinnustundir starfsmannsins og samþykkir þær.

Fjármála- og skrifstofustjóri annast greiðslu reikninga og samþykkir og setur í milliinnheimtu reikninga sem eru í vanskilum. Hann hefur yfirumsjón með álagningu fasteignagjalda og gerir breytingar á álagningu komi það upp innan ársins. Hann sér um afgreiðslu og millifærslur vegna frístundastyrkja til barna hjá sveitarfélaginu. Einnig heyra Holtabrunn 14 og 16, sem eru fjölbýlishús í eigu sveitarfélagsins, undir fjármála- og skrifstofustjóra.

Fjármála- og skrifstofustjóri annast bókanir og greiðslur vegna flugmiða. Annast upplýsingagjöf til Hagstofunnar.

Fram kom í máli fjármála- og skrifstofustjóra að hann vildi að meiri tími væri til ýmissa starfa tengdum fjármálum eins og að fylgja eftir fjárhagsáætlun o.s.frv. Töluvert af núverandi verkefnum gera ekki kröfu um háskólamenntun á sviði bókhalds og fjármála og mætti leysa af hendi með ódýrari hætti en af hálfu fjármálastjóra að mati fjármála- og skrifstofustjóra.

Fjármála- og skrifstofustjóri vinnur að gerð fjárhagsáætlunar í samvinnu við bæjarstjóra.

Aðalbókari

Aðalbókari bókar alla reikninga á viðeigandi deildir og lykla. Þeir reikningar sem berast ekki með rafrænni skeytamiðlun eru skannaðir inn og tengdir reikningunum í bókhaldskerfinu sem fer í svokallað uppáskriftarkerfi. Þar sjá forstöðumennirnir um reikninga inn á þeirra svæðum til að samþykkja. Er í samskiptum við forstöðumenn útaf reikningum og gætir þess að þeir liggja ekki of lengi inn í uppáskriftinni ósamþykktir. Þarf oft að reka á eftir forstöðumönnum en það virðist vera að batna verulega.

Aðalbókari annast bókhald og launagreiðslur fyrir Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða. Sér um ársreikninginn. Sendir mánaðarlega reikninga á sveitarfélögin og sendir reikninga einu sinni til tvisvar á ári fyrir sértekjum. Bókar alla reikninga og færir launin úr launakerfinu yfir í bókhaldskerfið. Sér um afstemmingu og upplýsingaöflun fyrir heilbrigðiseftirlitsfulltrúann.

Aðalbókari stemmir af alla bankareikninga hjá sveitarfélaginu, annast LDR afstemmingar og viðskiptamannaafstemmingar.

Fyrir Náttúrugripasafn og sjóminjasafnið Ósvör bókar aðalbókari uppgjörsskilagreinar frá söfnunum, sendir út reikninga og sér um afstemmingu á bankareikningum og deildunum.

Sendir út reikninga fyrir íþróttamiðstöðina Árbæ og bókar tekjur.

Sér um að færa launin úr launakerfinu yfir í bókhaldskerfið

Sér um að bóka öll skuldabréfin og færa áfallna vexti.

Sendir út reikninga fyrir mótuneytisnotkun og dægradvöl. Fær sent mánaðarlega skjal frá ritara Grunnskólans og vinnur út frá því.

Sér um að senda út reikninga fyrir hússjóðinn Aðalstræti 20 fyrir Byggingarfélag eldri borgara og greiða reikninga mánaðarlega fyrir byggingarfélagið.

Annast bókanir vegna innri leigu.

Afstemmir og bókar mánaðarlega vegna framlaga frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Vegna staðgreiðsla annast aðalbókari afstemmingu og bókun mánaðarlega.

Aðalbókari sendir aðra tilfallandi reikninga, t.d. slátt fyrir eldri borgara á sumrin, á ráðuneytið vegna ofanflóðasjóðs og þess háttar sem eru ekki reglulegir.

Í lok árs síðustu tvö ár hefir aðalbókari reiknað saman fatapeninga sem ófaglærðir starfsmenn eiga rétt á. Þetta er uppgjör sem fer fram í lok árs en ætti að greiðast mánaðarlega.

Auk þess annast aðalbókari almenna þjónusta við íbúa á skrifstofunni. Starfsmenn skrifstofunnar eru nokkuð aðgengilegir með opna skrifstofu og með tilliti til Landsbankans og póstsins er nokkuð um viðskiptavinum á skrifstofunni.

Fram kom hjá aðalbókara að miðað við tímann sem fór í verkefni aðalbókara þegar hann gegndi einungis aðalbókarastarfinu væri tími til að vinna önnur verkefni samhliða bókhaldinu.

Launafulltrúi

Launafulltrúi er í 54% starfshlutfalli. Hjá sveitarfélaginu eru um 121 starfsmaður á launaskrá að jafnaði. Nefndarlaun eru greidd út á þriggja mánaða fresti og þá eykst fjöldinn.

Jafnframt annast launafulltrúi launagreiðslur fyrir Náttúrustofu Vestfjarða. Þar eru á launaskrá sex til átta manns. Síðan koma greiðslur til stjórnar, þar eru 3 aðalmenn og 3 varamenn og síðan eykst starfsmannafjöldinn á sumrin í 15-20 manns. Jafnframt annast launafulltrúinn launagreiðslur fyrir Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða. Þar eru tveir starfsmenn.

Unnið er með Vinnustund hjá sveitarfélaginu og hefur fylgt því mikil hagræðing frá því sem áður var. Heimilishjálpin hefur ekki innleitt Vinnustund, þar er enn unnið með handskrifðar vinnuskýrslur. Jafnframt hefur verið nokkur misbrestur á því að starfsmenn grunnskólans vinni með Vinnustund. Hjá grunnskólanum vantar m.a. nokkuð upp á að veikindi og leyfi séu skráð í Vinnustund. Að öðru leyti heldur Vinnustund vel utan um veikindi og leyfi hjá öðrum stofnunum.

Fram kom hjá launafulltrúa að gott væri að fá frekari kennslu á virkni Vinnustundar.

Auk þess að sinna launamálum hefur launafulltrúi tekið að sér ýmis önnur verkefni. M.a. hefur launafulltrúi aðstoðað aðalbókara við að taka á móti reikningum og skráð þá og lyklað þannig að þeir séu tilbúnir til samþykktar fyrir forstöðumenn.

Aðra hverja viku leysir launafulltrúi, á móti skjalastjóra, af í póstafréttum vegna matarhlés starfsmanns þar á tímabilinu frá kl. 12 til 12:30.

Auk þessa eru ýmis önnur smá verkefni eins og símsvörun, afgreiðsla o.s.frv.

Það þarf tiltekt á launaliðunum. Samkvæmt upplýsingum sem skýrsluhöfundur hefur aflað sér þarf að laga til orlofið hjá öllum starfsmönnum svo hægt sé með einfaldri aðgerð mánaðarlega að færa orlofsskuldbindinguna í bókhaldið á allar deildir. Þetta er gert nú í árslok, þá tekur launafulltrúi saman excel skjal sem sent er til endurskoðandans og endurskoðandinn sendir á fjármálastjóra leiðréttingarskjal sem aðalbókari bókar eftir að árið er liðið. Kerfið býður upp á að hægt sé að skoða mánaðarlega skuldbindingu yfir árið sem er að líða á hverri deild.

Mikilvægt er að fatapeningar séu færðir mánaðarlega en ekki í lok árs eins og nú er gert.

Uppsetning á kjarasamningum í kerfinu. Kerfið sér um að starfsmenn tengdir vissum kjarasamningum hækka sjálfkrafa miðað við starfsaldur, orlof og þess háttar.

Ef uppsetningin er í lagi (sem hún er ekki núna) þá reiknar hún inn í launaáætlunina rétta launaflokka og rétt orlofsprósentu hlutfall á viðkomandi starfsmenn. Ef starfsmaður X hækkar á næsta ári um launaflokk og orlofsprósenta vegna starfsaldurs myndi launaáætlunin reikna það sjálfkrafa frá og með þeim mánuði sem viðkomandi

starfsmaður ætti að hækka. Launaáætlunin verður réttari fyrir vikið. Þetta kemur líka í veg fyrir mistök við útreikning launa.

Skjalastjóri

Skjalastjóri er í 54% starfshlutfalli. Vinnutími er aðra hvora viku frá kl. 8:00 til kl. 12:00 og frá kl. 9:00 til 13:00 hina vikuna.

Skjalastjóri annast skjalavörslu fyrir sveitarfélagið. Unnið er með mála- og skjalakerfi í OneSystem. Tekur á móti pósti og flokkar hann og skráir í skjalsafnið.

Skjalastjóri les yfir allar fundagerðir hjá nefndum og ráðum og leiðréttir málfarslega ef þarf.

Setur allar fundagerðir á heimasíðuna.

Útbýr fundarboð bæjarstjórnar.

Heldur utan um hverjir sitja fundi á vegum bæjarins vegna launagreiðslna til viðkomandi.

Auk þess að annast skjalavörslu sér skjalastjóri alfarið um öll aflagjöld vegna Bolungarvíkurhafnar. Í því fellst að skjalastjóri fær upplýsingar frá hafnarvog um magn landaðs afla í hverjum mánuði. Stemmir af magn og aflaverðmæti hjá hverjum viðskiptavini. Til þess skoðar skjalastjóri viðkomandi mánuð á hafnarvefnum hjá Fiskistofu. Einnig fær skjalastjóri upplýsingar frá GAFLINUM (hreyfingarlista kaupenda) til að bera saman við upplýsingar frá höfninni og Fiskistofu.

Gerir alla reikninga og sendir út vegna hafnarinnar.

Starfsmenn hafnarinnar sjá um önnur hafnargjöld en skjalastjóri gengur endanlega frá reikningum vegna þeirra. Jafnframt sér skjalastjóri um gerð reikninga vegna aukavatnsskatts, leikskólagjalda, tónlistarskólagjalda, húsaleigureikninga og heimilisþrifa.

Sendir mánaðarlega út reikninga til Náttúrustofu v/launaútreiknings - til Súðavíkurbrepps v/félagsmálþjónustu - mánaðarlega er sendur reikningur v/leigu á sandnámu.

Sendir árlega reikninga fyrir hundaleyfisgjöldum, leigu fyrir farsímastöð (SÍMINN) og leigu fyrir aðstöðu fyrir lofnet (NOVA), reikningar v/eldsneytisafgreiðslu (sent á þrjá staði).

Útbýr reikninga mánaðarlega v/hússjóðs í Holtabrun 14 og 16, ásamt að útbúa lista yfir tómar/leigðar íbúðir sem skjalastjóri lætur fylgja með.

Skjalastjóri leysir launafulltrúa af í fríum og forföllum. Annast jafnframt póstafrgreiðslu vegna matarhlés starfsmanns þar á móti launafulltrúa aðra hvora viku, sbr. hér að framan.

Markaðs- og kynningarfulltrúi

Aðalverkefni markaðs- og kynningarfulltrúa er að hafa yfirumsjón með vefsíðu sveitarfélagsins og samfélagsmiðlum og umsjón með hátíðum sem haldnar eru á vegum sveitarfélagsins. Þessar hátíðir eru:

- ✓ Þrettándinn

- ✓ SamFestingurinn
- ✓ Páskar og heimkomuhátíð
- ✓ Umhverfisátak
- ✓ Sjómannadagshelgi
- ✓ 17. júní
- ✓ Markaðshelgi
- ✓ Ástarvika
- ✓ Tendrun ljósanna

Auk þessa eru tilfallandi uppákomur eins og 100 ára fullveldi, vígsla hjúkrunarheimilis og fleira slíkt. Jafnframt minni uppákomur í kringum jól og áramót og páska.

Jafnframt hefur markaðs- og kynningarfulltrúi séð um félagsmiðstöðina Tópaz, og vinnur með ungmennaráði.

Félagsmiðstöðin Tópaz hefur aðsetur í grunnsólanum og er opin í tvo tíma, þriðjudags, fimmtudags- og föstudagskvöld meðan skólinn starfar. Frístundafulltrúi er ráðinn til viðveru í félagsmiðstöðinni en hlutverk markaðs- og kynningarfulltrúa er að halda utan um starfsemina í heild sinni og gera fjárhagsáætlun. Gerð var tilraun með ungmennahús en hún gekk ekki upp, en líkur eru á að af ungmennahúsi geti orðið þar sem krakkarnir þekkja til félagsmiðstöðvarinnar og gætu því haldið áfram að nota þá aðstöðu í ungmennahúsi. Það er nú orðið að föstum lið að fara á SamFestinginn en áður voru þessi ungmennamál í nokkuð lausum reipum og var stefnan að fara annað hvert ár en það gekk þó ekki alltaf eftir.

Markaðs- og kynningarfulltrúi hefur annast fjárhagsáætlunargerð vegna hátíðarhalda og verkefnastjórn, skipulag og framkvæmd viðburða. Jafnframt hefur hann annast styrkumsóknir. Sækir um styrki í Uppbyggingarsjóð Vestfjarða, Framkvæmdasjóð ferðamannastaða og Styrkvegassjóð Vegagerðarinnar. Einnig hefur hann annast umsóknir vegna brennuleyfa og skoteldasýninga.

Auk þessa hefur markaðs- og kynningarfulltrúi sinnt ýmis öðrum verkefnum. Tekur við styrkbeiðnum til sveitarfélagsins. Annast ritun fundargerða bæjarstjórnar, áður að fullu en nú í afleysingum. Ritun fundargerða menningar- og ferðamálaráðs og ungmennaráðs. Skipulagning íbúafunda og ritun fundargerða þeirra. Gerð og framsetning starfsmannakannana.

Hefur verið formaður kjörstjórnar og annast framkvæmd kjörfunda í tveimur alþingiskosningum, einum forsetakosningum og einum sveitastjórnarkosningum frá 2016.

Í ráðningasamningi eru verkefni talin upp sem hér segir:

- ✓ Almenn kynning á sveitarfélaginu
- ✓ Framkvæmdastjórn og kynning viðburða
- ✓ Umsjón með auglýsingargerð og birtingum
- ✓ Ritstjórn vefsvæða og samvinna við vefhönnuði um gagnvirkni vefsvæða
- ✓ Ritstjórn samfélagsmiðla í nafni Bolungarvíkurkaupstaðar
- ✓ Hönnun og uppsetning rafræna umsókna og eyðublaða
- ✓ Útgáfumál Bolungarvíkurkaupstaðar
- ✓ Umsjón með starfssemi Tópazar

Annast verkefnið „Betri Bolungarvík“ sem er umsjón með samfélagsvef um verkefnið, vinnsla hugmynda og framsetning í samráði við byggingarfulltrúa. Framkvæmd bréflagra kosninga en verkefnið er í raun þáttökufjárhagsáætlunargerð þar sem íbúum er boðið að taka þátt.

Allir viðburðir eru skipulagðir út frá fyrirfram gefnum fjárhag sem er í raun rammi hvers viðburðar, nema þegar eitthvað óvænt kemur uppá, þá er unnið í samráði við bæjarstjóra með fjárhag.

Verktaka sveitarfélagsins vegna pósthjónustu

Í árslok 2015 gerðu Bolungarvíkurkaupstaður og Íslandspóstur hf. samning um að sveitarfélagið taki að sér að annast pósthjónustu fyrir Íslandspóst hf. í sveitarfélaginu. Gegn ákveðinni þóknun. Um er að ræða alla almenna afgreiðslu pósthjónustunnar og dreifingu á pósti.

Vegna þessa samnings er starfsmaður í 50% starfshlutfalli á skrifstofu sveitarfélagsins sem annast póstaafgreiðslu þar. Pósturinn er opin frá kl. 10:00 til 15:00 alla virka daga. Starfsmaðurinn tekur hádegishlé kl. 12:00 til 12:30, á þeim tíma hefur póstaafgreiðslan verið opin og hafa tveir starfsmenn á skrifstofu sveitarfélagsins annast afgreiðsluna til skiptis viku í senn á þessum tíma. Samkvæmt upplýsingum starfsmanns í póstaafgreiðslu koma að jafnaði einn til fimm viðskiptamenn á þessum tíma.

Tveir starfsmenn annast póstdreifingu og eru starfsmenn sveitarfélagsins.

Samkvæmt yfirliti yfir launagreiðslur vegna pósthjónustunnar og greiðslna til sveitarfélagsins frá Íslandspósti hf árið 2018 vegna samningsins er nokkurn veginn jöfnuður þar á.


FÉLAGSÞJÓNUSTA

Félagsmálastjóri er í 80% starfshlutfalli hjá Bolungarvíkurkaupstað og 20% starfshlutfalli hjá Súðavíkurhreppi. Bolungarvíkurkaupstaður fær síðan sem samsvarar 20% af launum félagsmálastjóra greitt frá Byggðasamlagi Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks, sem er skilgreint sem stjórnun og ráðgjöf í þjónustu við fatlað fólk í sveitarfélögunum. Félagsmálastjóri er einn dag í viku í Súðavíkurhreppi.

Félagsmálastjóri hefur yfirumsjón með félagshjónustu í sveitarfélaginu. Er með starfsfólk í félagslegri heimaþjónustu, 2,5 stöðugildi, og félagstarfi aldraðra, 0,5 stöðugildi. Jafnframt í liðveislu, sem er yfirleitt alltaf unnin í tímavinna, að jafnaði sem samsvarar á milli 1 og 2 stöðugildum. Nú í byrjun árs 2019 eru níu starfsmenn í liðveislu, sumir aðeins með nokkra tíma á mánuði, en aðrir upp í 50% starf sem samsvarar tæplega tveim stöðugildum samtals. Síðan er ferðaþjónusta fatlaðra sem er sinnt af verktökum. Félagsmálastjóri gerir samning við verktaka um þjónustuna. Félagsmálastjóri gerir tímatöflur varðandi aksturinn.

Auk þessa annast félagsmálastjóri félagslega ráðgjöf og fjárhagsaðstoð, ráðgjöf í málefnum fatlaðra, stefnumótun í félagshjónustu og er í verkefnahópi Byggðarsamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks.

Mynd 8: Fjöldi þeirra sem fengu fjárhagsaðstoð árin 2009 til 2018 ásamt veittri fjárhagsaðstoð



Heimild: Bolungarvíkurkaupstaður

Mynd 8 sýnir fjölda þeirra sem fengu fjárhagsaðstoð á árunum 2009 til 2018 og upphæð fjárhagsaðstoðar samtals ár hvert.

Eins og myndin sýnir er fjöldi þeirra sem fengu fjárhagsaðstoð á tímabilinu 2009 til 2018 nokkuð breytilegur á milli ára. Einnig hefur veitt fjárhagsaðstoð frá árinu 2013 farið lækkandi á milli ára. Var hæst árið 2013 eða samtals 5,5 milljónir króna. Var komin niður í 2,7 milljónir króna árið 2018. Lægt var fjárhagsaðstoðin árið 2011, eða 2,2 milljónir króna.

Að sögn félagsmálastjóra getur fjárhagsaðstoð verið annars vegar til framfærslu og hins vegar "heimildagreiðslur", sem er þá oft greiðsla á sálfræðitímum. Það er breytilegt hversu marga mánuði á ári aðilar hafa fengið fjárhagsaðstoð. Fáir eru að fá fjárhagsaðstoð til framfærslu í langan tíma. Yfirleitt er þetta tímabundin aðstoð.

Ekki liggja fyrir nákvæmar tölur um veitta félagslega ráðgjöf. Félagsleg ráðgjöf getur verið mis umfangsmikil að sögn félagsmálastjóra. Stundum einungis símtal eða fólk kemur í viðtal í eitt skipti. Slík samskipti eru ekki skráð. Síðan fá aðrir umfangsmeiri þjónustu, fá t.d. fjárhagsaðstoð og/eða liðveislu og talsvert mikla aðstoð við samskipti við aðrar stofnanir. Ráðgjöf í málefnum fatlaðra er einnig nokkuð umfangsmikil og tengsl við aðra þjónustuaðila þeirra, teymisfundir o.fl.

Félagsmálastjóri áætlað að hann veiti félagslega ráðgjöf til á milli 50 og 100 aðila á ári hverju. Málin eru misjafnlega umfangsmikil. Fólki kemur í félagslega ráðgjöf m.a. varðandi réttindi, veikindi, uppeldismál, skilnaði, umgengismál o.s.frv.

Mikið af tíma félagsmálastjóra fer í verkstýringu á starfsfólki að sögn hans. Varðandi félagslega heimaþjónustu gerir félagsmálastjóri mat á þjónustuþörf. Félagsmálastjóri er með verkstjóra í heimaþjónustunni, sem annast verkstjórn og innlit.

Í heimaþjónustu eru 2,5 stöðugildi, samanber hér að framan. Eitt stöðugildi er í verkstjórn og innlitum og annarri aðstoð og 1,5 stöðugildi er í þrífum, stuðningi við heimilishald og innlitum.

Í félagslegri liðveislu störfuðu í byrjun árs 2019 níu starfsmenn. Í janúar (2019) fóru samtals 325 klukkustundir í liðveislu sem gerir tæp 2 stöðugildi samtals. Liðveisla hefur aukist nokkuð síðastliðin misseri og ár.

Þjónustuþegar í félagslegri heimaþjónustu eru 20 til 30. Árið 2018 fengu 26 heimili félagslega heimaþjónustu og þar búa samtals 43 einstaklingar. Einhver fleiri heimili gætu verið að fá innlit frá verkstjóra í heimaþjónustu sem er ekki skráð hjá félagsmálastjóra að sögn hans.

Sveitarfélagið er með heimsendan mat fyrir eldri borgara sem framleiddur er á hjúkrunarheimilinu. Verkstjórnin í félagslegri heimaþjónustu sér um að keyra matinn til þjónustuþega.

Matur er keyrður heim til sjö til 15 aðila að sögn félagsmálastjóra. Í mars 2019 fengu 10 einstaklingar matarbakka. Nokkrir þeirra búa í íbúðunum fyrir ofan hjúkrunarheimilið og starfsmenn eldhússins færa þeim bakkana. Fyrir júl 2018 fengu 12 einstaklingar matarbakka um tíma.

Í mars 2014 var gerður samningur á milli Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða (HV) og Bolungarvíkurkaupstaðar um kaup á mat og tengdri þjónustu. Samningurinn átti að gilda til 1. september 2014. Ekki hefur verið gerður nýr samningur skv. upplýsingum frá sveitarfélaginu en unnið hefur verið áfram samkvæmt samningnum. Í samningnum segir m.a. að HV taki að sér að veita hádegismat alla sjö daga vikunnar. Samkvæmt ákvæði samningsins tók Bolungarvíkurkaupstaður að sér að greiða 38% af launakostnaði eins starfsmanns og greiðir 800 kr. fyrir hverja máltíð eins og fram kemur í samningnum. Árið 2018 var greitt fyrir hverja máltíð 1.000 kr. auk launakostnaðar fyrir hvern starfsmann.

Tafla 33: Kostnaður vegna heimsends matar árið 2018

Greidd laun 2018 vegna starfsmanns í mótuneyti	2.863.712
Fjöldi máltíða samtals 1.778 og verð á máltíð 1.000 kr.	<u>1.778.000</u>
Samtals	4.641.712
<u>Greitt af þjónustuþegum fyrir 1.778 máltíðir á 1.000 kr. máltíðin</u>	<u>1.778.000</u>
Kostnaður Bolungarvíkurkaupstaðar	2.863.712
Miðað við 1.778 máltíðir kostaði hver máltíð	2.611

Heimild: Bolungarvíkurkaupstaður

Tafla 33 sýnir kostnað vegna heimsendingar matar árið 2018

Eins og fram kemur í töflunni greiddi sveitarfélagið 1.000 kr. fyrir hverja máltíð og þjónustuþegar sömu upphæð. Jafnframt eins og fram kemur var allur umfram kostnaður við heimsendan mat launakostnaðurinn sem greiddur var vegna starfsmanns í mötuneyti hjúkrunarheimilisins, eða samtals 2.864 þúsund krónur. Erfitt er að færa rök fyrir því að réttlæta það að sveitarfélagið sé að taka á sig þennan kostnað fyrir ríkissjóð. Samkvæmt því sem fram kemur í töflunni kostaði hver máltíð fyrir Bolungarvíkurkaupstað 2.611 krónur.

Samkvæmt upplýsingum sem skýrsluhöfundur hefur greiðir Seltjarnarnesbær til dæmis í dag fyrir heimsendan mat 1.215 kr. til verktaka og er heimsendingakostnaður innifalinn í verðinu. Samanborið við að Bolungarvíkurkaupstaður greiddi á árinu 2018 2.611 kr. fyrir hverja máltíð og annaðist jafnframt heimsendinguna á matnum að hluta.

Árið 2019 er Bolungarvíkurkaupstaður að greiða 1.200 kr. til HV vegna hvernar máltíðar auk framangreinds launakostnaðar. Telja verður að verðið 1.200 kr. sé eðlileg þóknun fyrir hverja máltíð.

Barnverndarmálum er sinnt af Ísafjarðarbæ samkvæmt samkomulagi þar um.

Félagastarf aldraðra fer fram alla virka daga eftir hádegi og stendur yfir frá kl. 13:00 til 16:00. Fer fram í kjallaranum í Hvíta húsinu. Þar er starfsmaður í 50% starfi sem heyrir undir félagsmálastjóra.

Félagsmálastjóri var reglulega með ráðgjöf í grunnskólanum en dregið hefur úr þeirri ráðgjöf.

Var alltaf með fasta viðveru í skólanum tvisvar í viku þar sem hann sinnti félagslegri ráðgjöf við nemendur og kennara. Hefur ekki haft mikinn tíma til að sinna þessu að undanförunu en vonast til að geta gert meira af því.

Dagforeldrar hafa heyrt undir félagsmálastjóra en það eru engir dagforeldrar starfandi í dag (febrúar 2019).

Rekið er byggðasamlag um málefni fatlaðra á Vestfjörðum.

Um er að ræða fjögur þjónustusvæði sem níu sveitarfélög eiga aðild að: Ísafjarðarbær, Strandabyggð, Árneshreppur, Reykhólahreppur, Kaldrananeshreppur, Vesturbyggð, Tálknafjörður, Bolungarvíkurkaupstaður og Súðavík. Á svæðinu starfa fjórir félagsmálastjórar.

Framlög vegna málefna fatlaðs fólks greiðast til byggðarsamlagsins frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og einnig greiða sveitarfélögin hlutdeild þeirra í útsvarsprósentunni til byggðasamlagsins. Síðan sér byggðasamlagið um ráðstöfun á framlögunum eftir því hvar kostnaðurinn fellur til. Byggðasamlagið hefur stjórn og framkvæmdastjóra. Síðan starfar verkefnahópur sem eru félagsmálastjórnir fjórir, sem taka allar faglegar ákvarðanir.

Samkvæmt upplýsingum frá bæjarstjóra eru stjórnarfundir oft á tíðum haldnir sem símafundir. Reynt hefur verið að halda a.m.k. einn fund á ári þar sem fundarmenn mæta til sameiginlegs fundar. Verkefni stjórnarinnar snúast að mestu leyti um fjármál, síðan að afgreiða fundargerðir verkefnahópsins, sem fundar reglulega, og loks að ræða sjálfa þjónustu byggðasamlagsins.

Hinn eiginlegi rekstur málefna fatlaðs fólks er hjá sveitarfélögunum sjálfum sem gera fjárhagsáætlun hvert fyrir sig vegna þess rekstrar sem er hjá viðkomandi sveitarfélagi. Hvert sveitarfélag sendir síðan sína áætlun vegna málefna fatlaðs fólks til byggðasamlagsins varðandi þann rekstur sem byggðasamlagið á að fjármagna. Þannig samanteknar upplýsingar um reksturinn verður að fjárhagsáætlun byggðasamlagsins. Með þessu fyrirkomulagi hefur hver stjórnarmaður takmarkaðar upplýsingar um forsendur fjárhagsáætlunar nema þá þann hluta sem varðar hans eigið sveitarfélag. Jafnframt má spyrja hvort sveitarfélögin gjaldfæri reksturinn á sama hátt?

Framkvæmdastjóri byggðasamlagsins greiðir til sveitarfélaganna samkvæmt framlögðum áætlunum þeirra. Hann hefur síðan eingöngu aðalbækur sveitarfélaganna varðandi málefni fatlaðs fólks til að fylgjast með hvort útgjöld séu í samræmi við áætlun.

Byggðasamlagið gerir þjónustusamninga við sveitarfélögin vegna þeirra verkefna sem þau sinna á hverjum stað.

Ísafjarðarbær er eina sveitarfélagið sem rekur skammtímavistun fyrir þjónustuþega af öllu svæðinu. Einnig rekur Ísafjarðarbær Hvestu sem er hæfing og iðja.

Í gildi eru stuðningsfjölskyldusamningar, vegna fjögurra barna og svo frekari liðveisla sem var 24(27)% en nú búið að lækka niður í 12%. 1 október 2018 tóku gildi breytingar á lögum nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga. Í apríl sama ár voru samþykkt ný lög fyrir fatlaða, Lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018. Samkvæmt þessum lögum verða breytingar á skilgreiningu (ný nöfn) og umfangi þjónustu sem annars vegar er skilgreind sem grunnþjónusta sveitarfélagsins og hins vegar viðbótarþjónusta vegna langvarandi stuðningsþarfar vegna fötlunar. Það sem áður hefur verið kallað félagsleg heimaþjónusta og félagsleg liðveisla heitir núna „stuðningsþjónusta“ (sjá kafla VII í félagsþjónustulögunum). Fram kemur í lögunum (26 gr.) „Ákvörðun um stuðningsþjónustu skv. 1. mgr. felur í sér að aðstoð sé að jafnaði veitt í tiltekinn fjölda klukkustunda í viku hverri á grundvelli mats á stuðningsþörfum, sbr. 27. gr., og þess almenna viðmiðs að aðstoð geti numið allt að 15 stundum á viku. Um aukna þjónustuþörf fer samkvæmt lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.“

Í lögunum um þjónustu við fatlað fólk með frekari stuðningsþarfir er líka breyting. Það sem áður var kallað frekari liðveisla heitir nú „stoðþjónusta“ (8 gr.). Stoðþjónusta tekur við þegar einstaklingur hefur fullnýtt „stuðningsþjónustuna“ í sveitarfélaginu, 15 tíma á viku eða 65 tíma á mánuði. Í reynd þýðir þetta að sveitarfélögin veita nú meiri grunnþjónustu áður en viðbótarþjónustan, sem greidd er af málaflokki fatlaðra, tekur við.

Við þetta er svo að bæta að í lögunum segir að ráðherra eigi að gera leiðbeinandi reglur um stuðningsþjónustu og stoðþjónustu. En ráðherrann er ekki enn búinn að gera það.

Stuðningsfjölskylda er þar sem fólk tekur fatlað barn inn á heimilið og svo er í einu tilfelli farið inn á heimili og stuðningurinn veittur þar.

Byggðasamlagið greiðir til Bolungarvíkurkaupstaðar vegna utanumhalds á þessum verkefnum.

Ferðaþjónusta fatlaðra er greidd af sveitarfélaginu.

Framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og hlutur sjóðsins í útsvarstekjum Bolungarvíkurkaupstaðar árið 2018 vegna málefna fatlaðs fólks

Gert er ráð fyrir að þjónusta við fatlað fólk sé fjármögnuð með framlögum frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, með ákveðinni hlutdeild í útsvarstekjum viðkomandi sveitarfélags og af almennum skatttekjum viðkomandi sveitarfélags.

Þegar sveitarfélögin tóku yfir þjónustu við fatlað fólk var gengið út frá því að 1,20% hækkun á útsvari stæði undir kostnaði vegna þeirrar þjónustu sem sveitarfélögin tóku yfir frá ríkinu. Önnur þjónusta við fatlað fólk, sem sveitarfélögin höfðu veitt fyrir yfirtökuna, er áfram fjármögnuð af almennum skatttekjum sveitarfélaga.

Þar sem hlutfallsleg dreifing fatlaðs fólks á milli sveitarfélaga og kostnaður vegna þjónustunnar er mismunandi og getur í ákveðnum tilfellum verið umtalsverður fyrir suma einstaklinga, var ákveðið að einstaklingsmiða greiðslur við hvern og einn þjónustuþega með framlögum frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga samkvæmt ákveðnu mati og á það við þá sem eru með þjónustuþörf miðað við SIS-flokk 4 og yfir. Þetta var m.a. einnig gert með hliðsjón af því að kostnaðurinn gæti orðið minni sveitarfélögum ofviða.

Ákveðið var að skipta 1,20% útsvarshlutfalli hvers sveitarfélags, annars vegar í 0,95% útsvarshlutfall, sem rennur beint til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, og hins vegar í 0,25% útsvarshlutfall sem rennur til viðkomandi sveitarfélags vegna málaflokksins.

Þannig var gert ráð fyrir að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga hefði 0,95% útsvarshlutfall af útsvarstofni allra sveitarfélaga til ráðstöfunar til einstaklingsmiðaðra framlaga umfram ákveðin matsstig eftir þjónustuþörf hvers einstaklings samkvæmt mati varðandi þjónustuþörf.

Síðan var gert ráð fyrir að hvert sveitarfélag hefði 0,25% útsvarshlutfall til að standa undir stjórnunarkostnaði og útgjöldum vegna þjónustu við fatlað fólk, sem framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga næðu ekki yfir en var hluti af þeirri þjónustu sem sveitarfélögin tóku yfir.

Vegna mikils hallareksturs á málaflokknum hjá sveitarfélögum eftir yfirtökuna var gert tvíþætt samkomulag á milli ríkis og sveitarfélaga í desember 2015 um fjármögnun þjónustu sveitarfélaga við fatlað fólk. Annars vegar var tímabundin 0,04% hækkun útsvarshlutfalls sveitarfélaga, sem ákveðin var árið 2014, lögfest sem hluti af hámarksútsvari sveitarfélaga og nemur þar með 1,24% af útsvarshlutfalli til málaflokksins. Hlutur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í útsvarshlutfalli hvers sveitarfélags var hækkaður úr 0,95% í 0,99%. Hins vegar var kveðið á um hækkun framlaga í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem hlutfall af skatttekjum ríkissjóðs. Áætlað var að þessar breytingar leiddu til þess að framlög til þjónustu við fatlað fólk á hendi sveitarfélaganna aukist um allt að 1,5 milljarða króna á ári.

Tafla 34: Skipting á útgjöldum vegna þjónustu við fatlað fólk hjá Bolungarvíkurkaupstað árið 2018 í þúsundum króna

Þjónusta sem sveitarfélagið tók yfir við yfirfærslu málaflokksins:

	Rauntölur
Málefni fatlaðra sameiginlegur kostnaður	6.816
Stuðningsfjölskyldur	1.481
Frekari liðveisla 2011	1.481
Samtals	9.778
Þjónusta sem sveitarfélagið var með og tilheyrir ekki yfirfærslunni:	
02550 - Liðveisla við fatlaða	13.245
02560 - Ferðaþjónusta fatlaðra	4.229
Samtals	17.474
Samtals	27.252

Þar sem Bolungarvíkurkaupstaður er aðili að byggðasamlagi um rekstur málefna fatlaðs fólks fellur ekki nema brot af kostnaðnum hjá sveitarfélaginu sjálfu. Auk þess er gert ráð fyrir að sveitarfélögin innheimti hjá byggðasamlaginu fyrir þeim útgjöldum sem það verður fyrir og fjármagnast eigi samkvæmt lögnum um málefni fatlaðra. Þannig innheimtir sveitarfélagið hjá byggðasamlaginu vegna þjónustu sem veitt er og skilgreind sem hluti af þeirri þjónustu sem sveitarfélögin tóku yfir.

Tafla 34 sýnir skiptingu á útgjöldum vegna þjónustu við fatlað fólk, annars vegar vegna þjónustu sem Bolungarvíkurkaupstaður tók yfir við yfirfærslu málaflokksins og féll til hjá sveitarfélaginu og hins vegar vegna þeirrar starfsemi sem sveitarfélagið rak fyrir yfirfærsluna, miðað við árið 2018, í þúsundum króna.

Eins og taflan sýnir voru útgjöld Bolungarvíkurkaupstaðar árið 2018 vegna þjónustu við fatlað fólk, sem sveitarfélagið tók yfir við yfirfærslu málaflokksins, 9,8 milljónir króna árið 2018. Auk þess var kostnaður vegna stjórnunar sem ekki er hér meðtalinn. Annar kostnaður féll til hjá byggðasamlaginu.

Samkvæmt upplýsingum frá Fjársýslu ríkisins er notast við eftirfarandi formúlu við að reikna út hlutdeild Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í útsvarstekjum viðkomandi sveitarfélags vegna málefna fatlaðs fólks:

$$\text{Hlutdeild Jöfnunarsjóðs} = \text{Útsvar sveitarfélags} \times (\text{málefnafatlaðrprósenta} / \text{útsvarsprósenta sveitarfélags})$$

Samkvæmt þessari formúlu og uppgjöroryfirliti frá Fjársýslu ríkisins nam hlutur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga af útsvarstekjum Bolungarvíkurkaupstaðar 39.577 þúsund krónur árið 2018 vegna málefna fatlaðs fólks. Á sama hátt reiknast 0,25% útsvarshlutfall árið 2018, sem ætlað var í málefni fatlaðs fólks af útsvarstekjum Bolungarvíkurkaupstaðar 9.994 þúsund krónur.

Tafla 35: Hlutdeild málaflokks fatlaðs fólks í útsvarstekjum hjá Bolungarvíkurkaupstað og framlög Jöfnunarsjóðs samtals vegna Bolungarvíkurkaupstaðar vegna málaflokksins árið 2018 í þúsundum króna

Hlutur Jöfnunarsjóðs af útsvarstekjum	0,99%	39.577
Greitt af Jöfnunarsjóði vegna Bolungarvíkurkaupstaðar		71.407
Samtals umfram hlutdeild í útsvari		31.830

Tafla 35 sýnir hlutdeild Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í útsvarstekjum Bolungarvíkurkaupstaðar árið 2018 vegna málefna fatlaðs fólks og hvað var greitt úr sjóðnum vegna málaefna fatlaðs fólks vegna Bolungarvíkurkaupstaðar.

Eins og þarna kemur fram voru greiddar 71,4 milljónir króna úr sjóðnum vegna Bolungarvíkurkaupstaðar, en hlutdeild Jöfnunarsjóðs nam 39,6 milljónum króna í útsvarstekjum Bolungarvíkurkaupstaðar árið 2018.

Félagsmálastjóri annast uppáskrift á reikningum vegna alls þess sem undir hann heyrir. Það er gert í gegnum samþykktarkerfið í Navision. Félagsmálastjóri telur að það þurfi að kenna frekar á kerfið.

Varðandi fjárhagsáætlun og eftirfylgni með fjárheimildum er mat félagsmálastjóri að það þurfi frekari kynningu og leiðbeiningu um þau mál til þess að hægt sé að standast þær væntingar sem gerðar eru vegna þess. Telur sig geta sett sig betur inn í þau mál en þá þarf frekari leiðbeiningar og kennslu.

Forstöðumaður heimilisaðstoðar

Forstöðumaður auk stjórnunar sinnir meir félagslegri þjónustu (innlitum) hjá eldri borgurum en þrifum. Aðstoðar eldri borgara á ýmsan hátt heima fyrir. Fer með þeim í búð og á Ísafjörð, t.d. til læknis og fer í þrif þegar þess þarf. Heimilin sem forstöðumaðurinn sinnir voru 35 í apríl 2019.

Yfirleitt eru tveir starfsmenn í vinnu við þrif auk forstöðumanns og skipuleggur forstöðumaður vinnutíma þeirra. Reynir að ráða fólk án þess að þurfa að auglýsa. Þessir tveir starfsmenn annast 19 heimili hálfsmánaðarlega og fimm heimili einu sinni í viku í apríl 2019.

Félagsmálastjóri ákveður umfang þjónustunnar hjá hverjum þjónustuþega. Þjónustan á hverjum stað getur verið frá einni og hálfri klukkustund upp í tvær og hálf klukkustund. Allir þjónustuþegar greiða 786 kr. fyrir hverja klukkustund óháð tekjum.

Þjónusta forstöðumannsins er alveg gjaldlaus, þ.e. innlit og aðstoð heima fyrir önnur en þrif. Þegar forstöðumaðurinn keyrir þjónustuþega fær hann greitt fyrir ekna kílómetra en þjónustuþeginn greiðir ekkert.

Vinnan sem fer fram á heimilunum er skrifuð á eyðublað, sem þjónustuþeginn kvittar á fyrir þjónustuna. Þetta er gert í hvert skipti. Blaðið með kvittun er síðan afhent til skjalastjóra sem síðan innheimtir samkvæmt því.

Félagstarf eldri borgara í Bolungarvík

Forstöðumaður er í 50% starfshlutfalli. Vinnur frá kl. 12:30 til 17:30 fjóra daga vikunnar. Starfsemin fer fram í kjallara Hvíta hússins sem svo er kallað við Aðalstræti.

Félagstarfið fer fram frá kl. 13:00 til 15:00 mánudaga til fimmtudaga. Tvisvar í viku er handavinna og tvisvar í viku er spilað. Á miðvikudögum á milli kl. 12:00 og 13:00 fer forstöðumaðurinn með fólkið í íþróttahúsið og í göngu.

Á mánudögum eru að jafnaði 19 konur en þá koma engir karlar að sögn forstöðumanns.

Karlar koma á þriðjudögum og fimmtudögum til að spila.

Í vor (2019) mun verða mikil breyting þar sem félagstarfið fær meira rými í húsnæðinu. Með því verður mögulegt að hafa starfið fjölbreyttara og þá má gera ráð fyrir að þátttakan verði meiri.

Gert er ráð fyrir að starfsemin aukist og boðið verði upp á smíðar, bókband o.fl.

Í félagstarfinu er boðið upp á kaffi og veitingar. Fyrir það er greitt 500 krónur í hvert sinn. Á vorin er sjóðurinn vegna þessa gerður upp og þá er yfirleitt afgangur. Fyrir afganginn er farið út að borða.

LEIKSKÓLINN GLADHEIMAR

Í janúar 1984 var núverandi húsnæði leikskólans tekið í notkun við Hlíðarstræti. Haustið 2004 var leikskólinn stækkaður og starfsaðstaða starfsfólks bætt til muna. Haustið 2007 var opnuð deild fyrir fimm ára börnin í Lambhaga við Höfðastíg sem var svo stækkuð haustið 2008 og var þá gert pláss fyrir fjöggra og fimm ára börn þar. Voru þá tekin inn eins árs börn á Bangsadeild. Haustið 2018 var hafist handa við nýbyggingu við leikskólann á Hlíðarstræti svo deildir leikskólans sameinist og er áætlað að þeim framkvæmdum verði lokið í mars 2020.

Við leikskólann starfar leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri. Aðstoðarleikskólastjóri er jafnframt sérkennslustjóri. Fyrir áramót 2018 var miðað við að 30 klst. á viku færu hjá aðstoðarleikskólastjóra í sérkennslu, þ.e. þjálfun og undirbúning tíma, gerð námsefnis og upplýsingaleitar og til upplýsingagjafar. Síðan fari 10 klst. á viku í stjórnun og undirbúning. Eftir áramót 2019 hefur sérkennsla aðstoðarleikskólastjóra/sérkennslustjóra minnkað vegna afleysingar hans vegna námsleyfis leikskólastjóra frá 1. janúar 2019 til 1. júní 2019.

Í dag er leikskólinn skilgreindur sem fjögurra deilda leikskóli. Á Hlíðarstræti eru deildirnar tvær, Bangsadeild og Kisudeild, í Lambhaga sem stendur við Höfðastíg eru deildirnar Stekkur og Kvíar sem eru reknar sem ein deild.

Skólastjóri hefur fasta viðveru í Lambhaga að lágmarki einu sinni í viku. Aðstoðarleikskólastjóri hefur fasta viðveru í Lambhaga tvisvar í viku. Aðstoðarleikskólastjóri er staðgengill leikskólastjóra.

Í mars 2019 voru nemendur frá 12 mánaða aldri til þriggja ára á Bangsadeild, árgangar 2016-2018. Á Kisudeild voru þriggja til fjögurra ára nemendur, árgangar 2015-2016, og í Lambhaga voru fjögurra til sex ára nemendur, árgangar 2013-2015.

Þann 19. mars s.l. voru 49 nemendur við skólann og skiptast þannig: Bangsadeild 14 nemendur, Kisudeild 15 nemendur og Lambhagi 20 nemendur. Á leikskólanum eru 13 nemendur af erlendu bergi brotnir.

Aldursdreifingin á nemendum er sem hér segir:

Árgangur	fjöldi nemenda
2013	10
2014	9
2015	14
2016	10
2017	5
2018	1

Í lok apríl 2019 bætist einn nemandi við hópinn fæddur 2015 og verða því þá 50 nemendur við leikskólann.

Engin börn eru á biðlista. Það er miðað við að hægt sé að bjóða nemendum leikskólapláss við tveggja ára aldur að því er segir í reglum bæjarins um úthlutun leikskólapláss (<https://www.bolungarvik.is/reglur-um-uthlutun-leikskolaplassa-2016>). Ef mögulegt er er þeim nemendum sem eiga inni umsókn um skólagöngu við leikskólann boðið pláss í kringum eins árs aldur.

Leikskólinn opnar kl. 7:30 og lokar kl. 16:30.

Stór hluti nemenda er mættur kl. 7:30.

Í Gladhheimum rúlla starfsmenn eftirfarandi „mætingarrúllu“ sem skiptist á milli vikna. Vinnutími starfsmanna er því sem hér segir, viku í senn : 07:30-15:30, 07:45-15:45, 08:00-16:00, 08:00-16:00, 08:15-16:15. Þessi háttur er hafður á í þeim tilgangi að aldrei er einn starfsmaður í lengri tíma einn með mörg börn.

Þeir starfsmenn sem mæta fyrir kl. 8:00 hætta fyrir á daginn og fá álag greitt ofan á tímunn sem unninn er fyrir kl. 8:00.

Á Lambhaga mætir einn starfsmaðurinn kl. 7:30 og næsti kl. 08:00. Einn starfsmaður mætir kl. 08:15 og er þá til kl. 16:15.

Leikskólinn er í samstarfi við grunnskólann með sálfræðing sem kemur fimm sinnum á ári. Sálfræðingurinn er sjálfstætt starfandi og er með einskonar „verktakasamning“ við sveitarfélagið.

Sveitarfélagið er með þjónustusamningi við Tröppu vegna talkennslu.

Leikskólinn er með þrjú pláss vegna talkennslu líkt og grunnskólinn sem gera sex pláss í heildina. Veturinn 2018-2019 hafa átta börn mætt í tíma eða fengið ráðgjöf hjá talmeinafræðingi Tröppu.

Samkvæmt upplýsingum frá bókhaldi sveitarfélagsins þarf mjög oft að gera athugasemdir við reikninga frá Tröppu. Mikilvægt er að séð verði til þess af hálfu fyrirtækisins að reikningar frá fyrirtækinu séu réttir. Mikill tími hefur farið í að fá leiðréttingar á reikningum samkvæmt upplýsingum frá bókhaldinu.

Við leikskólann starfar íþróttfræðingur og tekur hann til að mynda öll börn skólans einu sinni í viku í skipulagða íþróttatíma. Einnig munu tveir starfsmenn útskrifast í vor annar sem iðjuþjálfari og hinn sálfræðingur. Þrír starfsmenn eru í mastersnámi í leikskólakennarafræðum. Í leikskólanum starfar einnig hagfræðingur og vélaverkfræðingur.

Maturinn kemur tilbúinn frá grunnskólanum.

Ekki er boðið upp á morgunmat en það er ávaxtastund milli kl. 9:00 og 9:30. Síðan hádegismatur og svo síðdegishressing.

Á hverri deild er ein spjaldtölva sem notuð er til skráninga (Karellen) þ.e. inn og útskráningar barna og upplýsingagjafir til foreldra, þær spjaldtölvur eiga nemendur ekki að nota. Á hverri deild eru svo tvær spjaldtölvur sem notaðir eru í námi nemenda.

Nákvæmar upplýsingar eru skráðar um hvert barn, sem kemur fram í síma hjá viðkomandi foreldri/forráðamanni. Skráningakerfið nefnist „Karellen“.

Tölvur eru tvær á leikskólanum sem notaðar eru við undirbúning og ein tölva er á Lambhaga.

Ræstingar eru unnar af starfsmanni hjá sveitarfélaginu.

Samkvæmt Karellen eru við leikskólann 14,24 stöðugildi, fyrir utan ræstingu og stöðugildi leikskólastjóra sem er í námsleyfi.

Stöðugildi á deildum eru sem hér segir:

Bangsadeild (yngsta deild):

Þrjú 100% stöðugildi sem skiptast á milli fjögurra starfsmanna.

100% deildarstjóri, íþróttfræðingur (Önnur uppeldisfræðileg menntun á sérskóla- eða háskólastigi).

50% leiðbeinandi, með Bed í grunnskólakennarafræði, er að vinna að M.Ed / vinnur fyrir hádegi.

50% leiðbeinandi, í iðjuþjálfaranámi / vinnur eftir hádegi og sér um lokun í Gláðheimum.

100% leiðbeinandi, háskólamenntun hagfræðingur.

Kisudeild:

Þrjú 100% stöðugildi.

100% deildarstjóri, B.Ed í leikskólakennarafræði.

100% leiðbeinandi, Háskólamenntun, vélagerfræðingur.

100% leiðbeinandi.

Lambhagi:

100% leikskólaliði.

100% leiðbeinandi, með Bed gráðu í leikskólakennarafræðum, er í mastersnámi.

75% leiðbeinandi.

60% leikskólakennari.

81,25% deildarstjóri, leikskólakennari.

34,38% leiðbeinandi, háskólamenntun, starfar einnig í grunnskólanum. Sér um lokun í Lambhaga, vinnutími 14:00-16:30.

Á skrifstofu og utan deilda:

100% leikskólastjóri, í launuðu leyfi frá 1. janúar – 1. júní 2019, leikskólakennari.

100% aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri, grunn- og leikskólakennari (M.Ed próf).

100% staða sem skiptist svona: 50% afleysing vegna undirbúnings, 50% eldhús, leiðbeinandi með stúdentspróf.

90% afleysing vegna forfalla starfsfólks, leiðbeinandi með stúdentspróf er í sálfræðinámi.

Fatlaðir í vinnuverndarstarfi eru tveir. Annar er í 30% vinnu og hinn í 50% vinnu.

Rétt er að benda hér á 90% stöðugildi í afleysingum og 50% stöðugildi vegna afleysinga vegna undirbúnings á deildum, eða 1,4 stöðugildi vegna afleysinga.

Skólaárið 2018-2019 eru haldnir sex starfsmannafundir sem eru frá kl. 14:00-16:00. Þetta er annað skólaárið sem starfsmannafundirnir hafa hafist kl. 14:00 í stað 16:30 og hefur það gefist vel.

Starfsdagar á þessu skólaári eru þrír. Þeir verða nýttir til námsferðar til Póllands.

Þeir starfsmenn sem ljúka vinnu kl. 12:00 eða 14:00 (sem eru tveir eins og er) fá greidda yfirvinnu. Sá starfsmaður sem ætti að ljúka vinnudeginum kl. 15:30 fær 30 mín greiddar í yfirvinnu.

Auk þessa fá starfsmenn greidda yfirvinnu sem þeir eru sérstaklega beðnir um að vinna, þetta á aðallega við þegar vantar starfsfólk seinnipart dags. Einnig fá starfsmenn greitt ef þeir hafa lokið vinnudegi sínum en eiga að sitja starfsmannafundi.

Reynt hefur verið að hafa þann háttinn á, ef vitað er fyrirfram af forföllum starfsmanna, að biðja aðra starfsmenn að taka vakt þess starfsmanns sem vantar og hefur það gengið ágætlega.

Tafla 36: Rekstrargjöld og -tekjur samanburðarleiksskóla árið 2017 í þúsundum króna

	Húnaþ.V.	Fjarðab.	Rvík	Garðab.	Rvík	Bolungarv.	Rvík	Rvík	Rvík	Garðab.	Borgarb.
	Ás-garður	Kæri-bær	Brákar-borg	Lundar-ból	Garða-borg	Glaðheimar	Hóla-borg	Blá-salir	Bakki-Berg	Hæðar-ból	Klettab-org
Heildagsgildi (HDÍG)	48,8	51,9	52,4	52,5	52,9	53,1	53,9	54,5	54,9	54,9	55,0
Fjöldi bama	52	56	51	51	51	53	52	52	52	53	56
Rekstrarkostnaður	95.281	98.898	113.036	152.979	103.588	106.080	130.044	140.688	86.317	136.705	141.943
Launakostnaður	82.948	80.447	100.328	133.718	81.274	95.962	116.406	121.612	76.111	119.433	130.189
Annar rekstrarkostnaður	12.333	18.450	12.707	19.260	22.314	10.118	13.638	19.076	10.206	17.272	11.754
Tekjur	23.568	18.198	12.697	27.402	13.104	17.527	14.806	16.800	10.072	27.814	25.153

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 36 sýnir rekstrargjöld og -tekjur hjá samanburðarleiksskólum árið 2017 í þúsundum króna. Um er að ræða leiksskóla með samtals fjölda HDÍG frá 48,8 upp í 55,0. Í rekstrargjöldum er innri leiga ekki meðtalin. Ástæða þess er sú, að sveitarfélög nota mismunandi aðferðir við að reikna innri leigu.

Eitt heildagsgildi miðast við átta klukkustundir. Barn sem er í leiksskóla í fjórar klukkustundir er þá hálf dagsgildi o.s.frv.

Um er að ræða fimm leiksskóla sem eru næstir Glaðheimum með færri HDÍG og fimm næstu leiksskólar sem eru með fleiri HDÍG en Glaðheimar.

Fjórir leiksskólar voru með samtals gjöld án innri leigu lægri en Glaðheimar af samanburðar leiksskólunum. Sömu leiksskólar voru með lægri launagjöld en Glaðheimar. Annar rekstrarkostnaður var lægstur hjá Glaðheimum.

Fimm leiksskólar af samanburðar leiksskólunum voru með lægri tekjur en Glaðheimar.

Tafla 37: Rekstrargjöld og -tekjur samanburðarleiksskóla á hvert heildagsígildi (HDÍG) árið 2017 í þúsundum króna

	Ás-garður	Kæri-bær	Brákar-borg	Lundar-ból	Garða-borg	Glað-heimar	Hóla-borg	Blá-salir	Bakki-Berg	Hæðar-ból	Kletta-borg
Heildagsígildi (HDÍG)	48,8	51,9	52,4	52,5	52,9	53,1	53,9	54,5	54,9	54,9	55,0
Fjöldi barna	52	56	51	51	51	53	52	52	52	53	56
Rekstrarkostnaður á hvert HDÍG	1.954	1.906	2.158	2.914	1.959	1.997	2.414	2.581	1.573	2.491	2.581
Launakostnaður á hvert HDÍG	1.701	1.551	1.916	2.547	1.537	1.806	2.161	2.231	1.387	2.176	2.367
Annar rekstrarkostnaður á hvert HDÍG	253	356	243	367	422	190	253	350	186	315	214
Tekjur á hvert HDÍG	483	351	242	522	248	330	275	308	184	507	457
Tekjur sem hlutfall af útgjöldum með innri leigu	22%	15%	10%	16%	12%	16%	10%	11%	10%	19%	16%
Tekjur sem hlutfall af útgjöldum án innri leigu	25%	18%	11%	18%	13%	17%	11%	12%	12%	20%	18%

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 37 sýnir rekstrargjöld og -tekjur á hvert heildagsígildi (HDÍG) árið 2017 fyrir samanburðarleiksskóla, þ.e. fimm leiksskóla með fleiri HDÍG og fimm með færri en Leikskólinn Glaðheimar. Jafnframt sýnir taflan tekjur sem hlutfall af gjöldum bæði með og án innri leigu.

Í þessum samanburði er fjórir leiksskólar með lægri rekstrarkostnað á hvert HDÍG en Glaðheimar. Lægstur var kostnaðurinn hjá Leikskólanum Bakka/Bergi í Reykjavíkurborg, þar sem hann var 1.573 þúsund krónur á hvert HDÍG. Til samanburðar var þessi kostnaður 1.997 þúsund krónur hjá Leikskólanum Glaðheimum, eða mismunur upp á 424 þúsund krónur á hvert HDÍG í þessum leiksskólum. Miðað við 53,1 HDÍG gerir þessi mismunur samtals 22.5 milljónir króna. Skoða ber þennan samanburð sem vísbendingu, þar sem leiksskólar geta verið mismunandi með hliðsjón m.a. af aldri barna, þjónustuþörf barna á viðkomandi leiksskóla o.s.frv.

Fjórir leiksskólar voru með lægri launakostnað á hvert HDÍG en Leikskólinn Glaðheimar í þessum samanburði. Í þessum samanburði var annar rekstrarkostnaður án innri leigu á hvert HDÍG lægstur hjá Leikskólanum Glaðheimar. Fimm leiksskólar voru með hærri tekjur á hvert HDÍG en Leikskólinn Glaðheimar í þessum samanburði.

Tafla 38: Skipting launa hjá Leikskólanum Glaðheimum árin 2016, 2017 og 2018.

	2016	2017	2018	Hlutfallsleg breyting 2016/2017	Hlutfallsleg breyting 2017/2018
Mánaðarlaun	64.960	71.700	73.003	10,4%	1,8%
Ræstingarlaun	2.989	3.105	3.046	3,9%	-1,9%
Yfirvinna, föst	1.400	1.498	1.450	7,0%	-3,2%
Yfirvinna	1.096	583	878	-46,8%	50,6%
Vaktaálag	310	356	379	14,8%	6,5%
Áfallið orlof, breyting	240	649		170,4%	-100,0%
Fæðispeningar	111	110	179	-0,9%	62,7%
Tryggingagjald	5.684	5.972	6.097	5,1%	2,1%
Lífeyrissjóður, mótframlag	9.143	9.823	10.093	7,4%	2,7%
Önnur launatengd gjöld	1.936	2.166	2.175	11,9%	0,4%
Samtals	87.869	95.962	97.300	9,2%	1,4%

Heimild: Bolungarvíkurkaupstaður

Tafla 38 sýnir skiptingu launaútgjalda hjá Leikskólanum Glaðheimum árin 2016, 2017 og 2018. Launaútgjöldin hækka um 9,2% á milli árunna 2016 og 2017. Einkum er um að ræða hækkan á mánaðarlaunum en þau hækka um 10,4% á milli árunna. Hins vegar hækka launin um 1,4% á milli árunna 2017 og 2018. Mánaðarlaun hækkuðu um 1,8%. Yfirvinna af mánaðarlaunum var 3,2% árið 2018 samanborið við 3,8% árið 2016. Almennt hefur dregið nokkuð úr yfirvinnu á leikskólum hjá sveitarfélögum. Þó er það ekki algild regla og er nokkuð mismunandi hvernig sveitarfélög hafa tekið á yfirvinnu hjá starfsmönnum í leikskólum.

Eins og taflan sýnir voru veikindalaun ekki skráð sérstaklega.

Tafla 39: Fjöldi HDÍG og stöðugilda hjá Leikskólanum Glaðheimum árin 2002 til 2017 og fjöldi HDÍG á hvert stöðugildi.

	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	Breyting 2011/2017
Fjöldi bama	49	53	43	39	46	50	53	52	48	51	57	56	54	54	57	53	2
Heildsgjöldi (HDÍG)	41,6	42,4	34,5	30,5	41,3	45,8	47,5	45,5	45,6	48,9	55,4	56,4	54,0	53,8	57,9	53,1	4,3
Leikskólakennarar	1,0	1,0	0,6	1,0	4,7	3,0	4,2	3,6	3,7	4,2	3,3	5,5	6,1	5,6	3,4	2,8	-1,4
Önnur uppeldisfræðimenntun	0,0	0,5	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	1,0	0,0	1,3	1,3	1,3	2,3	2,3
Aðrir starfsmenn	7,5	6,9	9,0	8,4	7,0	10,7	8,8	6,7	6,9	7,7	9,3	9,1	7,8	8,0	10,2	10,6	2,9
Samtals stöðugildi	8,5	8,4	9,6	9,4	11,7	13,7	13,0	10,3	10,5	11,8	13,5	14,6	15,2	14,9	15,0	15,6	3,8
HDÍG á hvert stöðugildi	5,8	6,3	4,5	4,1	3,9	3,7	4,1	5,0	4,5	4,3	4,2	3,8	3,5	3,6	3,8	3,4	-0,9
Hlutfall leikskólakennara af stöðugildum samtals	12%	12%	6%	11%	40%	22%	32%	35%	35%	35%	24%	38%	40%	37%	23%	18%	
Hlutf. leikskólak. og uppeldisfr.m. af st. samtals	12%	18%	6%	11%	40%	22%	32%	35%	35%	35%	31%	38%	49%	46%	32%	33%	

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 39 sýnir fjölda HDÍG og stöðugilda hjá Leikskólanum Glaðheimum árin 2002 til 2017. Jafnframt sýnir taflan hlutfall stöðugilda leikskólakennara af stöðugildum samtals og hlutfall stöðugilda leikskólakennara og starfsmanna með uppeldisfræðimenntun sem hlutfall af stöðugildum starfsmanna samtals.

Eins og taflan sýnir var ákveðinn stígandi í fjölda stöðugilda samtals á þessu tímabili. Á milli árunna 2011 og 2017 fjölga stöðugildum um 3,8 en HDÍG fjölgaði um 4,3. Árið 2011 voru 4,3 HDÍG á hvert stöðugildi en var 3,4 árið 2017, eða fækkun um 0,9 HDÍG.

Ef 4,3 HDÍG hefði verið á hvert stöðugildi árið 2017 eins og það var árið 2011 hefðu stöðugildin samtals verið 12,3 en ekki 15,6 eins og þau voru.

Hlutfall stöðugilda leikskólakennara af stöðugildum samtals var 18% árið 2017 og hlutfall stöðugilda leikskólakennara og starfsmanna með aðra uppeldismenntun af stöðugildum samtals var 33%.

Eins og taflan sýnir hefur hlutfall fagmenntaðra starfsmanna farið hækkan og lækkandi á milli ára síðustu ár. Hlutfallið var lægra árið 2017 en það var 2011.

Tafla 40: Fjöldi stöðugilda í samanburðarleiksskólum og HDÍG á hvert stöðugildi árið 2017

	Ás-garður	Kæri-bær	Brákar-borg	Lundar-ból	Garða-borg	Glað-heimar	Hóla-borg	Blá-salir	Bakki-Berg	Hæðar-ból	Kletta-borg
Heildagsígildi (HDÍG)	48,8	51,9	52,4	52,5	52,9	53,1	53,9	54,5	54,9	54,9	55,0
Fjöldi barna	52	56	51	51	51	53	52	52	52	53	56
Leikskólakennarar	3,6	2,4	5,6	8,4	4,7	2,8	4,0	4,4	2,0	6,2	8,1
Önnur uppeldismenntun	0,2	1,0	2,0	6,1	2,0	2,3	2,4	0,6	6,9	6,7	0,9
Ófaglærðir starfsmenn	7,8	10,2	6,1	0,8	5,3	10,1	7,0	11,3	7,7	1,0	7,0
Aðrir starfsmenn, matseld, þríf o.sfrv.	1,5	1,7	1,0	1,7	0,0	0,5	1,0	1,0	1,0	1,5	2,0
Samtals	13,1	15,3	14,7	17,0	12,1	15,6	14,4	17,2	17,6	15,4	17,9
HDÍG á hvert stöðugildi:											
Leikskólakennarar	13,4	21,8	9,3	6,2	11,2	19,3	13,5	12,4	27,4	8,9	6,8
Leikskólakennarar og önnur uppeldismenntun	12,8	15,3	6,9	3,6	7,9	10,4	8,4	11,0	6,2	4,3	6,1
Ófaglærðir og aðrir starfsmanna	5,2	4,4	7,4	21,3	9,9	5,0	6,7	4,4	6,3	22,0	6,2
Samtals	3,7	3,4	3,6	3,1	4,4	3,4	3,7	3,2	3,1	3,6	3,1
Hlutfall leikskólakennara af stöðugildum samtals	27,7%	15,6%	38,3%	49,5%	39,1%	17,6%	27,7%	25,6%	11,4%	40,4%	45,0%
Leikskólakennara og önnur uppeldismenntun/stöðugildi samtals	29,0%	22,1%	51,9%	85,5%	55,7%	32,5%	44,6%	28,8%	50,7%	83,7%	50,1%

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 40 sýnir fjölda stöðugilda í samanburðarleiksskólum árið 2017 og fjölda HDÍG á hvert stöðugildi.

Eins og taflan sýnir voru fjórir leiksskólar í þessum samanburði með færri HDÍG á hvert stöðugildi samtals en Leiksskólinn Gláðheimar.

Eins og komið hefur fram hér að framan fær leiksskólinn matinn tilbúinn frá grunnskólanum. Eins og fram kemur í töflunni var 0,5 stöðugildi vegna matseldar og þrifa. En hjá hinum skólunum flestum voru stöðugildin vegna matseldar og þrifa frá einu og upp í tvö. Þetta ber að hafa í huga í þessum samanburði þar sem stöðugildin verða færri hjá Gláðheimum vegna þess að maturinn kemur tilbúinn og einnig hefur þetta áhrif á kostnaðinn og þá til lækkunar.

Nokkuð mismunandi er hjá leiksskólunum hvert hlutfall stöðugilda fagmenntaðra er af heildarfjölda stöðugilda.

Í þessum samanburði voru þrjár leiksskólar með lægra hlutfall stöðugilda starfsmanna með fagmenntun en hjá Gláðheimum.

Tafla 41: Heildagsígildi, stöðugildi og launagjöld samtals vegna leiksskóla hjá samanburðar sveitarfélögum árið 2017

Sveitarfélag	Fjöldi íbúa í janúar 2018	Heildagsígildi (HDÍG)	Stöðugildi	Fjöldi HDÍG á hvert stöðugildi	Stöðugildi hjá Bolungarvíkurkaupstað miðað við HDÍG á hvert stöðugildi í samanburðarsveitarfélögum	Umfram stöðugildi hjá Bolungarvíkurkaupstað	Kostnaður vegna umfram stöðugilda	Launa-útgjöld	Meðallauna-útgjöld á hvert stöðugildi
Seyðisfjarðarkaupstaður	676	34,9	11,9	2,9				70.397	5.916
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	690	27,0	10,4	2,6				71.190	6.845
Hrunamannahreppur	774	36,1	14,4	2,5				77.445	5.378
Grundarfjarðarbær	877	44,8	16,8	2,7				94.977	5.653
Blönduóssbær	895	57,1	20,7	2,8				101.928	4.924
Bolungarvíkurkaupstaður	945	53,1	15,6	3,4	15,6			95.962	6.151
Pingeyjarsveit ¹⁾	962	36,3	11,8	3,1				91.501	7.754
Eyjafjarðarsveit	1.016	63,8	15,6	4,1	13,0	2,6	16.094	126.366	8.100
Vesturbyggð ¹⁾	1.024	57,4	18,5	3,1				110.356	5.965
Bláskógabyggð ¹⁾	1.115	61,8	18,6	3,3				122.377	6.579
Stykkishólmur	1.177	76,4	20,5	3,7	14,2	1,4	8.316	124.806	6.088
		548,7	174,8	3,1				1.087.305	6.220

1) Hjá þessum sveitarfélögum eru reknir tveir leiksskólar. Hjá öðrum sveitarfélögum í þessum samanburði er einn leiksskóli hjá hverju þeirra.


Heimild: Sambandi íslenskra sveitarfélaga

Tafla 41 sýnir HDÍG, stöðugildi og launagjöld samtals hjá hverju af samanburðar sveitarfélögunum árið 2017.

Eins og fram kemur í töflunni voru tvö sveitarfélög með fleiri HDÍG á hvert stöðugildi í leikskólum en hjá Bolungarvíkurkaupstað. Ef fjöldinn hefði verið 4,1 HDÍG á hvert stöðugildi hjá Bolungarvíkurkaupstað eins og það var hjá Eyjafjarðarsveit hefði fjöldi stöðugilda verið 13 en þau voru 15,6.

Gerður er fyrirvari á þessum samanburði þar sem leikskólar geta verið mismunandi, t.d. aldursdreifing barna, hvort þeir fá tilbúinn mat o.s.frv., og einnig að í einhverjum tilfella gætu upplýsingar frá viðkomandi sveitarfélögum ekki verið nákvæmar. Engu að síður er hér um ákveðnar vísbendingar að ræða.

Mynd 9: Leikskólagjöld hjá samanburðarsveitarfélögum í mars 2019



* Vistun frá kl. 8:00 til 16:00 er gjaldfrjál. Innheimt er fyrir fæði.

** Ekki eru innheimt fæðisgjöld

Heimild: Vefsíður viðkomandi sveitarfélaga

Mynd 9 sýnir almenn leikskólagjöld miðað við átta klukkustundir og fullt fæði hjá samanburðar sveitarfélögum eins og þau voru í mars 2019. Sveitarfélögin veita afslætti svo sem systkina afslætti o.s.frv., sem ekki er gert ráð fyrir hér.

Eins og þarna kemur fram er hæsta gjaldtakan hjá Stykkishólmsbæ, eða 41.200 kr. miðað við átta klukkustundir og fullt fæði. Til samanburðar er gjaldtakan hjá Bolungarvíkurkaupstað 33.096 kr., eða 8.104 kr. lægri en hjá Stykkishólmsbæ miðað við átta klukkustundir og fullt fæði í mars 2019. Lægst er gjaldið hjá Skeiða- og Gnúpverjahreppi þar sem eingöngu er innheimt fæðisgjald 9.656 kr. miðað við fullt fæði. Ekki er innheimt gjald fyrir vistun frá kl. 8:00 til 16:00 hjá Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Það er mat skýrsluhöfundar að til framtíðar lituð verði vistun á leikskólum gjaldfrjál. Ef það reynist rétt er mikilvægt að sveitarfélög hugi sem fyrst að því og leiti leiða til að hagræða til að standa undir þeim kostnaðarauka sem því fylgir.

GRUNNSKÓLI BOLUNGARVÍKUR

Í sveitarfélaginu er rekinn einn grunnskóli, Grunnskóli Bolungarvíkur.

Tafla 42: Fjöldi nemenda í Grunnskóla Bolungarvíkur 2002 til 2018

	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018
Fjöldi nemenda	144	138	141	146	139	136	125	118	111	110	110	136	127	121	132	142	141
Breyting á milli ára		-6	3	5	-7	-3	-11	-7	-7	-1	0	26	-9	-6	11	10	-1

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og Grunnskóli Bolungarvíkur

Tafla 42 sýnir hvernig fjöldi nemenda í Grunnskóla Bolungarvíkur hefur þróast á tímabilinu frá 2002 til 2018.

Eins og fram kemur á töflunni fjölgaði nemendum í skólanum á milli árána 2002 til 2005. Eftir það verður nokkur fækkun í skólanum frá árinu 2005 til ársins 2011. Árið 2005 voru nemendurnir 146 en 110 árið 2011, eða fækkun um 36 nemendur. Síðan fjölgar nemendum um 26 árið 2013 en fækkar aftur bæði árin 2014 og 2015. Fjölgar aftur árin 2016 og 2017. Haustið 2018 voru nemendur í Grunnskóla Bolungarvíkur 141.

Við skólann er starfandi skólastjóri og aðstoðarskólastjóri, hvor í 100% starfshlutfalli. Við skólann hefur einnig verið deildarstjóri á unglíngastigi sem er nú í námsleyfi og lýkur því 1. ágúst 2019. Aðstoðarskólastjóri er með kennsluskyldu ásamt því að sinna sérkennslu. Kennsluskylda eru 8 stundir á viku.

Breytingar verða á yfirstjórn skólans á vormánuðum. Huga má að því að leggja niður deildarstjórastöðuna.

Mál nemenda, sem þurfa félagslega aðstoð, koma nokkuð inn á borð hjá skólanum vegna þess að málum þeirra hefur ekki verið fylgt nógu vel eftir.

Starfandi er geðteymi, sem skipað er fulltrúum frá skólanum, aðstoðarskólastjóra, skólahjúkrunarfræðingi, aðila frá barnvernd, lækni og sálfræðingi frá heilsugæslunni. Teymið hittist einu sinni í mánuði. Hlutverk teymis er að allir séu samstíga þegar unnið er að velferð nemenda sem þurfa aðstoð vegna hegðunarvanda.

Við skólann er starfandi þroskaþjálfari í 60% starfshlutfalli. Að mati skólastjóra ætti að hafa þroskaþjálfari í 100% starfi hjá sveitarfélaginu til að sinna leik- og grunnskólanum og eldri borgurum.

Skólastjóri vildi sjá meiri samvinnu við Ísafjarðarbæ í skólamálu. Upplýsti að verið sé að ganga til samninga við Tröppu ráðgjafafyrirtæki, til að vera til ráðgjafar í skólamálu.

Við skólann starfarfar pólskur starfsmaður sem grunnskólakennari í grunninn með sérmenntun í pólsku móðurmáli.

Í fyrsta bekk voru í febrúar 2019 níu nemendur með pólsku sem móðurmál, einn með taílenskt móðurmál og þrír með íslenskt móðurmál. Þannig hafa 10 af 13 nemendum í fyrsta bekk grunnskólans annað mál en íslensku að móðurmáli. Það hefur reynst erfitt að ná foreldum í takt til að ná tókum á íslensku.

Skólastjóri telur að skoða eigi að pólskumælandi kennari væri í 60% stöðugildi við pólskukennslu í skólanum. Á móti þarf að ráða í kennslugreinar sem pólskukennarinn sinnir nú þegar.

Talmænafræðiþjónusta hefur verið fengin hjá Tröppu.

Skólastjóri situr ekki reglulega fundi fræðslumálaráðs, en mætir á fundi þegar óskað er eftir að skólastjóri mæti eða hann óskar eftir að skólastjóri komi á fundi fræðslumálaráðs.

Eftirfarandi ákvæði er í 4. mgr., 6. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008:

„Skólastjórar, grunnskólakennarar og foreldrar í sveitarfélagi kjósa hver úr sínum hópi aðal- og varamann til setu á skólanefndarfundum með málfrelsi og tillögurétt.“

Samkvæmt þessu ákvæði laganna ber skólastjóra ásamt fulltrúa grunnskólakennara og foreldra að sitja fundi skólanefndar (fræðsluráðs) með málfrelsi og tillögurétt.

Skólastjóri á ekki reglulega fundi með bæjarstjóra.

Skólinn byrjar kl. 8:00 og er til kl. 14:00 og 15:00. Skólinn opnar kl. 7:30. Þá mætir skólastjóri, ritari og einn skólaliði. Skólaliði og ritari hætta hálfri klukkustund fyrr á daginn og fá álag á þann tíma sem mætt er fyrir en kl. 8:00.

Skólaritari er í 100% starfi og fær ekki fasta yfirtíð. Skoða má hvort 80% starfshlutfall væri ekki fullnægjandi.

Frístund opnar kl. 12:45 og er til kl. 16:00. Hún skiptist í tvo hluta, heilsu- og tómstundaskóla sem er á milli kl. 13:00 til 14:00 og dægradvöl, sem er síðan á milli kl. 14:00 og 16:00.

Nemendur velja sjálfir hvað þeir gera á milli kl. 13:00 og 14:00. Um er að ræða boltaskóla, sund, listir og pólsku fyrir alla, fimmleika, dans, dægradvöl og útiveru meðal annars. Íþróttafélögin koma lítillaga að þessu starfi.

Pólsku nemendurnir eru að skila sér vel í tímama á milli kl. 13:00 og 14:00. Tíminn á milli kl. 13:00 og 14:00 er gjaldfrjáls. En greitt er fyrir tímann á milli kl. 14:00 og 16:00.

Vinnustund var ekki stillt inn á kjarasamninga kennara. Skólastjóri fékk það verkefni að aðlaga vinnustund að kjarasamningi kennara.

Bráðbrigða eldhús til matarkennslu var sett upp í matreiðslustofu árið 1997. Ekki hefur verið hægt að ganga frá aðstöðunni síðan þá. Hægt er að sinna kennslu þar, en aðstaðan er komin á þölmörk hvað varðar tæki og búnað.

Í heilsu- og tómstundarskólanum sem er starfræktur milli kl 13:00 og 14:00, eru nemendur í 1.-4. bekk. Heilsu- og tómstundarskólinn er gjaldfrjáls, sbr. hér að framan.

Í dægradvöl sem er starfrækt er milli kl 14:00 og 16:00 (nema á föstudögum til kl 15:00) er fjöldi nemenda misjafn. Dægradvöl miðast við 1.-2. bekk en skoðaðar eru umsóknir vegna nemenda í 3.-4. bekk að sögn skólastjóra.

Fjöldi nemenda í dægradvöl var sem hér segir í mars 2019:

Mánudagur	22 nemendur
Þriðjudagur	17 nemendur
Miðvikudagur	20 nemendur
Fimmtudagur	16 nemendur
Föstudagur	15 nemendur

Greitt er fyrir nemendur í dægradvöl samkvæmt gjaldskrá sveitarfélagsins. Sótt er um áskrift hjá ritara. Reikningur er sendur frá skrifstofu sveitarfélagsins.

Nemendur greiða 310 krónur fyrir máltíðna í skólanum.

Kennarar ská sig hjá umsjónarmanni mötuneytis. Tekið er saman mánaðarlega hverjir borða.

Kennara greiða 679 krónur fyrir máltíðina.

Skólastjóri notast við bókhaldskerfið til að fylgjast með fjárhag skólans hverju sinni. Óskar eftir aðalþók þegar þörf er á ásamt því að vera með eigin kerfi út frá fjárhagsáætlun.

Tafla 43: Fjöldi stöðugilda við Grunnskóla Bolungarvíkur í apríl 2019

	Stöðugildi				
Stjórnendur	2,00				
Kennarar	15,19*				
Þroskaþjálfari	0,60				
Aðrir starfsmenn	10,15				
Samtals	27,94				
Frístund:					
Stjórnendur	1,00				
Aðrir**					
Samtals	1,00				
Samtals öll stöðugildi	28,94				
* Auk þess er stundakennari í 7,8 kennslustundum					
** Aðrir starfsmenn í frístund eru meðtaldir með öðrum stöðugildum við grunnskólann.					
Starfsmenn í fæðingarorlofi, veikindum og leyfi:					
Einn starfsmaður í námsleyfi					
Einn starfsmaður í launalausuleyfi (framhald af fæðingarorlofi)					
Einn starfsmaður í fæðingarorlofi til 14. apríl 2019.					
Einn starfsmaður búin að vera í veikindaorlofi frá nóvember (er að koma inn en ekki stöðugt).					
* Eitt stöðugildi greiddist af félagsþjónustunni, fellur niður vor 2019. Ekki meðtalið hér að ofan					

Heimild: Skólastjóri.

Tafla 43 sýnir skiptingu stöðugilda við Grunnskóla Bolungarvíkur eins og þau voru í apríl 2019.

Tafla 44: Fjöldi nemenda í Grunnskóla Bolungarvíkur 2016 til 2018, laungjöld og annar kostnaður í þúsundum króna

	2016	2017	2018	Breyting	
				2016/2018	2017/2018
Fjöldi nemenda	132	142	141	9	-1
Útgjöld:					
Laun	173.035	198.757	202.163	16,8%	1,7%
Vörukaup	7.118	7.753	9.599	34,9%	23,8%
Þjónustukaup án innri leigu	11.596	14.181	17.231	48,6%	21,5%
Annar kostnaður	8	23	16	100,0%	-30,4%
Samtals	191.757	220.714	229.009	19,4%	3,8%
Innri leiga	31.802	33.592	34.389		
Tekjur	-373	-2.428	-1.160		
Samtals rekstrarniðurstaða	223.186	251.878	262.238		
Á hvern nemanda:					
Laun	1.311	1.400	1.434		
Annar kostnaður	142	155	190		
Samtals	1.453	1.554	1.624		
Einstakir útgjaldaliðir:					
Prentun og ljósritun	802	745	1.241	54,7%	66,6%
Önnur sérfræðiþjónusta	4.715	5.469	6.331	34,3%	15,8%
Rafmagn	1.342	1.447	1.772	32,0%	22,5%
Heitt vatn	2.806	2.740	2.923	4,2%	6,7%
Hreinlætisvörur	449	534	693	54,3%	29,8%

Heimild: Bolungarvíkurkaupstaður

Tafla 44 sýnir fjölda nemenda frá 2016 til 2018. Einnig sýnir taflan útgjöld og kostnað á hvern nemanda þessi ár. Útgjöldin eru sýnd á verðlagi hvers árs í þúsundum króna.

Nemendum fjölgaði um 10 á milli árunna 2016 og 2017 en fækkar um einn á milli árunna 2017 og 2018.

Það vekur athygli hversu mikið útgjöld vegna vöru- og þjónustukaupa aukast á milli þessara ára. Á milli árunna 2016 og 2018 aukast útgjöld vegna vörukaupa um 35% og þjónustukaupa án innri leigu um 49%. Við samanburð á aðalbók 2016 og 2018 kemur fram að nokkrir liðir eru að hækka umtalsvert á milli ára. Sem dæmi má nefna að ræstingavörur kostuðu 449 þúsund krónur árið 2016 en 693 þúsund krónur árið 2018, eða hækkingun um 54%. Rétt er að leggja áherslu á að þessir hlutir verði skoðaðir frekar. Neðst í töflunni eru sýnd dæmi um það hvernig gjöld nokkurra útgjaldliða hafa breyst á milli þessara ára.

Tafla 45: Áætluð breyting á reglulegum launum kennara og skólastjórnenda á tímabilinu 2015 til 2017

	2015	2016	2017
Félag grunnskólakennara	100	107,7	119,5
Skólastjórafélag Íslands	100	107,0	113,6

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 45 sýnir áætlaða breytingu á launum kennara og skólastjórnenda á árunum 2015 til 2017. Eins og þarna kemur fram hækkuðu laun kennara að meðaltali um 11% á milli árunna 2016 og 2017 og skólastjórnenda um 6,2%. Þessar hækkanir skýra að hluta hækkinguna sem verður á launum á milli árunna 2016 og 2017. Launaútgjöldin hækkuðu um 1,7% á milli árunna 2017 og 2018.

Ljóst er af þessu að launaútgjöld hækkuðu minna á milli þessara ára en útgjöld vegna vöru- og þjónustukaupa.

Tafla 46: Gjöld og tekjur og gjöld og tekjur á hvern nemanda í samanburðarskólum árið 2017 í þúsundum króna

	Blönduós	Árborg	Rangárb.y.	Eyjafj.sveit	Fjarðab.	Bolungarv.	Húnaþ. v.	Rvík	Stykkish.	Rvík	Sv. Vogar
	Blöndu-skóli	Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri	Grunnskólinn á Hellu	Hrafnagilsskóli	Grunnskólinn á Eskifirði	Grunnskóli Bolungarvíkur	Grunnskóli Húnaþings vestra	Hamra-skóli	Grunnskólinn í Stykkishólmi	Húsa-skóli	Stóru-Vogaskóli
Fjöldi nemenda	126	127	130	133	141	142	152	153	160	166	173
Laun og launatengd gjöld	171.041	288.563	182.725	250.147	214.685	206.687	231.778	213.863	238.937	228.011	283.797
Annar rekstrarkostnaður	26.595	72.082	51.696	50.236	38.205	44.905	72.602	41.677	38.028	38.793	67.125
Rekstrarkostnaður samtals, brúttó	197.636	360.645	234.420	300.382	252.889	251.592	304.380	255.539	276.965	266.804	350.922
Tekjur	13.217	9.463	12.288	23.770	9.018	16.535	26.281	22.552	22.491	19.602	7.632
Útgjöld á hvern nemanda:											
Laun og launatengd gjöld	1.357	2.272	1.406	1.881	1.523	1.456	1.525	1.398	1.493	1.374	1.640
Annar rekstrarkostnaður	211	568	398	378	271	316	478	272	238	234	388
Rekstrarkostnaður samtals, brúttó	1.569	2.840	1.803	2.259	1.794	1.772	2.002	1.670	1.731	1.607	2.028
Tekjur á hvern nemanda	105	75	95	179	64	116	173	147	141	118	44

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 46 sýnir samanburð á rekstrarkostnaði samtals og á hvern nemanda í 11 samanburðarskólum árið 2017. Fimm stærri en Grunnskóli Bolungarvíkur og fimm minni hvað nemendafjöldi varðar. Innri leiga og kostnaður vegna skólaaksturs hefur verið dregið frá. Reynslan sýnir að það er mjög mismunandi hvernig sveitarfélög reikna innri leigu, sem hefur leitt til þess að ekki fæst rétt mynd af samanburðinum ef innri leiga er tekin með. Þess vegna er hún ekki reiknuð með hér. Jafnframt eru útgjöld vegna skólaaksturs ekki talin með öðrum rekstrarkostnaði. Gerður er fyrirvari um þennan samanburð því skólahald getur verið mismunandi í þessum skólum sem getur leitt til mismunar í útgjöldum. Engu að síður gefur samanburðurinn ákveðna vísbendingu.

Eins og taflan sýnir voru tveir skólar með lægri launagjöld í þessum samanburði í krónum talið en Grunnskóli Bolungarvíkur. Hins vegar voru fimm skólar með lægri annan rekstrarkostnað en Grunnskóli Bolungarvíkur. Þegar rekstrarkostnaður samtals án innri leigu er borinn saman voru tveir skólar í þessum samanburði með lægri gjöld en Grunnskóli Bolungarvíkur.

Rétt er að fram komi að rekstur mótuneytis hjá Grunnskóla Bolungarvíkur er ekki færður með rekstri grunnskólans. Hjá öðrum skólum í þessum samanburði er það gert a.m.k. í sumum tilfellum og þá til hækkingar á rekstrargjöldum hjá viðkomandi skóla.

Þegar launagjöld á hvern nemanda eru skoðuð voru fjórir skólar með lægri launagjöld á hvern nemanda en Grunnskóli Bolungarvíkur. Tveir fámennari skólar og tveir fjölmennari. Fimm skólar af samanburðarskólunum voru með annan rekstrarkostnað á hvern nemanda lægri en Grunnskóli Bolungarvíkur.

Þegar gjöldin eru tekin saman á hvern nemanda voru fjórir skólar í þessum samanburði með lægri rekstrargjöld samtals án innri leigu á hvern nemanda en Grunnskóli Bolungarvíkur.

Tafla 47: Fjöldi stöðugilda í samanburðarskólum 2017

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

	Blöndu- skóli	Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri	Grunn- skólinn á Helli	Hrafna- gilsskóli	Grunn- skólinn á Eskifirði	Grunnskóli Bolungar- víkur	Grunnskóli Húnaþings vestra	Hamra- skóli	Grunnskólinn í Stykkishólmi	Húsa- skóli	Stóru- Vogaskóli
Fjöldi nemenda	126	127	130	133	141	142	152	153	160	166	173
Stöðugildi við kennslu og stjórnun	16,8	22,7	17,0	21,0	19,2	17,2	18,3	19,2	20,6	17,7	24,0
Þar af við stjórnun	3,0	4,0	2,9	2,8	3,0	2,0	2,0	4,0	3,0	3,0	5,0
Stöðugildi annarra starfsmanna	4,5	16,7	12,5	8,7	9,7	13,3	12,3	8,8	13,8	10,0	16,8
Stöðugildi samtals	21,3	39,4	29,5	29,7	28,9	30,5	30,6	28,0	34,4	27,7	40,8

Tafla 47 sýnir stöðugildi í samanburðarskólum árið 2017. Um er að ræða skóla með 126 nemendur upp í 173.

Einn skóli var með færri stöðugildi kennara og við stjórnun samtals en Grunnskóli Bolungarvíkur í þessum samanburði. Hins vegar voru sjö skólar með færri stöðugildi annarra starfsmanna en Grunnskóli Bolungarvíkur.

Þetta hefur leitt til þess að þegar stöðugildi samtals eru skoðuð voru sex skólar með færri stöðugildi en Grunnskóli Bolungarvíkur í þessum samanburði.

Tafla 48: Fjöldi nemenda á hvert stöðugild í samanburðarskólum árið 2017

	Blöndu- skóli	Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri	Grunn- skólinn á Helli	Hrafna- gilsskóli	Grunn- skólinn á Eskifirði	Grunnskóli Bolungar- víkur	Grunnskóli Húnaþings vestra	Hamra- skóli	Grunnskólinn í Stykkishólmi	Húsa- skóli	Stóru- Vogaskóli
	126	127	130	133	141	142	152	153	160	166	173
Við kennslu og stjórnun	7,5	5,6	7,6	6,3	7,3	8,3	8,3	8,0	7,8	9,4	7,2
Aðrir starfsmenn	28,0	7,6	10,4	15,3	14,5	10,7	12,4	17,4	11,6	16,6	10,3
Samtals	5,9	3,2	4,4	4,5	4,9	4,7	5,0	5,5	4,7	6,0	4,2

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 48 sýnir nemendafjölda á hvert stöðugildi í samanburðarskólunum 11 árið 2017. Eins og taflan sýnir var einn skóli með fleiri nemendur á hvert stöðugildi kennara og stjórnenda en Grunnskóli Bolungarvíkur og einn með jafnmarga nemendur. Sjö skólar voru með fleiri nemendur á hvert stöðugildi annarra starfsmanna en Grunnskóli Bolungarvíkur. Fimm skólar voru með fleiri nemendur á hvert stöðugildi samtals en Grunnskóli Bolungarvíkur í þessum samanburði.

Tafla 49: Fjöldi nemenda og stöðugilda við Grunnskóla Bolungarvíkur árin 2002 til 2017

Ár	Fjöldi nemenda	Kennarar / leiðbeinendur	Aðrir starfsmenn	Samtals
2002	144	20,2	7,5	27,7
2003	138	18,3	6,3	24,6
2004	141	18,0	6,7	24,7
2005	146	17,4	6,6	24,0
2006	139	16,8	5,0	21,8
2007	136	19,1	5,2	24,4
2008	125	16,8	10,5	27,3
2009	118	14,7	9,4	24,0
2010	111	15,1	8,7	23,8
2011	110	13,7	9,7	23,4
2012	110	13,1	8,5	21,6
2013	136	15,1	5,5	20,5
2014	127	14,4	11,9	26,3
2015	121	15,9	13,2	29,1
2016	132	16,9	11,3	28,3
2017	142	17,2	13,3	30,5
Breyting 2010/2017	31	2,1	4,7	6,7

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 49 sýnir fjölda nemenda og stöðugilda kennara og annarra starfsmanna við Grunnskóla Bolungarvíkur á árunum 2002 til 2017.

Eins og taflan sýnir fækkar nemendur frá 2002 til 2011 en hefur síðan fjölgað aftur. Á tímabilinu 2010 til 2017 fjölgar nemendum við skólann um 31. Á sama tíma fjölgar stöðugildum kennara um 2,1 og annarra starfsmanna um 4,7, eða fjölgun stöðugilda samtals um 6,7.

Það vekur athygli hvernig stöðugildum annarra starfsmanna við skólann hefur verið að fjölga síðustu ár.

Tafla 50: Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi við Grunnskóla Bolungarvíkur árin 2002 til 2017

Ár	Fjöldi nemenda	Kennarar / leiðbeinendur	Aðrir starfsmenn	Samtals
2002	144	7,1	19,2	5,2
2003	138	7,6	21,9	5,6
2004	141	7,8	21,0	5,7
2005	146	8,4	22,1	6,1
2006	139	8,3	27,8	6,4
2007	136	7,1	26,0	5,6
2008	125	7,4	11,9	4,6
2009	118	8,1	12,6	4,9
2010	111	7,3	12,8	4,7
2011	110	8,0	11,3	4,7
2012	110	8,4	13,0	5,1
2013	136	9,0	24,8	6,6
2014	127	8,8	10,6	4,8
2015	121	7,6	9,2	4,2
2016	132	7,8	11,6	4,7
2017	142	8,3	10,7	4,7
Breyting 2010/2017	31	0,9	-2,2	0,0

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 50 sýnir fjölda nemenda á hvert stöðugildi í Grunnskóla Bolungarvíkur frá árinu 2002 til 2017.

Eins og taflan sýnir hefur nemendum á hvert stöðugild kennara frá árinu 2002 til ársins 2017 farið fjölgandi heilt yfir með nokkrum undantekningum. Árið 2010 voru 7,3 nemendur á hvert stöðugildi kennara en árið 2017 voru þeir orðnir 8,3, eða fjölgun um 0,9.

Það sama verður ekki sagt um fjölda nemenda á hvert stöðugildi annarra starfsmanna, þar sem nemendum á hvert stöðugildi hefur fækkað nokkuð mikið sérstaklega í samanburði við fyrri hluta tímabilsins. Árið 2010 voru 12,8 nemendur á hvert stöðugildi en sú tala var komin niður í 10,7 árið 2017, eða fækkun um 2,2 nemendur.

Þegar fjöldi nemenda á stöðugildi samtals er skoðaður er fjöldinn óbreyttur á milli árana 2010 og 2017, eða 4,7 nemendur á hvert stöðugildi. Þetta eru nokkuð fáir nemendur á hvert stöðugildi samtals, sem skýrist að stórum hluta af fjölda annarra stöðugilda en við kennslu og stjórnun.

Tafla 51: Skipting á launagjöldum starfsmanna við Grunnskóla Bolungarvíkur árið 2016 til og með 2018

	2016		2017		2018		Breyting 2018/2016	
	Kennarar og stjórnendur	Aðrir starfsmenn	Kennarar og stjórnendur	Aðrir starfsmenn	Kennarar og stjórnendur	Aðrir starfsmenn	Kennarar og stjórnendur	Aðrir starfsmenn
Mánaðarlaun	95.586.750	32.531.124	107.933.523	38.855.378	110.987.627	40.851.170	16,1%	25,6%
Yfirvinna	1.805.082	963.566	2.803.511	587.170	3.043.662	845.184	68,6%	-12,3%
Forfallakennsla	1.703.456		1.523.972		1.925.986		13,1%	
Kennsluyfirvinna grunnskóla			89.535					
Eingreiðsla	3.121.200		81.600		2.218.500		-28,9%	
Desemberuppbót		937.232	8240	1.125.399		977.450		4,3%
Annaruppbót	2.628.982		2.791.800		3.130.450		19,1%	#DIV/0!
Orlofsuppbót		363.025	11.760	425.725		437.780		20,6%
Önnur laun			1.769.456		1.000.000			
Launatengd gjöld	26447293	7.727.460	29.380.396	9.153.511	30.739.974	9.646.640	16,2%	24,8%
Orlof	446.643	831.082	706.143	1.114.067	912.657	748.309	104,3%	-10,0%
Samtals	131.739.406	43.353.489	147.099.936	51.261.250	153.958.856	53.506.533	16,9%	23,4%

Heimild: Bolungarvíkurkaupstaður

Tafla 51 sýnir skiptingu launagjalda hjá Grunnskóla Bolungarvíkur árin 2016 til 2018.

Mánaðarlaun kennara og stjórnenda hækkuðu um 16% á milli árána 2016 og 2018. Hins vegar hækkuðu laun annarra starfsmanna um 26% á sama tímabili. Yfirvinna og forfallakennsla hjá kennurum fer hækandi á þessu tímabili, eða hækkar um 69% á milli árána 2016 og 2018. Yfirvinna og forfallakennsla sem hlutfall af mánaðarlaunum kennara var 4,5% árið 2018. Hjá öðrum starfsmönnum var yfirvinna sem hlutfall af mánaðarlaunum 2,1%. Spyrja má af hverju þessi yfirvinna fellur til hjá öðrum starfsmönnum en kennurum.

Það vekur athygli að veikindalaun eru ekki skráð sérstaklega hjá skólanum.

Tafla 52: Fjöldi bekkjardeilda og nemenda í hverri bekkjardeild og árgangi í Grunnskóla Bolungarvíkur skólaárið 2018/2019 (staðan í mars 2019)

	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur	Samtals
Fjöldi nemenda	15	16	12	13	17	20	9	11	15	13	141
Meðaltal í bekk											14,1

Heimild: Skólástjóri Grunnskóla Bolungarvíkur

Tafla 52 sýnir fjölda bekkjardeilda og fjölda nemenda í hverjum árgangi í Grunnskóla Bolungarvíkur skólaárið 2018/2019.

Engar sérstakar reglur gilda um fjölda nemenda í bekkjardeildum. Reynsla skýrsluhöfundar er að það hafi almennt verið sett nokkuð í hendur skólástjórnenda hvernig nemendum er raðað í bekkjardeildir og þá hvað mörgum. Þó hafa sum sveitarfélög fylgt ákveðnum reglum þar um. Reynslan hefur sýnt að skólástjórnendur almennt hafa haft færri nemendur í hverjum bekk í yngri bekkjardeildum en þeim eldri. T.d. hefur skýrsluhöfundur heyrt því haldið fram að um 20 nemendur að hámarki eigi að vera í fyrsta og öðrum bekk. Síðan 25 nemendur að hámarki í þriðja til sjöunda bekk og svo 27 nemendur að hámarki í áttunda til 10. bekk. Lögð er áhersla á að þetta er engin regla.

Eins og taflan sýnir eru að meðaltali 14,1 nemendur í hverjum bekk skólaárið 2018/2019 í Grunnskóla Bolungarvíkur.

Þeirri spurningu er hér varpað fram hvort ekki megi taka upp samkenndu á milli árganga í skólanum með það að markmiði að styrkja enn frekar skólastarfið. Með því væri möguleiki á að auka kenndu í móðurmálum nemenda, auka talmeinakennslu, starf þroskaþjálfara o.s.frv. án þess að því fylgi aukinn kostnaður.

Tafla 53: Kostnaður við rekstur mótuneytis í Grunnskóla Bolungarvíkur

				Breyting	Breyting
	2016	2017	2018	2016/2017	2017/2018
Launagjöld	8.826	7.931	9.200	-10%	16%
Matarkaup	11.291	10.814	11.413	-4%	6%
Annar kostnaður en reiknuð leiga og afnot	1.047	1.159	2.405	11%	108%
Samtals án reiknaðra afnota	21.164	19.904	23.018	-6%	16%
Reiknuð afnot	2.925	2.874	3.110	-2%	8%
Samtals með reiknuðum afnotum	24.089	22.778	26.128	-5%	15%
Tekjur	12.156	14.107	15.144	16%	7%
Hluttur sveitarfélagsins án reiknaðra afnota	9.008	5.797	7.874	-36%	36%
Hluttur sveitarfélagsins með reiknuðum afnotum	11.933	8.671	10.984	-27%	27%
Tekjur sem hlutfall af kostnaði án reiknaðra afnota	57%	71%	66%		
Tekjur sem hlutfall af kostnaði með reiknuðum afnota	50%	62%	58%		

Heimild: Bolungarvíkurkaupstaður

Tafla 53 sýnir útgjöld og tekjur vegna reksturs mótuneytis í Grunnskóla Bolungarvíkur.

Eins og taflan sýnir lækka útgjöldin á milli árána 2016 og 2017, bæði launagjöld og matarkostnaður lækka. Hins vegar hækka tekjur vegna matarsölu á milli árána. Þessi lækking á útgjöldum og hækking tekna leiðir til þess að hluttur sveitarfélagsins lækkaði nokkuð á milli árána 2016 og 2017.

Launaútgjöldin hækka hins vegar nokkuð á milli árána 2017 og 2018, eða um 16%. Á sama tíma sem hráefniskaup hækka um 6%. Samtals hækka útgjöldin án reiknaðra leigu og afnota af tækjum um 16% á milli árána 2017 og 2018. Á sama tíma hækkuðu tekjurnar um 7% og hluttur sveitarfélagsins án reiknaðra afnota um 36%, en hafði lækkað um 36% á milli árána 2016 og 2017.

Tafla 54: Kostnaður við rekstur heildagsskóla í Grunnskóla Bolungarvíkur

				2016/2017	2017/2018
	2016	2017	2018	2016/2017	2017/2018
Launagjöld	5.314	4.037	6.391	-24%	58%
Annar kostnaður en reiknuð leiga og afnot	46	20	62	-57%	210%
Samtals án reiknaðra afnota	5.360	4.057	6.453	-24%	59%
Reiknuð afnot	556	1.214	1.253	118%	3%
Samtals með reiknuðum afnotum	5.916	5.271	7.706	-11%	46%
Tekjur	2.327	2.478	1.886	6%	-24%
Hluttur sveitarfélagsins án reiknaðra afnota	3.033	1.579	4.567	-48%	189%
Hluttur sveitarfélagsins með reiknuðum afnotum	3.589	2.793	5.820	-22%	108%
Tekjur sem hlutfall af kostnaði án reiknaðra afnota	43%	61%	29%		
Tekjur sem hlutfall af kostnaði með reiknuðum afnota	39%	47%	24%		

Heimild: Bolungarvíkurkaupstaður

Tafla 54 sýnir kostnað og tekjur við rekstur heildagsskóla við Grunnskóla Bolungarvíkur.

Það vekur athygli að útgjöldin lækka nokkuð á milli árunna 2016 og 2017. Hins vegar hækka tekjurnar á milli árunna um 6%. Þetta leiddi til þess að hlutur sveitarfélagsins í rekstrinum lækkaði nokkuð á milli árunna 2016 og 2017.

Hins vegar hækkuðu útgjöldin nokkuð hlutfallslega á milli árunna 2017 og 2018. Launaútgjöldin hækkuðu um 58%. Á sama tíma lækkuðu tekjurnar hlutfallslega um 24%. Þetta hefur síðan leitt til þess að hlutur sveitarfélagsins hefur aukist. Var án reiknaðra afnota 1.579 þúsund krónur árið 2017 saman borið við 4.567 þúsund krónur árið 2018, eða hækkun sem nemur hlutfallslega 189%.

TÓNLISTARSKÓLI BOLUNGARVÍKUR

Við skólann eru fjórir kennarar og skólastjóri. Skólastjóri er í 100% starfi sem tónlistarskólastjóri með kennsluskyldu.

Söngkennari og píanókennari eru í 75% starfshlutfalli hvor. Annar píanókennari er í 50% starfshlutfalli og aðrir tveir kennarar í 25% starfshlutfalli hvor. Samtals 2,75 stöðugildi. Söngkennari er einnig píanókennari og er ráðinn með 75 % starf. Aukalega sér söngkennari um meðleik, aðallega fyrir söng- og fiðlunemendur.

Við skólann er fiðlukennari, gítarkennari, söngkennari/píanókennari og píanókennari. Skólastjórinn kennir á tréblásturhljóðfæri, trommur, píanó og tónfræði og spilar undir fyrir nemendur sem hann er að kenna.

Venjulega byrjar kennslan kl. 12:30/13:00 og lýkur yfirleitt um kl. 17:00 nema söngkennsla er oft til 17:30, kemur fyrir til 18:00.

Álag er greitt til kennara vegna vinnu eftir kl. 17:00. Af því að menntaskólanemendur geta ekki mætt fyrr en klukkan 16:00, eru kennarar sem kenna menntaskólanemendum oft að kenna til klukkan 17:30, kemur fyrir til klukkan 18:00.

Skólastjóri reynir að sjá til þess að kennslu sé lokið kl. 17:00 en ef það er ekki mögulegt þá kl.18:00.

Skólastjóri leggur áherslu á að kennslu sé lokið innan dagvinnutíma, þ.e. að kennsla fari fram á tímabilinu frá kl. 13:00 til 17:00.

Flestir nemendur eru frá Grunnskóla Bolungarvíkur en það eru jafnframt menntaskólanemendur í námi við skólann. Í febrúar (2019) voru einnig tveir fullorðnir nemendur við Tónlistarskóla Bolungarvíkur.

Skólastjóri bendir á að skólinn sé gjaldfærður fyrir kostnaði vegna aksturs á milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur sem skólinn notar ekki. Um er að ræða kostnað sem er í reynd skólanum óviðkomandi.

ÍÞRÓTTAMANNVIRKI

Opnunartími sundlaugarinn er á virkum dögum frá kl. 6:00 til 21:00 og um helgar frá kl. 10:00 til 18:00.

Forstöðumaður íþróttamannvirkis starfar 80% í sundlaugavörslu og 20% í stjórnun. Reglulegur vinnutími hans er til skiptis frá kl. 6:00 til 14:00 og frá 14:00 til 22:00.

Vaktafyrirkomulagið er þannig að starfsmenn vinna þriðju hverja helgi og eru alltaf tveir á vakt.

Starfsmenn eru sex. Tvær konur í 100% starfi og ein í 50% starfi. Einn karlmaður í 70% starfi, forstöðumaður í 80% vegna sundlaugargæslu og einn karlmaður í 100%. Samtals eru því fimm stöðugildi vegna sundlaugargæslu. Auk þess er forstöðumaður í 20% starfi vegna stjórnunar, eða samtals 5,2 stöðugildi.

Sami maður annast sundlaugargæslu, heita potta, klefavörslu, öryggisgæslu í íþróttahúsi og selur aðgang í sundlaug.

Það kemur fyrir að það þarf að vera baðvarsla í karla- og kvennaklefa á sama tíma. Þá er enginn í sundlaugarvörslu að sögn forstöðumanns.

Heitir pottar og þrekstöðin eru opin frá kl. 6:00 til 21:00 alla virka daga en sundlaugin er lokað á skólatíma. Pottarnir eru opnir á meðan skólasund stendur yfir. Ef er engin sundkennsla fær fólk að fara í sund.

Að öllu jöfnu telur forstöðumaður að ekki þurfi að vinna mikla yfirtíð. Forstöðumaður er með fasta yfirtíð en fær síðan greidda alla unna yfirtíð.

Námkvæm skráning liggur fyrir um hvenær sundlaugargestir mæta. Nýta má þessa skráningu til að skoða hvenær fólk mætir í sund og þá hvort ástæða sé til að breyta opnunartíma sundlaugarinnar.

Forstöðumaðurinn annast tjaldsvæðið, sem er á lóð íþróttamannvirkisins og um tjaldsvæðið í Skálavík.

BÓKASAFN BOLUNGARVÍKUR

Bókasafn Bolungarvíkur er rekið í húsnæði grunnskólans. Almenningsbókasafnið er rekið með skólabókasafni grunnskólans.

Opnunartími almenningsbókasafnsins er á mánudögum, miðvikudögum og fimmtudögum frá kl. 14:00 til 16:00. Á þriðjudögum er opið frá kl. 14:00 til 18:00. Auk þessa er skólabókasafnið opið alla virka daga á skóladögum frá kl. 8:00 til 10:00.

Forstöðumaður bókasafnsins er í 50% starfi. Hann tekur opnunartíma skólabókasafnsins og opnunartíma á almenningsbókasafninu á þriðjudögum. Síðan er annar starfsmaður í 25% starfi og annast opnunartíma almenningsbókasafnsins á mánudögum, miðvikudögum og fimmtudögum. Utan opnunartíma vinna báðir starfsmennirnir við skráningu, þrif og fleira tilfallandi og leysa af í forföllum.

Samkvæmt þessu eru stöðugildin við bókasafnið 75% af heilu stöðugildi.

Ekki eru seld árskort vegna lána á bókum. Eru lánin því gjaldfrjál.

Tafla 55: Útlán á bókum hjá Bókasafni Bolungarvíkur skipt eftir mánuðum og klukkustundum árið 2018


Klukkustund	Janúar	Febrúar	Mars	Apríl	Maí	Júní	Júlí	Ágúst	September	Október	Nóvember	Desember	Samtals
07:00-07:59	18	2	3		1				1			1	26
08:00-08:59	455	433	262	313	285	8			352	322	276	99	2.805
09:00-09:59	69	49	11	118	15				125	121	60	12	580
10:00-10:59	22	9		15	9	4					25	8	92
11:00-11:59	49	43	2	1	5				23	3	17	4	147
12:00-12:59	21	30	7	5	7	7			4	5	1	5	92
13:00-13:59	48	15	26	10	7	3			12	7	15	11	154
14:00-14:59	25	18	48		8	5			71	76	86	80	417
15:00-15:59	5	1	1	7		6			87	109	72	61	349
16:00-16:59	158	122	115	97	127	167			21	11	18	26	862
17:00-17:59	87	110	60	80	76	110			4	21	25	22	595
18:00-18:59	9	8	6			28					2	1	54
19:00-19:59						1							1
20:00-20:59					2								2
21:00-21:59	2		1										3
Samtals	968	840	542	646	542	339	0	0	700	675	597	330	6.179

Heimild: Landskerfi bókasafna

Tafla 55 sýnir fjölda útlána skipt eftir mánuðum og klukkustundum árið 2018 hjá Bókasafni Bolungarvíkur.

Eins og taflan sýnir voru útlán samtals 6.179. Flest voru útlánin í janúar, en þá voru þau 968. Fæst voru útlánin í desember, eða 330 og 339 í júní. Bókasafnið var lokað í júlí og ágúst 2018 vegna breytinga á safninu.

Mynd 10: Útlán samtals hjá Bókasafni Bolungarvíkur skipt eftir klukkustundum árið 2018




Heimild: Landskerfi bókasafna

Mynd 10 sýnir útlán samtals hjá Bókasafni Bolungarvíkur skipt eftir klukkustundum árið 2018.

Eins og myndin sýnir voru útlánin flest á tímabilinu frá kl. 8:00 til 8:59, eða 2.805 bækur. Heildarútlánin voru 6.179. Þannig voru útlánin á þessari klukkustund 45% af útlánunum samtals yfir árið. Hér er um að ræða þjónusta skólabókasafnsins.

Á opnunartíma almenna bókasafnsins voru útlánin flest á tímabilinu frá kl. 16:00 til 16:59, eða 862 bækur.

Mynd 11: Útlán hjá Bókasafni Bolungarvíkur skipt eftir árum árin 2013 til 2018



Heimild: Landskerfi bókasafna

Mynd 11 sýnir útlán bóka hjá Bókasafni Bolungarvíkur árin 2013 til 2018, eða frá þeim tíma sem skráning bókasafnsins hófst hjá Landskerfi bókasafna. Eins og taflan sýnir fjölgaði útlánunum á milli ára fram til ársins 2017. Er þar einkum um að ræða fjölgun í útlánunum vegna nemenda grunnskólans. Það var stífgandi í almennum útlánunum og til kennara fram til ársins 2017. Síðan fækkar útlánunum árið 2018, bæði almennum útlánunum og til nemenda.

Tafla 56: Skil á bókum hjá Bókasafni Bolungarvíkur skipt eftir mánuðum og klukkustundum árið 2018


Klukkustund	Janúar	Febrúar	Mars	Apríl	Maí	Júní	Júlí	Ágúst	September	Október	Nóvember	Desember	Samtals
07:00-07:59	12	1	1	6	2	1		5				2	30
08:00-08:59	404	429	265	366	388	8			260	320	303	144	2.887
09:00-09:59	54	74	19	69	35				81	135	40	17	524
10:00-10:59	6	25	9	16	51	2			3	1	27	1	141
11:00-11:59	50	36	3	6	19				12		3	1	130
12:00-12:59	16	27	57	2	7			5	8	11	4	7	144
13:00-13:59	24	3	14	21	9	4			4	3	16	16	114
14:00-14:59	16	42	10		7	4			121	72	95	78	445
15:00-15:59	7	6	11	2	12	31		12	120	110	64	61	436
16:00-16:59	183	120	114	113	123	96			29	39	22	18	857
17:00-17:59	93	84	74	77	69	62				14	11	19	503
18:00-18:59		5			1	8							14
Samtals	865	852	577	678	723	216	0	22	638	705	585	364	6.225

Heimild: Landskerfi bókasafna

Tafla 56 sýnir fjölda skila á bókum skipt eftir mánuðum og klukkustundum árið 2018 hjá Bókasafni Bolungarvíkur.

Eins og taflan sýnir voru skil á bókum samtals 6.225. Flest voru skilin í janúar, en þá voru þau 865. Fæst voru skilin í júní að ágústmánuði slepptum, eða 216.

Mynd 12: Skil bóka samtals hjá Bókasafni Bolungarvíkur skipt eftir klukkustundum árið 2018



Heimild: Landskerfi bókasafna

Mynd 12 sýnir skil bóka samtals hjá Bókasafni Bolungarvíkur skipt eftir klukkustundum árið 2018.

Eins og myndin sýnir voru skilin flest á tímabilinu frá kl. 8:00 til 8:59, eða 2.887. Heildar skráð skil voru samtals 6.225. Þannig voru skilin á þessari klukkustund 46% af öllum bókaskilum á árinu. Hér er um að ræða þjónusta við skólabókasafnið.

Á opnunartíma almenna bókasafnsins voru skilin flest á tímabilinu frá kl. 16:00 til 16:59, eða 857.

TÆKNIDEILD, BÆJARVERKSTJÓRI OG UMSJÓNARMAÐUR FASTEIGNA

Starfsmaður á tæknideild

Daglegur vinnutími er frá kl. 8:00 til 16:00.

Hann annast tæknimál sveitarfélagsins. Hefur eftirlit með framkvæmdum á vegum þess. Annast bygginganefndarmál hjá sveitarfélaginu. Starfsmaður tæknideildar hefur ekki réttindi sem byggingarfulltrúi, því er sú þjónusta keypt af Tækniþjónustu Vestfjarða.

Starfsmaðurinn vinnur að því að fá réttindi sem byggingarfulltrúi og stefnir að því að vera komin með þau réttindi innan 14 mánaða (frá febrúar 2019).

Gildandi aðalskipulag fyrir sveitarfélagið gildir til 2020. Starfsmaður tæknideildar er að vinna að nýju aðalskipulagi með Verkís sem heldur utan um aðalskipulagsvinnuna. Hann sér um samskipti við Verkís vegna þeirrar vinnu.

Að jafnaði er leitað eftir verði eða farið í útboð vegna framkvæmda á vegum sveitarfélagsins og þannig leitast við að unnið sé samkvæmt innkaupareglum sveitarfélagsins, að sögn starfsmanns tæknideildar.

Undirbýr fundi umhverfismálaráðs, sem er framkvæmdaráð sveitarfélagsins.

Í sumum tilfella annast starfsmaður á tæknideild eftirlit með framkvæmdum og stundum hefur bæjarstjóri gert það. Ætla verður að betur færi á því að þessar línur væru skýrar og eftirlitið væri á einni hendi.

Starfsmaður á tæknideild hefur engin mannaforráð.

Verkefni á vegum þjónustumiðstöðvar eru að mestu unnin í verktöku. Línur eru ekki alveg skýrar um það hver hefur eftirlit með verktakanum. Stundum hefur starfsmaður á tæknideild eftirlit með verktakanum og stundum bæjarverkstjóri. Það mættu vera skýrari línur þarna á milli.

Bæjarverkstjóri fer að hluta og starfsmaður á tæknideild að hluta með ákvarðanir vegna snjómoksturs. Starfsmaðurinn fær nokkuð oft fyrirspurn um, hvort eigi að moka þetta eða hitt að sögn starfsmannsins. Að hans mati eru línur ekki skýrar þarna á milli. Bæjarverkstjóri á að sjá um snjómokstur og allt sem honum er tengt, að hann heldur. En samt er verið að hringja í starfsmann á tæknideild til að spyrja. Reikningar vegna snjómoksturs koma til starfsmanns á tæknideild til samþykktar en hann hefur ekki stjórnað snjómokstrinum. Telja verður eðlilegt að bæjarverkstjóri samþykki reikninga vegna snjómoksturs eða sá sem stjórna mokstrinum.

Reynt hefur verið að halda vikulega fundi starfsmanns tæknideildar, bæjarverkstjóra og umsjónarmanns húseigna en það hefur ekki alveg gengið eftir. Ef fundir hafa verið haldnir hefur starfsmaður tæknideildar haldið fundargerðir og sent þær til bæjarstjóra og þeirra sem sátu viðkomandi fundi.

Hann á í góðum samskiptum við bæjarstjóra og fjármála- og skrifstofustjóra en efla þar samskipti við þjónustumiðstöðina og eignasjóð.

Varðandi aðstoð við verkefni sér starfsmaðurinn helst að vanti aðstoð varðandi mál tengd byggingarfulltrúa, en eins og staðan er í dag þá hafa þau mál verið leyst þar sem verkefni byggingarfulltrúa eru leyst með aðkeyptri vinnu. En þegar verkefni byggingarfulltrúa koma alfarið til bæjarins má ætla að aðstoðar væri þörf frá starfsmanni á skrifstofu við ýmislegt tengt byggingarfulltrúaembættinu.

Bæjarverkstjóri

Næsti yfirmaður bæjarverkstjóra er bæjarstjóri.

Í starfi bæjarverkstjóra felst að vera eftirlitsaðili með verktaka, umsjón með verklegum framkvæmdum og stjórná snjómokstri. Bæjarverkstjóri hefur yfirumsjón með vatnsveitu. Um er að ræða tvær hreinsistöðvar og dæluhús fyrir efri byggðina. Vatnið er fengið úr tveimur lónum og er notað yfirborðsvatn, sem er geislað.

Vinnutíminn er frá kl. 8:00 til kl.16:00 á virkum dögum. Bæjarverkstjóri er með fast yfirtíð 47 klukkustundir á mánuði. Auk þess hefur hann fengið greitt fyrir ákveðin verk ef um mikla vinnu er að ræða. Bæjarstjóri metur hvort er greitt aukalega eða ekki fyrir unna vinnu utan reglubundins vinnutíma. Bæjarstjóri fer yfir vinnutíma bæjarverkstjóra.

Öll vinna þjónustumiðstöðvar er að öðru leyti unnin í verktöku. Verkefnin voru fyrst boðin út árið 1997. Síðan þá hefur þetta ekki verið boðið út skv. upplýsingum frá bæjarverkstjóra.

Áður voru tveir verktakar en núna er bara einn verktaki að sögn bæjarverkstjóra. Að mati bæjarverkstjóra er áhugavert að skoða hvort sé betra að vera með tvo verktaka.

Bæjarverkstjóri fer á verkstað með verktakanum og skýrir út hvað á að gera og lætur hann stundum hafa verkbeiðni. Síðan hefur bæjarverkstjóri eftirlit með verktakanum.

Bærinn hefur ekki haft forgang að verktakanum sem leitt hefur til þess sem dæmi að verk, sem best væri að vinna á vorin, hafa þurft að bíða vegna þess að verktakinn er í öðrum verkum. Hins vegar er ákvæði í samningnum, að ef verktakinn kemur ekki innan tilsetts tíma er heimild til að kalla til annan verktaka.

Verktakinn sá um sópun og holræsi. Það þá tekið úr samningi að ósk verktakans. Ísafjarðarbær hefur annst sópun fyrir Bolungarvíkurkaupstað. Verktakinn hefur keypt lítinn sóp og er byrjaður að sópa aftur.

Samkvæmt upplýsingum frá Bolungarvíkurkaupstað hafa greiðslur vegna þjónustumiðstöðvar verið um 50 milljónir króna á ári s.l. þrjú ár.

Bæjarverkstjóri og Gámaþjónustan hafa séð um hreinsunina á holræsum.

Bæjarverkstjóri skipuleggur snjómokstur eftir forskrift bæjarstjórnar.

Bæjarverkstjóri vinnur ýmis verk sjálfur. Viðhald í vatnsveitunni hefur hann að einhverju leyti séð um. Þegar er verið að tengja vatn inn í hús kemur bæjarverkstjóri oft að því.

Samstarf bæjarverkstjóra og starfsmanns á tæknideild er ekki mikið. Starfsmaður á tæknideild vinnur tæknileg atriði og síðan tekur bæjarverkstjóri við þeim ef verkefnin sem tengjast honum.

Starfsmaður tæknideildar gefur líka fyrirmæli um verk til verktakans, t.d. ef það varðar stofnanir bæjarins o.s.frv.

Að sögn bæjarverkstjóra eru fundir á þriðjudögum, ekki reglulegir, sem bæjarverkstjóri, starfsmaður á tæknideild og umsjónarmaður fasteigna sitja. Bæjarstjóri kemur stundum á þá fundi.

Bæjarverkstjóri á í miklum samskiptum við bæjarstjóra.

Bæjarverkstjóri hefur reynt að nota tímann á veturna í fyrirbyggjandi viðhaldsverkefni, m.a. til að vinna í teikningum og myndum og kemur þeim inn á starfrænt form með autocad.

Ekki er mikið samstarf á milli hans og umsjónarmanns fasteigna. Getur kallað hann til sín ef þarf aðstoð og öfugt.

Lítið sem ekkert samstarf er við höfnina.

Er með eftirlitskerfi í vatnsveitunnu sem hringir á hann ef eitthvað slær út. Mesta eftirlitið er vegna vatnsveitu.

Starfsmaður eignasjóðs

Starfsmaður eignasjóðs annast minniháttar viðhald á fasteignum sveitarfélagsins, þ.m.t. peruskripti og ýmislegt að beiðni forstöðumanna stofnana. Stærri viðhaldsmál eru unnin í samráði við starfsmann á tæknideild.

Starfsmaður eignasjóðs annast snjómokstur á gangstígum við stofnanir bæjarins.

Starfsmaður eignasjóðs fer með mat í báða leikskólana. Maturinn kemur frá grunnskólanum.

Starfsmaður eignasjóðs er með fasta yfirtíð 20 klukkustundir á mánuði. Ef hann vinnur utan reglubundins vinnutíma er borgað aukalega fyrir það. Hann stimplar sig inn og út í áhaldahúsinu, byrjar daginn þar og endar hann þar.

Ef starfsmaður eignasjóðs vinnur aukavinnu skráir hann það yfirleitt handvirkt í tölvu heima.

Starfsmaður eignasjóðs veit ekki hver samþykkir hans yfirvinnutíma.

Starfsmaður eignasjóðs heldur ekki vinnuskýrslu yfir það sem hann er að gera í vinnunni. Það var gert áður en hefur ekki verið gert lengi. Hans vinna er ekki bókfærð á viðkomandi stofnun.

Starfsmaður eignasjóðs telur sig heyra að einhverju leyti undir bæjarverkstjóra og starfsmann á tæknideild.

Starfsmaður eignasjóðs fer með bæjarverkstjóra þegar hann fer upp í lón þannig að hann sé ekki að fara einn. Þá fara þeir oftast báðir.

Ef honum finnst hann vera verklaus fer hann í áhaldahúsið.

Fasteignirnar sem starfsmaður eignasjóðs hefur umsjón með eru eftirtaldar:

- ✓ Ráðhúsið.
- ✓ Árborg, íbúðir fyrir eldri borgara og hjúkrunarheimilið sem heitir Berg.
- ✓ Húsnæði grunnskólans.

- ✓ Leikskólinn Lambhagi.
- ✓ Leikskólinn Glaðheimar.
- ✓ Holtabré 14 til 16. Þar eru 12 íbúðir.
- ✓ Kjallari undir verslun að Vitastíg 1 til 3.
- ✓ Heilsugæslan.

Starfsmaður eignasjóðs annast ekki sundlauginna og íþróttahúsið. Forstöðumaðurinn þar gerir það.

Bærinn á fjölbýlishús að Holtabré 14-16. Starfsmaður eignasjóðs annast það húsnæði. Það er nokkuð um vinnu vegna þess. Nokkuð um að verið sé að skipta um ofna o.s.frv.

Nokkuð er um útköll vegna fjölbýlishússins. Vegna þess er hringt alla tíma sólahringsins. Fólk gleymir lyklunum inni en þá er hringt í starfsmann eignasjóðs. Ef hann er kallaður út til að opna fyrir fólki, sem gleymir lyklunum inni, er stundum skrifað fjögurra klukkustunda útkall á það. Ef það gerist t.d. eftir kl. 9:00 eða 10:00 á kvöldin þá skrifar starfsmaður eignasjóðs það sem útkall að hans sögn.

SLÖKKVILIÐ BOLUNGARVÍKUR

Slökkviliðsstjóri er í 40% starfi sem slökkviliðsstjóri og 60% starfi við höfnina. Að jafnaði telur slökkviliðsstjóri sig vera mun meira við höfnina en sem nemur 60% starfshlutfalli. Þá er ekki gerð leiðrétting á launaseðli, þó svo slökkviliðsstjóri hafi verið allt af 90 % af vinnutíma á höfn, s.s. í afleysingum á sumrum sem og þegar yfirhafnarvörður hefur verið fjarverandi eða veikur einhverja daga á öðrum tímum. Slökkviliðið fær þann tíma ekki leiðréttingu, t.d. til að vinna þau störf er þá hlaðast upp hjá slökkviliðinu að sögn slökkviliðsstjóra.

Bifreiðakostur slökkviliðsins er sem hér segir:

- ✓ Bifreið árgerð 2002, sem er nýjasta bifreiðin. Er með 4.800 lítra vatnstank og sámilega dælu að sögn slökkviliðsstjóra.
- ✓ Gömul sjúkrabifreið, árgerð 1998, sem notuð er fyrir búnað og til að flytja mannskap á milli staða. Bifreiðin er enn skráð á Rauða krossinn en Bolungarvíkurkaupstaður rekur hana.
- ✓ Vatnsbíll, gamall olíubíll, árgerð 1987. Hann er orðinn mjög lélegur að sögn slökkviliðsstjóra, nánast orðinn ónýtur. Náðst hefur að halda viðhaldskostnaði niðri á öllum bílum með því að slökkviliðsstjóri hefur unnið að viðhaldi og stundum með aðstoð slökkviliðsmanna.
- ✓ Slökkvibifreið, árgerð 1967, sem er enn í notkun.

Dæluþingur er orðin þökkalega góður að sögn slökkviliðsstjóra. Liðið er með fimm dæluþingur. Slökkviliðið er þökkalega búnað að öðrum búnaði. Það eru í gildi reglur um hámarksaldur flestra tækja og búnaðar hjá slökkviliðum, t.d. vinnufatnað og öll öryggisæki.

Reykköfunarbúnaður og gallar endast í ákveðinn tíma. Búnaðurinn er að stórum hluta kominn á aldur.

Slökkviliðsstjóri og Slökkviliðsstjórinn á Ísafirði hafa í þrjúgang s.l. aldarfjórðung lagt til að stofnað verði byggðasamlag um slökkvilið Bolungarvíkurkaupstaðar, Ísafjarðarbæjar og Súðavíkurhrepps að sögn slökkviliðsstjóra.

Þetta hefur ekki fengist í gegn að sögn slökkviliðsstjóra.

Í dag mæta frá 16 upp í 23 menn í útkall. Það eru 30 í útkallshópi stærri aðgerða, þar er svokallað varalið talið með, en þeir menn eru boðaðir í stærri útköll, hjálpa þá til við að draga til slöngur og vakta dælur o.fl. Af þessum hópi eru sex sjómenn, en jafnan má reikna með a.m.k. helmingi þeirra á sjó. Skv. reglug. 747/2018 skulu a.m.k. vera 21 slökkviliðsmenn í stærri útköllum.

Æfingar voru alltaf mánaðarlega. Síðustu ár hafa æfingar ráðist af fjárheimildum til þeirra. Oftar en ekki hafa fjárveitingar til æfinga verið búnar í júnílok. Þá hefur slökkviliðsstjóri reynt að sjá til þess að hægt væri að halda eina til tvær æfingar eftir það. Hafa verið 6 til 8 æfingar á ári síðustu ár en voru um 10 á ári á árum áður að sögn slökkviliðsstjóra.

Lágmarksæfingarfjöldi hlutastarfandi slökkviliðsmanns eru 20 klukkustundir og 25 að auki hjá reykköfufurum á ári. Ekki hefur verið gert ráð fyrir útköllum í fjárhagsáætlun en alltaf eru nokkur á ári og minnkar þá fjármagnið til æfinga að sögn slökkviliðsstjóra. Sömuleiðis þarf að gera ráð fyrir kostnaði við námskeið, bæði grunnnámskeið, endurmenntunar- og framhaldsnámskeið en greiða þarf fyrir viðveru á námskeiðum að sögn slökkviliðsstjóra.

Um síðustu aldamót var menntunarhlutfall slökkviliðsmanna nokkuð gott eða um 80% af slökkviliðsmönnum. Hér er átt við grunnám hlutastarfandi slökkviliðsmanna. Grunnám hlutastarfandi eru 5 námskeið og nú eru að byrja fjarnámskeið. Síðan þarf að halda endurmenntunarnámskeið eftir ákveðnum reglum og framhaldsnámskeið, s.s. þjálfunarstjóranámskeið, stjórnendanámskeið o.fl. Stefnan hefur verið að reyna að halda þessu hlutfalli en í efnahagshruninu og árunum þar á eftir fór að þrengja að í efnahagnum hjá slökkviliðinu. Dregið hefur úr menntun slökkviliðsins en unnið er að því að bæta hana.

Á s.l. ári (2018) gat slökkviliðsstjóri haldið eitt námskeið, eftir margra ára hlé að hans sögn og stefnir á að halda tvö á þessu ári (2019).

Reykköfunarmenn slökkviliðsins standast ekki lágmarkið um menntun en eru að afa það og er slökkviliðið með þokkalegan hóp af reykköfufurum að sögn slökkviliðsstjóra. Fjármagn vantar fyrir lögbundinni læknisskoðun reykkafara (árlega) sem og til að taka þá í þrek- og þolpróf að sögn slökkviliðsstjóra.

Það eru hnökrar á eldvarnareftirlitinu Slökkviliðsstjóri sinnir eldvarnaeftirliti í sveitarfélaginu. Hann skoðar og gerir úttektir á byggingum þar sem mikil áhætta er, en lætur annað sitja á hakanum.

Nú er slökkviliðsstjóri farinn að fylgja því ákveðið eftir að farið sé eftir byggingarreglugerð varðandi öryggisatriði. Ekki er búið að framkvæma lokaúttekt á hjúkrunarheimilinu og fleiri byggingum. Hins vegar hefur hann gert öryggisúttekt á húsinu. Slökkviliðsstjóri hefur átt í samskiptum við byggingarfulltrúa varðandi brunaúttekt á húsinu. En þar sem loka úttekt hefur ekki farið fram hefur hann ekki getað gert lokaöryggisúttekt. Á grundvelli öryggisúttektar gaf slökkviliðsstjóri leyfi til notkunar á húsnæðinu með ákveðnum skilyrðum, m.a. kröfu um að ljúka því sem eftir var innan ákveðins tíma. Tvær íbúðarhæðir eru fyrir ofan nýrri enda hjúkrunarheimilisins, þar hefur verið flutt inn, en engin úttekt verið gerð. Sömuleiðis hefur verið lenska hér að menn hafa breytt húsum sínum og byggt við án nokkurra leyfa

og stefnir slökkviliðsstjóri að því að fara í sérstaka aðgerð með byggingarfulltrúa og bæjarstjóra með vorinu vegna þessa.

Slökkviliðsstjóri fer reglulega og framkvæmir eldvarnareftirlit í stærri byggingum í sveitarfélaginu. Telur að eldvarnir séu í sæmilegu standi og þá sérstaklega þar sem mest áhætta er.

Vorið 2015 lagði slökkviliðsstjóri fram brunavarnaráætlun sem ekki var tekin fyrir, hvorki í bæjarráði né bæjarstjórn að sögn slökkviliðsstjóra. Ekki er í gildi brunavarnaráætlun fyrir sveitarfélagið. Síðasta brunavarnaráætlun rann út 2012.

Í drögum að brunavarnaáætlun er áætlun um kaup á búnaði og menntun starfsmanna til að uppfylla lágmarkskröfur samkvæmt lögum nr. 75/2000, lögum nr. 160/2010 og 46/1980 o.fl. lögum og reglugerðum.

Brunahanar eru á ábyrgð slökkviliðsstjóra og þ.m.t. að reglur um brunahana séu uppfylltar. Vatnsveitan sér um þær framkvæmdir. Brunahanar eru í þokkalegu standi að sögn slökkviliðsstjóra. Þeir eru prófaðir reglulega og er haldin mælingaskrá yfir þær prufur.

Félag slökkviliðsmanna í Bolungarvík hefur staðið að kaupum á ýmsum búnaði til að hafa góðar forvarnir í heimahúsum. Félagsmenn hafa gengið í öll hús og yfirfarið brunavarnir og hjálpað fólki með búnaði á heimilum þess. Þetta er búið að vera fastur árlegur liður, eldvarnarátak að sögn slökkviliðsstjóra. Sent er dreifibréf í öll hús og farið í öll hús. Fyrirtækin eru skoðuð af eldvarnareftirliti og gerðar kröfur um úrbætur. Fyrirtækjum er boðið upp á fræðslu fyrir sitt starfsfólk og unnið að því að sérstakur eldvarnarfulltrúi verði skipaður í öllum stærri fyrirtækjum.

Slökkviliðið er með um 200 m² sal til umráða á slökkvistöðinni fyrir fundaðstöðu o.fl. Samkvæmt reglum á slökkviliðið að vera í helmingi stærra húsnæði en það hefur nú til umráða að sögn slökkviliðsstjóra. Í sveitarfélaginu eru ekki öryggistæki eins og t.d. varðandi mengunarvarnir, skv. lögum ber að vera sérstakur mengunarvarnarbúnaður og ýmsar kröfur sem hvíla á húsnæðinu frá vinnueftirlitinu og eldvarnareftirlitinu að sögn slökkviliðsstjóra.

Slökkviliðið fékk að stækka herbergi þar sem kaffistofa er. Er það notað sem kaffistofa og kennslustofa. Slökkviliðsmenn breyttu herberginu í sjálfbodavinnu að sögn slökkviliðsstjóra. Slökkviliðsstjóri er með skrifstofuaðstöðu á slökkvistöð.

Búningar slökkviliðsmanna eru á einum stað í slökkvistöðinni, í opnu rými þar sem bifreiðakostur slökkviliðsins er einnig. Þeir geta tekið út tvo bíla á meðan slökkviliðsmenn klæðast búningum sínum en ekki er hægt að taka út aðrar bifreiðar fyrr en allir eru komnir í búninga vegna þess að húsið fyllist af reyk ef þær eru settar í gang.

Við slökkviliðið eru tveir varaslökkviliðsstjórar. Menn hafa verið tregir til að festa sig um helgar og til langs tíma.

Slökkviliðsmenn eru ekki á bakvöktum, þó fær slökkviliðsstjóri greiddar 150 klst. á 33% bakvaktaálagi.

B-hluta stofnanir

BOLUNGARVÍKURHÖFN

Starfsmenn hafnarinnar eru yfirhafnarvörður í 100% starfi og hafnarvörður í 60% starfi. Hafnarvörðurinn er jafnframt slökkviliðsstjóri í 40% starfi. Hafnarvörður hefur verið í veikindaleyfi frá því í september 2018 og er það þegar þetta er skrifað í apríl 2019. Vegna veikinda starfsmannsins hefur verið ráðinn starfsmaður með yfirhafnarverði í 100% starf.

Fram til 2010 voru tveir starfsmenn við höfnina í fullu starfi en vegna minni umsvifa var stöðugildum fækkað í 1,6 stöðugildi. Frá árinu 2014 hafa landanir við höfnina aukist. Nú er kominn togari til Bolungarvíkur, sem landar að jafnaði tvisvar í viku.

Yfir sumarmánuðina, maí, júní, júlí og ágúst, hefur komið inn sumarstarfsmaður m.a. til að leysa af vegna sumarleyfa. Í maí mánuði sinnir sumarstarfsmaður viðhaldsvinnu en í júní, júlí og ágúst leysir hann starfsmenn hafnarinnar af í sumarfríum.

Síðast liðið sumar var mikið að gera við höfnina að sögn yfirhafnarvarðar.

Vigtun á bílum var áður ein á dag að meðaltali en hefur aukist og eru orðnar að jafnaði fjórar til fimm á dag. Er þetta m.a. vegna meiri vinnslu á fiski. Um er að ræða m.a. afskurð af fiski.

Kvótaárið 2017-2018 lönduðu 104 bátar í Bolungarvíkurhöfn.

Vinnutími er þannig að aðra vikuna mætir yfirhafnarvörður kl. 8:00 og er til kl. 17:00 og tekur bakvakt frá kl. 6:00 á morgnana til kl. 8:00, mánudag til föstudags. Á föstudögum þessa viku vinnur yfirhafnarvörður áfram í lok dags þangað til búíð er að þjóna öllum. Er það yfirleitt fram til kl. 19:00 til 20:00. Stundum kemur fyrir að unnið sé lengra fram eftir kvöldi á föstudögum.

Hina vikuna mætir yfirhafnarvörður kl. 10:00 og er til kl. 21:00 frá mánudegi til fimmtudags. Á síðan frí föstudag, laugardag og sunnudag. Vinnuvikan þessa viku eru fjórir dagar. Tíminn milli 19:00 og 21:00 er hugsaður til að vinna af sér föstudag þessa vikuna. Ef ekkert er að gera eftir kl. 19:00 fara starfsmenn hafnarinnar yfirleitt heim þó vinnutími þeirra eigi að vera til kl. 21:00.

Starfsmenn taka klukkustund í mat milli kl. 12:00-13:00 ef hægt er að koma því við. Stundum þurfa starfsmenn að vinna matartímann eða taka hann aðeins seinna.

Vinnutími hafnarvarðar við höfnina, sem er í 60% starfshlutfalli (slökkviliðsstjóri, 40% starfshlutfall), er sem hér segir:

Þá viku sem hann vinnur sem yfirhafnarvörður frá kl. 8:00 til 17:00 er vinnutími hafnarvarðar frá kl. 15:00 til 21:00. Fjóra daga vikunnar, þ.e. mánudag til fimmtudags.

Hina vikuna er hafnarvörðurinn frá kl. 8:00 til kl. 12:00 nema á föstudögum. Á föstudögum vinnur hann frá kl. 8:00 til 17:00 og lengur ef þess er þörf. Þessa vikuna er hann einnig á bakvakt frá kl. 06:00-08:00. Hafnarvörðurinn vinnur síðan allan

föstudaginn og tekur bakvakt laugardag og sunnudag. Um helgar er unnið þegar óskað er eftir þjónustu. Viðkomandi starfsmaður er á bakvakt frá kl. 08:00-18:00 laugardaga og sunnudaga. Yfirleitt byrjar vinnan upp úr hádegi og er oft fram á kvöld að sögn yfirhafnarvarðar. Vinna á laugardögum og sunnudögum er öll unnin í yfirvinnu. Um sumarmánuðina er oft meira að gera fyrir hádegi að sögn yfirhafnarvarðar.

Starfsmaðurinn sem er í afleysingum er í 100% starfi vegna veikinda hafnarvarðar sem er í 60% starfshlutfalli. Starfsmaðurinn vinnur spegilmynd af vinnuviku yfirhafnarvarðar. Breytingin frá 60% hafnarverðinum er að hann byrjar kl 10:00 í stað þess að byrja kl 15:00 vikuna sem hann vinnur fram á kvöld og vinnur svo til kl 17:00 hina vikuna í stað þess að vera til hádegis eins og 60% hafnarvörðurinn er.

Að mati yfirhafnarvarðar þarf að vera maður inni og annar til að sinna útiverkum flesta daga.

Á sumrin eru landanir allan daginn að sögn yfirhafnarvarðar. Þegar strandveiðin er í gangi frá 1 maí til 1 september er landað nær allan daginn og oft fram á kvöld. Yfir sama tímabil eru hér stangaveiðibátar sem landa yfirleitt á morgnana.

Yfir veturinn er minna um að vigtað sé um miðjan dag. Vigtunin byrjar yfirleitt frá kl. 15:00.

Starfsmenn hafnarinnar þurfa að slá inn endurvigtun sem framkvæmd er á fiskmarkaðnum. Spyrja má af hverju það sé þannig? Fiskistofa setur þær reglur að einungis hafnir landsins og þeirra starfsmenn, sem eru löggiltir vigtarmenn, hafi aðgang að viktar- og skráningarkerfi Fiskistofu.

Af daglegum störfum starfsmanna hafnarinnar má nefna eftirfarandi:

Vigtun og skráning afla í skráningarkerfi Fiskistofu.

Skrá þarf landanir þeirra báta og skipa sem koma með aflu að landi. Skrá þarf endurvigtanir sem koma frá endurvigtanaleyfishöfum. Hafnir landsins eru einu aðilarnir sem skrá mega aflu í skráningarkerfi Fiskistofu sem heitir Gaflinn. Af þeim sökum þarf höfnin að skrá allar endurvigtanir inn í Gaflinn og einnig er höfnin eini aðilinn sem getur látið fiskvinnslur og fiskmarkaði hafa hreyfingalista úr Gaflinum.

Aðrar vigtanir.

Vigtun flutningabíla nánast daglega.

Daglegt skráningarkerfi hafnarinnar.

Skrá þarf legu, komu og brottfarir allra skipa og báta sem koma til hafnarinnar daglega. Skrá þarf aflu allra skipa og báta sem landa yfir daginn. Halda þarf utan um yfirvinnutíma og útköll og skrá á videigandi báta

Önnur tilfallandi störf á hafnarvog.

Reglulega biðja vinnslur og fiskmarkaðir um hreyfingalista úr skráningarkerfi fiskistofu. Svára þarf ýmsum símtölum og tölvupóstum yfir daginn. Lesa þarf af öllum rafmagnsmælum hafnarinnar í hverjum mánuði. Yfirhafnarvörður gerir reikninga fyrir viðskiptavini hafnarinnar hver mánaðarmót. Höfnin á hjólaskóflu sem notuð er við snjómokstur á veturna og önnur tilfallandi störf. Starfsmenn hafnarinnar sinna öllu minniháttar viðhaldi á höfninni og sjá til þess að hún sé alltaf í nothæfu ástandi.

Almenn störf utandyra.

Fara þarf daglega yfir allt hafnarsvæðið og athuga að allt sé í lagi. Skoða þarf reglulega löndunarkrana hafnarinnar og passa að lásar og vírar séu ekki skemmdir og standist kröfur vinnueftirlitsins. Smyrja þarf alla þrjá kranana á þriggja vikna fresti. Skoða þarf landrafmagn reglulega og athuga að allir tenglar séu heilir. Reglulega þarf að skoða festingar og lása fyrir flotbryggjur til að koma í veg fyrir að bryggjurnar losni frá landfestingum. Höfnin tekur á móti úrgangsolíu og olíusíum frá bátum og sér um að farga síunum. Á sumrin er mikill tími notaður til að fegra umhverfi hafnarinnar svo sem að mála hafnarmannvirki o.fl.

Sérstök störf á veturna.

Á veturna þarf að gæta þess að ekki frjósi í vatnsslöngum og athuga að allir vatnslásar séu í lagi. Snjómokstur tekur talsverðan tíma á veturna en fer þó eftir tíðarfari.

Þegar er verið að smyrja löndunarkrana þurfa tveir að vera við það. Þegar er mikill snjór er einn maður alveg bundinn í snjómokstri.

Yfirhafnarvörður gerir reikninga fyrir höfnina. Hann setur allar upplýsingar inn í upplýsingakerfi. Síðan sér skjalavörður um að prenta reikninga út og senda þá til viðskiptavina.

Að mati yfirhafnarvarðar þarf að vera maður fastur inni yfir sumarmánuðina til að sjá um pappírsvinnu og vigtun yfir daginn.

Gefið er út að höfnin sé opin frá kl. 8:00 til kl. 19:00 á virkum dögum. En vaktatími þeirra gerir ráð fyrir að starfsmenn séu til kl. 21:00.

Tíminn til kl. 21:00 eru þeir oft að laga til og fylla upp í vinnutímann að sögn yfirhafnarvarðar.

Opnunartími hafnarvogar er frá kl. 08:00 til kl. 19:00 alla virka daga og frá kl. 13:00 til 18:00 um helgar. Á öðrum tíma en hér greinir skal greiða að lágmarki fjögurra tíma útkall, 5.018 krónur fyrir hverja klukkustund eða að lágmarki 20.072 krónur. Heimilt er að deila útkallsgreiðslu á skip komi fleiri en eitt inn til löndunar á sama tíma.

Um helgar eru þeir á bakvakt frá kl. 8:00 til 18:00 á laugardögum og sunnudögum en eru oft að vinna til kl. 19:00 eða kl 20:00. Eða jafnvel lengur í sumum tilfellum.


Yfirhafnarvörur telur ekki rétt að halda starfsmönnum lengur en opnunartíminn er bæði um helgar og á virkum dögum. Hafnarverðir mæta ekki til vinnu um helgar nema þeir séu kallaðir út. Þeir mæta t.d. ekki milli 13:00 og 18:00 um helgar ef ekkert er að gera þó svo að það sé auglýstur opnunartími.

Yfirhafnarvörður er með fasta yfirtíð, 50 klukkustundir á mánuði, en fær alla vinnu utan reglubundins vinnutíma greidda sérstaklega og einnig fyrir bakvaktir. Almennur hafnarvörður er ekki með fasta yfirvinnu.

Regla hafnarinnar er að það má ekki segja nei við löndun, alveg sama á hvaða tíma sólahrings það er að sögn yfirhafnarvarðar. Ef hringt er t.d. kl. 3:00 um nótt eiga starfsmenn að mæta. Að sögn yfirhafnarvarðar kemur það ekki oft fyrir að starfsmenn eru kallaðir út eftir miðnætti, kannski 3-4 á ári.

Ef yfirhafnarvörður er að vinna um nótt tekur hann 11:00 klst. hvíld samkvæmt kjarasamningi ef það er mögulegt. Það sama á við um hafnarvörð.

Mynd 13: Landaður afli í Bolungarvíkurhöfn í þúsundum kg. og fjöldi landana árin 2010 til 2018




Heimild: Fiskistofa

Mynd 13 sýnir landaðan afla í þúsundum kg. og fjölda landana hjá Bolungarvíkurhöfn árin 2010 til 2018.

Eins og myndin sýnir fór löndunum fjölgandi á tímabilinu frá 2010 til 2013. Á sama tímabili jókst landaður afli lítillega. Á árunum 2013 til 2015 fækkaði löndunum og dróst landaður afli saman á milli áruna 2013 og 2014 en jókst svo aftur árið 2015. Frá árinu 2015 til 2018 var löndunum ýmist að fækka eða fjölga á milli ára. Hins vegar jókst landaður afli nokkuð á milli áruna nema árið 2017 þegar hann dróst saman. Árið 2018 var landaður afli mestur á þessu tímabili, eða 20.491 þúsund kg. Á árinu 2018 voru landanirnar 4.200.

Mynd 14: Landanir hjá Bolungarvíkurhöfn skipt eftir mánuðum árið 2018



Heimild: Fiskistofa


Mynd 14 sýnir fjölda landana hjá Bolungarvíkurhöfn árið 2018 skipt niður á mánuði.

Fæstar voru landanir í janúar og febrúar, eða 121 og 127 hvorn mánuð. Flestar voru landanirnar í júlí, eða 715.

Landanir samtals í janúar til apríl voru 648, eða 15% af löndunum samtals allt árið. Landanir í maí til ágúst voru samtals 2.730, eða 65% af öllum löndunum ársins. Síðan voru landanir í september til desember samtals 822, eða 20% af löndunum ársins.

Þannig má ljóst vera að landanir yfir sumarmánuðina eru mun meiri en yfir vetramánuðina.

Mynd 15: Landanir hjá Bolungarvíkurhöfn skipt eftir vikudögum árið 2018




Heimild: Fiskistofa

Tafla 15 sýnir landanir við Bolungarvíkurhöfn árið 2018 skipt eftir vikudögum, annars vegar fyrir tímabilin janúar til apríl og september til desember og hins vegar fyrir tímabilið maí til ágúst. Jafnframt sýnir myndin landanir samtals fyrir hvern vikudag allt árið.

Landanir yfir vetramánuðina (jan.-apríl og sept. til des.) voru flestar á mánudögum eða samtals 286. Á föstudögum voru þær fæstar, eða 163. Yfir sumarmánuðina (maí til ágúst) voru landanir nokkuð áþekkar mánudaga til fimmtudaga, frá 509 á þriðjudögum upp í 644 á miðvikudögum. Síðan fækkaði þeim nokkuð föstudaga til sunnudaga.

Mynd 16: Landanir hjá Bolungarvíkurhöfn skipt eftir klukkustundum allt árið 2018




Heimild: Fiskistofa

Mynd 16 sýnir fjölda landana á hverri klukkustund innan sólahringsins allt árið 2018, skipt eftir virkum dögum og helgum.

Eins og myndin sýnir eru landanir flestar á tímabilinu frá kl. 15:00 til 19:00 á virkum dögum miðað við allt árið.

Um helgar er nokkur stígandi í löndunum frá kl. 11:00 til 17:00.

Mynd 17: Landanir hjá Bolungarvíkurhöfn skipt eftir klukkustundum á tímabilinu maí til ágúst árið 2018




Heimild: Fiskistofa

Mynd 17 sýnir fjölda landana á hverri klukkustund samtals fyrir mánuðina maí til ágúst 2018.

Með hliðsjón af því að landanir á tímabilinu maí til september (fjórir mánuðir) voru 65% af löndunum ársins, eða samtals 2.730 af 4.200 löndunum, er rétt að skoða þetta tímabil sérstaklega. Landanir á tímabilinu janúar til apríl og september til desember (átta mánuðir) voru samtals 1.470, eða 35% af löndunum ársins.

Á þessu tímabili eru landanir flestar á tímabilinu frá kl. 13:00 til 19:00. Jafnframt er nokkuð um landanir frá kl. 8:00 til kl. 10:00.

Mynd 18: Landanir hjá Bolungarvíkurhöfn skipt eftir klukkustundum á tímabilinu janúar til apríl og september til desember árið 2018




Heimild: Fiskistofa

Mynd 18 sýnir landanir á hverri klukkustund samtals fyrir tímabilin janúar til apríl og september til desember árið 2018.

Á þessu átta mánaða tímabili, sem er tvískipt, voru landanir flestar á virkum dögum á milli kl. 15:00 til 20:00, eða samtals 700 landanir af samtals 1.109 löndunum á virkum dögum, eða 63%. Á sama hátt voru landanir flestar um helgar á tímabilinu frá kl. 14:00 til 21:00, eða samtals 297 af 361 löndun um helgar á þessu tímabili, eða sem samsvarar 83% af löndunum samtals um helgar.

Mynd 19: Fjöldi landana á laugardögum og sunnudögum í hverri viku árið 2018 fyrir tímabilið janúar til og með apríl, þ.e. í viku 1 til viku 17




Heimild: Fiskistofa.

Mynd 19 sýnir fjölda landana á laugardögum og sunnudögum í hverri viku árið 2018 fyrir tímabilið janúar til apríl.

Á þessu 17 vikna tímabili voru ekki landanir á einum laugardegi, þ.e. í viku 10. Á sama hátt voru ekki landanir á þremur sunnudögum, þ.e. í viku 6, 7 og 14. Þannig voru ekki útköll vegna löndunar 4 daga af 34 dögum samtals. Sunnudagur í viku eitt telst ekki vegna þess hvernig vikan skiptist um áramótin.

Mynd 20: Fjöldi landana á laugardögum og sunnudögum í hverri viku árið 2018 fyrir tímabilið maí til og með ágúst, þ.e. í viku 18 til 35




Heimild: Fiskistofa.

Mynd 20 sýnir fjölda landana á laugardögum og sunnudögum í hverri viku árið 2018 fyrir tímabilið maí til og með ágúst.

Á þessu 18 vikna tímabili voru ekki landanir á einum laugardegi, þ.e. í viku 22. Á sama hátt voru ekki landanir á sjö sunnudögum, þ.e. í viku 18, 19, 21, 23, 25, 30 og 32. Þannig voru ekki útköll vegna löndunar 8 daga af 36 dögum samtals.

Mynd 21: Fjöldi landana á laugardögum og sunnudögum í hverri viku árið 2018 fyrir tímabilið september til og með desember, þ.e. í viku 36 til 52



Heimild: Fiskistofa.

Mynd 21 sýnir fjölda landana á laugardögum og sunnudögum í hverri viku árið 2018 fyrir tímabilið september til og með desember.

Á þessu 17 vikna tímabili voru ekki landanir á fjórum laugardögum, þ.e. í viku 39, 44, 48 og 52. Á sama hátt voru ekki landanir á tveimur sunnudögum, þ.e. í viku 38 og 46. Þannig voru ekki útköll vegna löndunar 6 daga af 34 dögum samtals.

Samantekið fyrir þessi þrjú tímabil voru ekki landanir við Bolungarvíkurhöfn í 18 daga af 104 dögum samtals allt árið, þ.e. laugardagar og sunnudagar í 52 vikur, eða sem hlutfall 17% af öllum laugardögum og sunnudögum ársins.

Tafla 57: Rekstraryfirlit Bolungarvíkurhafnar samkvæmt ársreikningi 2016 til 2018

	2016	2017	2018	Breyting	
				2017/2018	2016/2018
Almenn hafnargjöld alls	-79.960	-65.837	-75.690	15,0%	-5,3%
Vigtargjöld	-9.121	-8.929	-10.596	18,7%	16,2%
Selt landrafmagn og vatn	-8.208	-9.184	-9.289	1,1%	13,2%
Aðrar tekjur	-4.740	-3.451	-5.472	58,6%	15,4%
Tekjur samtals	-102.029	-87.401	-101.047	15,6%	-1,0%
Rekstur hafnarmannvirkja	8.554	11.191	13.676	22,2%	59,9%
Rekstur hafnarhúss	769	771	1.174	52,3%	52,7%
Rekstur hafnarvogar	541	633	591	-6,6%	9,2%
Rekstur flutningatækja	384	1.142	566	-50,4%	47,4%
Aðkeypt raforka og vatn	6.795	5.756	7.857	36,5%	15,6%
Sameiginlegur kostnaður	35.224	33.216	37.728	13,6%	7,1%
Páttakaka í skrifstofu aðalsjóðs	11.250	11.643	11.958	2,7%	6,3%
Afskriftir fasteigna og lausafjár	7.645	7.981	8.204	2,8%	7,3%
Gjöld samtals	71.162	72.333	81.754	13,0%	14,9%
Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)	4.309	3.331	2.800	-15,9%	-35,0%
Rekstrar afkoma	-26.558	-11.737	-16.493	40,5%	-37,9%

Heimild: Ársreikningar Bolungarvíkurhafnar 2016 til 2018

Tafla 57 sýnir rekstur Bolungarvíkurhafnar 2016 til 2018 samkvæmt ársreikningum hafnarinnar fyrir þessi ár. Tekjurnar voru aðeins lægri árið 2018 en þær voru árið 2016.

Eins og fram kemur þá lækka tekjur hafnarinnar á milli árunna 2016 og 2017 og hækka svo aftur á milli árunna 2017 og 2018.

Þrátt fyrir að tekjurnar lækki nokkuð á milli árunna 2016 og 2017 hækka gjöldin aðeins á milli þessara ára, eða um 1.171 þúsund krónur. Á milli árunna 2017 og 2018 hækkuðu tekjurnar um 13,6 milljónir króna en gjöldin um 9,4 milljónir króna. Þannig batnar rekstrarafkoman á milli þessara ára.

Tafla 58: Greining á launagjöldum hjá Bolungarvíkurhöfn samkvæmt aðalbók 2016 til 2018

	2016	2017	2018	Breyting		Hlutfall af	Hlutfall af	Hlutfall af
				2017/2018	2016/2018	mánaðarlaunum	mánaðarlaunum	mánaðarlaunum
						2016	2017	2018
Mánaðarlaun	10.592	11.100	13.684	23%	29%			
Daglaunavinna	1.872	2.428	3.015	24%	61%			
Yfirvinna, föst	899	1.140	992	-13%	10%			
Tímamæld yfirvinna	7.049	7.028	7.115	1%	1%	76%	73%	60%
Vaktaálag	1.564	1.641	1.903	16%	22%			
Áfallið orlof	583	70	0	-100%	-100%			
Launatengd gjöld	5.096	5.396	6.153	14%	21%			
Launakostnaður samtals	27.655	28.801	32.862	14%	19%			

Heimild: Aðalbók hjá Bolungarvíkurkaupstað

Tafla 58 sýnir greiningu á launagjöldum hjá Bolungarvíkurhöfn árin 2016 til 2018.

Eins og taflan sýnir hækkuðu launagjöldin um 14% á milli árunna 2017 og 2018. Munar þar mest um hækkun mánaðarlauna og daglaunavinnu sem hækka um 24% og 23%.

Árið 2018 var yfirvinna og vaktaálag sem hlutfall af mánaðarlaunum og daglaunavinnu 60%. Ef við tókum þetta hlutfall einungis af mánaðarlaunum var það 73%.

Tafla 59: Fjöldi klukkustunda unninnar yfirvinnu sem greitt var fyrir vegna starfsmanna Bolungarvíkurhafnar árin 2016 til 2018

	2016	2017	2018		
Janúar	130,9	180,1	106,2		
Febrúar	148,1	148,1	163,2		
Mars	114,6	97,1	140,5		
Apríl	133,1	130,0	161,0		
Mái	146,3	143,2	140,1		
Júní	260,2	137,6	176,2		
Júlí	193,9	130,8	199,6		
Ágúst	127,3	149,3	157,2		
September	199,1	190,7	93,3		
Október	209,5	191,0	224,0		
Nóvember	147,2	180,2	171,7		
Desember	148,2	185,7	103,9		
Samtals	1.958,4	1.863,9	1.836,9		
				Hlutfallsleg skipting 2018	
				Yfirvinnu	Landana
Janúar til apríl	526,8	555,3	570,8	31%	15%
Mái til ágúst	727,6	561,0	673,1	37%	65%
September til desember	704,0	747,6	593,0	32%	20%
Samtals	1.958,4	1.863,9	1.836,9	100%	100%

Heimild: Bolungarvíkurkaupstaður

Tafla 59 sýnir unna yfirvinnu sem greitt var fyrir í hverjum mánuði við Bolungarvíkurhöfn árin 2016 til 2018.

Eins og taflan sýnir var unnin yfirvinna sem greitt var fyrir nokkuð áþekk á milli árunna 2016 til 2018. Þó þannig að tímumum fækkar. Voru 1.958 klukkustundir árið 2016 en 1.837 árið 2018. Þannig fækkun um 121,5 klukkustundir á milli þessara ára.

Unnir yfirvinnutímar á tímabilinu maí til ágúst sem hlutfall af öllum unnum yfirvinnutímum ársins 2018 var 37%, þegar hlutfall landana var 65%. Á sama hátt var unnin yfirvinna í janúar til apríl 31%, þegar hlutfall landana var 15%. Í september til desember var hlutfall yfirvinnu 32%, þegar hlutfall landana var 20%.

Tafla 60: Fjöldi klukkustunda sem greitt var fyrir í yfirvinnu vegna starfsmanna Bolungarvíkurhafnar árin 2016 til 2018

	2016	2017	2018		
Janúar	150,9	200,1	126,2		
Febrúar	168,1	168,1	183,2		
Mars	134,6	117,1	160,5		
Apríl	153,1	150,0	181,0		
Maí	166,3	163,2	160,1		
Júní	280,2	157,6	196,2		
Júlí	213,9	150,8	219,6		
Ágúst	147,3	169,3	177,2		
September	219,1	210,7	113,3		
Október	229,5	211,0	244,0		
Nóvember	167,2	200,2	241,7		
Desember	168,2	205,7	173,9		
Samtals	2.198,4	2.103,9	2.176,9		
				Hlutfallsleg skipting 2018	
				Yfirvinnu	Landana
Janúar til apríl	606,8	635,3	650,8	30%	15%
Maí til ágúst	807,6	641,0	753,1	35%	65%
September til desember	784,0	827,6	773,0	36%	20%
Samtals	2.198,4	2.103,9	2.176,9	100%	100%

Heimild: Bolungarvíkurkaupstaður

Tafla 60 sýnir fjölda yfirvinnutíma samtals sem greitt var fyrir vegna starfsmanna Bolungarvíkurhafnar árin 2016 til 2018, þ.e. vegna unninnar og fastrar yfirvinnu.

Yfirhafnarvörður er með fasta yfirtíð sem ekki er unnin. Um er að ræða 50 klukkustundir á mánuði. Fyrrverandi yfirhafnarvörður var með 20 klukkustundir í fasta yfirtíð. Þeim tímum hefur hér verið bætt við árin 2016, 2017 og 2018. Að auki voru 50 klukkustundir greiddar til núverandi hafnarstjóra vegna nóvember og desember.

Þegar þessum yfirvinnutímum hefur verið bætt við fjölgar yfirvinnutímum árið 2018 frá því sem var árið 2017. Yfirvinnutímar voru 2.104 klukkustundir árið 2017 en 2.177 klukkustundir árið 2018, eða aukning sem nemur 73 klukkustundum. Í tvo mánuði sköruðust yfirvinnutímar fyrrverandi yfirhafnarvarðar og núverandi árið 2018, þ.e. í nóvember og desember.

Tafla 61: Fjöldi klukkustunda sem greitt var fyrir vegna bakvakta hjá starfsmönnum Bolungarvíkurhafnar árin 2016 til 2018

	2016	2017	2018		
Janúar	43,0	85,7	155,8		
Febrúar	106,1	106,1	101,0		
Mars	114,6	86,0	75,8		
Apríl	116,5	95,1	89,0		
Mái	91,5	78,9	101,8		
Júní	70,6	90,4	81,8		
Júlí	61,0	52,5	71,7		
Ágúst	57,9	65,9	80,9		
September	79,7	75,9	63,5		
Október	77,3	55,3	111,1		
Nóvember	109,6	88,1	187,6		
Desember	84,9	141,3	93,2		
Samtals	1.012,7	1.021,2	1.213,1		
				Hlutfallsleg skipting 2018	
				Yfirvinnu	Landana
Janúar til apríl	380,2	372,9	421,6	35%	15%
Mái til ágúst	281,0	287,7	336,2	28%	65%
September til desember	351,5	360,7	455,4	38%	20%
Samtals	1.012,7	1.021,2	1.213,1	100%	100%

Heimild: Bolungarvíkurkaupstaður

Tafla 61 sýnir fjölda bakvaktatíma sem greitt var fyrir vegna Bolungarvíkurhafnar árin 2016 til 2018. Eins og þarna kemur fram hefur klukkustundunum fjölgað á milli ára, voru 1.013 árið 2016 en 1.213 árið 2018, eða aukning um 200,4 klukkustundir.

Að sögn yfirhafnarvarðar er einn starfsmaður á bakvakt frá kl. 6:00 til 8:00 alla morgna á virkum dögum. Síðan á laugardögum og sunnudögum frá kl. 8:00 til 18:00 hvorn dag.

Rétt er að fram komi að einungis tvær landanir voru á tímabilinu frá kl. 6:00 til 6:59 allt árið 2018, þar af var önnur löndunin á tímabilinu máí til ágúst. Síðan voru 37 landanir á tímabilinu kl. 7:00 til 7:59, þar af voru 22 á tímabilinu máí til ágúst.

Skráður opnunartími hafnarinnar á laugardögum og sunnudögum er frá kl. 13:00 til 18:00. Landanir fyrir opnunartíma hafnarinnar á laugardögum og sunnudögum voru samtals 115 allt árið 2018. Þar af voru 36 á tímabilunum janúar til apríl og september til desember og þá 79 landanir á tímabilinu máí til ágúst.

Pegar starfsmaður fær útkall á bakvakt dregst útkallstíminn frá bakvaktatímanum, þ.e. ekki er greitt fyrir útkall og bakvakt fyrir sama tíma að sögn yfirhafnarvarðar. Er þetta samkvæmt kjarasamningi.

FÉLAGSLEGAR LEIGUÍBÚÐIR

Bolungarvíkurkaupstaður á 25 leiguíbúðir og leigir síðan eina og endurleigir. Þannig er sveitarfélagið að leigja út samtals 26 íbúðir.

Staðsetning íbúðanna er sem hér segir samkvæmt upplýsingum frá sveitarfélaginu:

	<u>Fjöldi</u>	
Holtabrún 14 til 16	12	
Aðalstræti 20 til 22, íbúðir fyrir eldri borgara	11	Par af er ein leigð af Byggingafélagi eldri borgara og endurleigð
Höfðastígur 7	<u>3</u>	
Samtals	26	

Sveitarfélagið leigir íbúð að Aðalstræti 20 af Byggingarfélagi eldri borgara á 178.966 krónur á mánuði. Síðan er íbúðin endurleigð á 105.882 krónur, eða mismunur sem nemur 73.084 krónur á mánuði. Sveitarfélagið gerði leigusamning við Byggingafélag eldri borgara um íbúðina í ágúst 2014. Samningurinn gildi frá 1. maí 2014 til 30. apríl 2019. Þannig rann samningurinn úr gildi 30. apríl s.l. (2019).

Tafla 62: Leigutekjur og -gjöld árið 2018 vegna íbúðar sem sveitarfélagið leigir af Félagi eldri borgara og endurleigir í þúsundum króna

Leigutekjur vegna íbúðar í eigu Félags eldri borgara	-1.237
<u>Leigugjöld vegna íbúðar í eigu Félags eldri borgara</u>	<u>1.937</u>
Niðurgreidd húsaleiga	700

Heimild: Bolungarvíkurkaupstaður

Tafla 62 sýnir leigutekjur og -gjöld vegna íbúðar sem sveitarfélagið leigir af Félagi eldri borgara árið 2018.

Eins og taflan sýnir greiddi sveitarfélagið leiguna niður um 700 þúsund krónur árið 2018.

Mynd 22: Rekstrarreikningur Félagslegra íbúða Bolungarvíkur árið 2018

	<u>2018</u>	<u>Fjárhags- áætlun</u>	<u>2017</u>
REKSTRARTEKJUR:			
Húsaleigutekjur	19.500.535	19.598.195	19.099.896
Aðrar tekjur	1.696.149	1.188.000	1.017.600
Rekstrarframlag frá aðalsjóði	19.089.933	0	0
Rekstrartekjur	<u>40.286.617</u>	<u>20.786.195</u>	<u>20.117.496</u>
REKSTRARGJÖLD:			
Rekstrarkostnaður fasteigna			
Víðhald	4.107.464	4.300.000	3.653.019
Rafmagn og hiti	3.399.882	3.118.000	3.122.482
Vátryggingar	739.603	420.000	927.988
Fasteinagjöld	3.132.668	3.074.000	3.034.689
Laun og launatengd gjöld	1.871.391	1.782.233	1.725.452
Annar rekstrarkostnaður fasteigna	3.951.431	2.716.000	3.262.127
	<u>17.202.439</u>	<u>15.410.233</u>	<u>15.725.757</u>
Þátttaka í skrifstofukostnaði	2.140.776	2.140.771	2.014.536
Afskrifir fasteigna	4.743.904	4.951.001	4.743.922
Rekstrargjöld	<u>24.087.119</u>	<u>22.502.005</u>	<u>22.484.215</u>
Afkoma án fjármagnskostnaðar	<u>16.199.498</u>	<u>(1.715.810)</u>	<u>(2.366.719)</u>
FJÁRMUNATEKJUR OG (FJÁRMAGNSGJÖLD):			
Vaxtagjöld af langtímaskuldum	(16.199.498)	(14.563.441)	(12.428.225)
Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)	<u>(16.199.498)</u>	<u>(14.563.441)</u>	<u>(12.428.225)</u>
Afkoma ársins	<u>0</u>	<u>(16.279.251)</u>	<u>(14.794.944)</u>

Heimild: Ársreikningur Bolungarvíkurkaupstaðar árið 2018

Mynd 22 sýnir rekstrarreikning Félagslegra íbúða Bolungarvíkur árið 2018. Eins og reikningurinn sýnir hefur verið mikill halli á rekstrinum. Árið 2017 var rekstrarafkoman

neikvæð um 14,8 milljónir króna. Reikningurinn fyrir árið 2018 sýnir afkomu ársins 0 krónur. Hins vegar er rekstrarframlag frá aðalsjóði upp á 19,1 milljón króna fært sem tekjur. Þannig að í raun var afkoman neikvæð um 19,1 milljón króna. Það vekur athygli að ekki hafi verið gerður viðauki við fjárhagsáætlun vegna þessa framlags frá aðalsjóði.

Fram hefur komið í viðræðum við bæjarstjóra að leigjendur íbúðanna eru almennt ekki í íbúðunum á félagslegum forsendum. Með hliðsjón af því er edlilegt að spurt sé hvort sveitarfélagið geti réttlæt slíka niðurgreiðslu á húsaleigu. Sveitarfélagið verður að gæta jafnræðis á milli íbúa. Líta verður svo á að sveitarfélagið hafi ekki heimild til að greiða niður húsaleigu hjá sumum íbúum en öðrum ekki með hliðsjón af því að íbúðirnar eru almennt ekki leigðar út á félagslegum forsendum.

Tafla 63: Greining á húsaleigutekjum samkvæmt ársreikningi fyrir félagslegar leiguíbúðir hjá Bolungarvíkurkaupstað árið 2018

Hiti	1.176
Hússjóður	1.740
Leigutekjur v/íbúðar sem er endurleigð	1.237
Leigutekjur v/félagslegra íbúða í eigu sveitarfélagsins	15.348
Húsaleigutekjur samkvæmt ársreikningi	19.501

Heimild: Bolungarvíkurkaupstaður

Tafla 63 sýnir greiningu á húsaleigutekjum samkvæmt ársreikningi fyrir félagslegar leiguíbúðir hjá Bolungarvíkurkaupstað árið 2018.

Það er mat skýrsluhöfundar að það gæfi betri mynd af rekstri leiguíbúðanna að greina á milli gjalda sem innheimt eru vegna leiguíbúða og raunverulegrar húsaleigu. Eins og þarna kemur fram voru húsaleigutekjur vegna íbúða í eigu sveitarfélagsins einungis 15,3 milljónir króna. Samanborið við að sveitarfélagið var að styrkja reksturinn um 19,1 milljón króna samkvæmt ársreikningi.

Tafla 64: Greining á gjöldum og tekjum vegna rafmagns og hita hjá félagslegum leiguíbúðum Bolungarvíkurkaupstaðar árið 2018

Gjöld:	
Rafmagn og hiti	3.400
Tekjur:	
Selt rafmagn	-730
Innheimt vegna hita	-1.176
Umfram kostnaður	1.494

Heimild: Bolungarvíkurkaupstaður

Tafla 64 sýnir gjöld og tekjur vegna rafmagns og hita hjá félagslegum leiguíbúðum Bolungarvíkurkaupstaðar árið 2018.

Eins og taflan sýnir greiddi sveitarfélagið niður rafmagn og hita fyrir leigjendur íbúða um 1,5 milljónir króna, eða sem nemur 44% af kostnaðnum.

Tafla 65: Greining á gjöldum og tekjum vegna hússjóðs hjá félagslegum leiguíbúðum Bolungarvíkurkaupstaðar árið 2018

Hússjóður, tekjur	-1.740
Ræsting	501
Laun og launatengd gjöld v/ræstingar	1.871
Hreinlætisvörur	76
Hússjóður	<u>528</u>
Umfram kostnaður	1.236

Heimild: Bolungarvíkurkaupstaður

Tafla 65 sýnir greiningu á gjöldum og tekjum vegna hússjóðs félagslegra leiguíbúða Bolungarvíkurkaupstaðar árið 2018.

Eins og taflan sýnir greiddi sveitarfélagið niður ræstingar á sameign og sömuleiðis greiðslur til hússjóðs vegna leigjenda íbúða árið 2018 um 1.2 milljónir króna, eða sem nemur 42% af kostnaðinum.

Enn og aftur er hér bent á jafnræði á milli íbúa. Sveitarfélagið hefur greitt niður rafmagn, hita, ræstingar o.fl. fyrir íbúa þessar leiguíbúða án þess að um félagslega aðstoð sé að ræða. Hvað með aðra íbúa sveitarfélagsins?

VATNSVEITA BOLUNGARVÍKUR

Rekstrarafkoma Vatnsveitu Bolungarvíkur er nokkuð góð.

Mynd 22: Rekstrarreikningur Vatnsveitu Bolungarvíkur árið 2018

	2018	Fjárhags- áætlun	2017
REKSTRARTEKJUR:			
Álagður vatnsskattur	24.843.120	24.843.000	24.475.793
Aukavatnsskattur	10.037.520	8.516.000	8.590.358
Mælaleiga	431.163	440.000	428.450
Aðrar þjónustutekjur	29.400	0	30.098
Rekstrartekjur	<u>35.341.203</u>	<u>33.799.000</u>	<u>33.524.699</u>
REKSTRARGJÖLD:			
Raforka	2.855.542	2.940.000	2.403.998
Efni og vinna	6.947.309	2.758.000	10.163.898
Heimtaugar	416.641	0	44.636
Rannsóknir og eftirlit	760.800	510.000	967.725
Annar rekstrarkostnaður	370.278	585.000	389.195
Laun og launatengd gjöld	7.620.128	6.848.085	7.041.203
Þátttaka í skrifstofukostnaði	1.596.611	1.333.996	1.379.674
Afskrifir veitukerfis	4.502.654	4.493.730	4.446.369
Rekstrargjöld	<u>25.069.963</u>	<u>19.468.811</u>	<u>26.836.698</u>
Afcoma án fjármagnskostnaðar	<u>10.271.240</u>	<u>14.330.189</u>	<u>6.688.001</u>
FJÄRMUNATEKJUR OG (FJÄRMAGNSGJÖLD):			
Vaxtagjöld af langtímaskuldum	(4.683.215)	(4.241.977)	(3.889.126)
Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)	<u>(4.683.215)</u>	<u>(4.241.977)</u>	<u>(3.889.126)</u>
Afcoma ársins.....	<u>5.588.025</u>	<u>10.088.212</u>	<u>2.798.875</u>

Heimild: Ársreikningur Bolungarvíkurkaupstaðar árið 2018

Mynd 22 sýnir rekstrarreikning Vatnsveitu Bolungarvíkur árið 2018.

Eins og reikningurinn sýnir var rekstrarafkoma ársins 2018 5,6 milljónir króna í afgang samanborið við 2,8 milljónir króna árið 2017. Rekstrargjöld vatnsveitunnar lækkuðu á

milli árunna 2017 og 2018, voru 26,8 milljónir króna árið 2017 en 25,1 milljón króna árið 2018.

Veltufé frá rekstri var 12,2 milljónir króna árið 2018. Samanborið við 8,5 milljónir króna árið 2017. Þannig hækkaði veltufé frá rekstri um 3,7 milljónir króna á milli árunna.

Afborganir langtímalána voru 5,8 milljónir króna þannig að afgangur af veltufé frá rekstri var notaður til að greiða niður skuld vatnsveitunnar við aðalsjóð.

FRÁVEITA BOLUNGARVÍKUR

Rekstrarafkoma Fráveitu Bolungarvíkur var einnig góð á árinu 2018.

Mynd 23: Rekstrarreikningur Fráveitu Bolungarvíkur árið 2018

	2018	Fjárhags- áætlun	2017
REKSTRARTEKJUR:			
Álagt holræsagjald	18.077.188	18.077.000	17.825.996
Rekstrartekjur	<u>18.077.188</u>	<u>18.077.000</u>	<u>17.825.996</u>
REKSTRARGJÖLD:			
Efni og vinna	1.414.265	1.471.000	3.061.903
Laun	2.273.518	2.273.518	1.425.575
Annar rekstrarkostnaður	676.615	710.000	631.441
Þátttaka í skrifstofukostnaði	965.975	846.104	917.266
Afskrifir	107.185	107.000	107.184
Rekstrargjöld	<u>5.437.558</u>	<u>5.407.622</u>	<u>6.143.369</u>
Afkoma án fjármagnskostnaðar	<u>12.639.630</u>	<u>12.669.378</u>	<u>11.682.627</u>
FJÁRMUNATEKJUR OG (FJÁRMAGNSGJÖLD):			
Vaxtagjöld af langtímaskuldum	(2.576.250)	(2.333.524)	(2.139.421)
Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)	<u>(2.576.250)</u>	<u>(2.333.524)</u>	<u>(2.139.421)</u>
Afkoma ársins.....	<u>10.063.380</u>	<u>10.335.854</u>	<u>9.543.206</u>

Heimild: Ársreikningur Bolungarvíkurkaupstaðar árið 2018

Eins og reikningurinn sýnir var rekstrarafkoma ársins 2018 10,1 milljón króna í afgang samanborið við 9,5 milljónir króna árið 2017. Rekstrargjöld fráveitunnar lækkuðu á milli árunna 2017 og 2018, voru 6,1 milljón króna árið 2017 en 5,4 milljónir króna árið 2018.

Veltufé frá rekstri var 11,4 milljónir króna árið 2018. Samanborið við 10,3 milljónir króna árið 2017. Þannig hækkaði veltufé frá rekstri um eina milljón króna á milli árunna.

Afborganir langtímalána við A-hluta fyrirtæki voru 3,2 milljónir króna þannig að það var afgangur af veltufé frá rekstri.

FÉLAGSHEIMILI BOLUNGARVÍKUR

Í gildi er verktakasamningur við forstöðumann félagsheimilisins. Samningurinn er nokkuð ítarlegur. Samkvæmt verktakasamningnum tekur forstöðumaðurinn að sér að annast allt utanumhald varðandi rekstur félagsheimilisins, m.a. annast hann þrif o.s.frv.

Samningurinn gerir ráð fyrir að um sé að ræða 85% starfshlutfall og tekur mið af ákveðnum launaflokki með 10% álagi í kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Starfsgreinasambands Íslands eins og segir í samningnum. Verktaki annast sjálfur

mönnun vegna afleysinga. Auk þess fær verktaki sem svarar ákveðinni þóknun af tekjum húsnæðisins, sem þóknun fyrir markaðssetningu á húsnæðinu.

Að sögn forstöðumanns taka viðburðir í félagsheimilinu á ári hverju samtals um 100 daga.

Eftirtaldir aðilar greiða ekki fyrir notkun á húsnæðinu:

Kvenfélagið Brautin, Björgunarsveitin Ernir, Karlakórinn Ernir, Kvennakór Ísafjarðar, Grunnskóli Bolungarvíkur, Félagsmiðstöðin Tópaz og Tónlistarskóli Bolungarvíkur.

Forstöðumaðurinn samþykkir alla reikninga vegna félagsheimilisins. Reikninga sem fara yfir 500 þúsund krónur þarf að leggja fyrir fjármálastjóra áður en stofnað er til þeirra að sögn forstöðumanns. Forstöðumaðurinn hefur ekki aðgang að bókhaldi til að sjá hver staðan er á hverjum tíma. Fjármálastjóri hefur sent reglulega yfirlit varðandi fjárhagsstöðu rekstursins á hverjum tíma að sögn forstöðumanns.

Mynd 24: Rekstrarreikningur Félagsheimilis Bolungarvíkur árið 2018

	2018	Fjárhags- áætlun	2017
REKSTRARTEKJUR:			
Framlag bæjarsjóðs	30.187.591	0	31.234.343
Leigutekjur	4.787.109	2.800.000	1.982.789
Rekstrartekjur	34.974.700	2.800.000	33.217.132
REKSTRARGJÖLD:			
Húsnæðis- og tækjakostnaður	5.178.968	5.687.550	5.265.961
Annar kostnaður	9.707.438	6.819.800	6.686.473
Afskriftir fasteigna og lausafjár	7.432.030	7.533.000	7.401.318
Rekstrargjöld	22.318.436	20.040.350	19.353.752
Afkoma án fjármagnskostnaðar	12.656.264	(17.240.350)	13.863.380
FJÁRMUNATEKJUR OG (FJÁRMAGNSGJÖLD):			
Vaxtatekjur	1.959	0	10.413
Vaxtagjöld af skammtimaskuldum	0	0	(2.175)
Vaxtagjöld af skuldabréfi aðalsjóðs	(18.661.332)	(16.901.917)	(14.824.441)
Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)	(18.659.373)	(16.901.917)	(14.816.203)
Afkoma ársins.....	(6.003.109)	(34.142.267)	(952.823)

Heimild: Ársreikningur Bolungarvíkurkaupstaðar fyrir árið 2018

Mynd 24 sýnir rekstrarreikning Félagsheimilis Bolungarvíkur vegna ársins 2018.

Samkvæmt ársreikningnum var rekstrarniðurstaðan neikvæð um 6 milljónir króna. Með tekjum er talið framlag frá bæjarsjóði að upphæð 30,2 milljónir króna. Leigutekjur voru einungis 4,8 milljónir króna. Rekstrargjöld önnur en vegna afskrifta og fjármagnsgjalda voru samtals 14,9 milljónir króna samanborið við að leigutekjur voru einungis 4,8 milljónir króna.

Skuldir félagsheimilisins voru samtals 263 milljónir króna í árslok 2018. Voru þær allar við aðalsjóð.

HJÚKRUNARHEIMILI

Í september árið 2012 gerði Bolungarvíkurkaupstaður samning við velferðarráðuneytið um byggingu og leigu á hjúkrunarheimili. Bolungarvíkurkaupstaður tók að sér að

byggja og leigja ráðuneytinu tíu rýma hjúkrunarheimili í sveitarfélaginu. Hjúkrunarheimilið var síðan tekið í notkun í desember 2015.

Samkvæmt grein 4.4. er heildarrými þess sem ráðuneytið samdi um að leigja 750 m², eða 75 m² ætlaðir samtals fyrir hvern íbúa. Var þetta gert samkvæmt þáverandi kröfu ráðuneytisins um rýmisþörf fyrir hvern íbúa. Síðan þá er búið að minnka rými vegna hvers íbúa í 65 m² í samningum sem gerðir hafa verið síðar en samningurinn við Bolungarvíkurkaupstað.

Leggja ber áherslu á að umsamið leiguverð nær eingöngu yfir byggingarkostnað viðkomandi byggingar. Leiguverðið felur ekki í sér endurnýjun á lausum búnaði og tækjum til notkunar á hjúkrunarheimilinu. Enda segir í grein 2.6 í framangreindum samningi að „Sérstakan samning skal gera milli aðila um kaup á lausum búnaði og tækjum til nota á hjúkrunarheimilinu.“ Þannig er ekki gert ráð fyrir því í leiguverðinu að sveitarfélagið kosti endurnýjun og/eða viðhald á lausum búnaði og tækjum.

Jafnframt er rétt að fram komi að leiguverðið miðast við 85% hlut ríkisins. Þannig er gert ráð fyrir að sveitarfélagið kosti 15% af heildarleiguverðinu.

Mynd 25: Rekstrarreikningur hjúkrunarheimilis Bolungarvíkur árið 2018

Rekstrarreikningur árið 2018			
	2018	Fjárhags- áætlun	2017
REKSTRARTEKJUR:			
Framlag bæjarsjóðs	3.206.838	0	7.536.739
Leigutekjur	5.982.078	21.300.000	5.982.339
Rekstrartekjur	9.188.916	21.300.000	13.519.078
REKSTRARGJÖLD:			
Laun og launatengd gjöld	0	0	55.355
Vátryggingar og fasteignagjöld	3.559.072	1.682.000	2.784.295
Aðkeypt þjónusta	651.995	1.000.000	194.818
Afskriftir fasteigna og lausafjár	2.093.845	8.828.000	2.206.852
Rekstrargjöld	6.304.912	11.510.000	5.241.320
Afkoma án fjármagnskostnaðar	2.884.004	9.790.000	8.277.758
FJÁRMUNATEKJUR OG (FJÁRMAGNSGJÖLD):			
Vaxtagjöld og verðbætur af langtímalánum	(2.884.004)	(17.273.550)	290.140
Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)	(2.884.004)	(17.273.550)	290.140
Afkoma ársins	0	(7.483.550)	8.567.898

Heimild: Ársreikningur hjúkrunarheimilis Bolungarvíkur árið 2018

Mynd 25 sýnir ársreikning hjúkrunarheimilis Bolungarvíkur árið 2018.

Eins og fram kemur í rekstrarreikningi hjúkrunarheimilisins var framlag frá bæjarsjóði vegna rekstrarins 3,2 milljónir króna.

Við vinnslu skýrslunnar lá ekki fyrir stærð þess húsnæðis sem eignfært er í efnahagsreikningi hjúkrunarheimilisins. Eftir því sem skýrsluhöfundur komst næst er samanlögð stærð einkarýma hvers íbúa 799,7 m². Þá vantar stærð á sameiginlegu rými o.s.frv. Einnig er spurning hvort mögulegt sé að annað rými í húsnæðinu, sem notað er til annarra hluta, sé einnig skráð sem eign hjúkrunarheimilisins. Upplýsingar um það lágu ekki fyrir.

Með hliðsjón af því að umsamin heildarstærð á rými, þ.e. einkarými og sameiginlegu rými, er samkvæmt samningi við velferðaráðuneytið 750 m² er ljóst að húsnæði hjúkrunarheimilisins er nokkru stærri en samningur við ráðuneytið gerir ráð fyrir.

Þar sem sveitarfélagið hefur tekið ákvörðun um að vera með stærra húsnæði en samið var um við ráðuneytið, er spurning hvort ekki væri réttara í ársreikningi hjúkrunarheimilisins að skipta framlagi bæjarsjóðs annars vegar í leiguhluta sveitarfélagsins og síðan þá viðbótarframlag ef um það væri að ræða. Jafnframt að sýna 15% hlut sveitarfélagsins í umsömdu húsnæði sem leigu.

Tillögur

Skuldir sveitarfélagsins

1. SKULDIR B-HLUTA STOFNANA VIÐ AÐALSJÓÐ

Lagt er til að kannað verði að skuld fráveitu við aðalsjóð verði gerð upp með kröfu fráveitu á aðalsjóð.

Aðalsjóður á kröfu á fráveitu samtals að upphæð 36 milljónir króna í árslok 2017. Hins vegar á fráveita körfu á aðalsjóð upp á 35 milljónir króna í árslok 2017. Hér er lagt til að skoðað verði að þessar skuldir verði jafnaðar út.

2. LANGTÍMASKULDIR

Lagt er til að kanna hvort hægt sé að endurfjármagna eldri lán með hagstæðari kjörum.

Mikill munur getur verið á kjörum þeirra lána sem í boði eru. Fyrir sveitarfélög hafa kjör á lánnum hjá Lánasjóði sveitarfélaga reynst hagstæðari en lán hjá bankastofnunum almennt.

Lán sem sveitarfélagið er með bera allt að 6,05% vexti. Lánasjóður sveitarfélaga er að bjóða verðtryggt lán sem bera allt niður í 2,5% vexti.

Fjárheimildir samkvæmt fjárhagsáætlun

3. FJÁRHEIMILDIR SAMKVÆMT FJÁRHAGSÁÆTLUN

Lagt er til að lögð verði áhersla á það við forstöðumenn að óheimilt er skv. sveitarstjórnarlögum að fara fram úr fjárheimildum skv. fjárhagsáætlun.

Brýnt er að starfsmenn sveitarfélaga séu meðvitaðir um að það sé ekki heimilt skv. sveitarstjórnarlögum að fara fram úr fjárheimildum skv. fjárhagsáætlun. Jafnframt verði forstöðumönnum gert skylt að tilkynna til fjármálastjóra/bæjarstjóra telji hann að rekstur viðkomandi stofnunar standist ekki áætlun.

Verði það niðurstaðan að svo sé verði málið lagt fyrir bæjarráð/bæjarstjórn sem síðan tekur ákvörðun um hvort gerður verði viðauki við fjárhagsáætlun. Lögð er áhersla á að skv. sveitarstjórnarlögum þarf þetta að gerast áður en stofnað er til útgjalda, sem ekki er gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun. Ekki er heimilt skv. lögnum að samþykkja viðauka eftir á. Jafnframt, ef útgjalda aukning er samþykkt, er skylt skv. lögnum, að gera grein fyrir því hvernig henni verður mætt.

4. GREINARGERÐ MEÐ FJÁRHAGSÁÆTLUN

Lagt er til að með fjárhagsáætlun fylgi ítarleg greinargerð þar sem gerð er grein fyrir hverjum útgjaldalið. Tekið sé sérstaklega fram hvernig eigi að ná fram tilsettum markmiðum.

Mikilvægt er að með fjárhagsáætlun fylgi ítarleg greinargerð þar sem þær forsendur,

sem lagðar eru til grundvallar í áætluninni, komi skýrt fram. T.d. sé gerð grein fyrir því hvað stöðugildi í hverri stofnun eigi að vera mörg o.s.frv. Þar komi fram t.d. þróun fjölda stöðugilda hjá viðkomandi stofnun t.d. fyrir a.m.k. fimm ára tímabil.

Sé um breytingar að ræða í fjárhagsáætlun frá fyrra ári komi það skýrt fram í greinargerðinni.

Í greinargerðinni verði m.a. gerð ítarleg grein fyrir öllum fjárfestingum sem gert er ráð fyrir að ráðast í.

Eftir því sem greinargerðin er ítarlegri því auðveldara verður að fylgja fjárhagsáætlun eftir. Bæjarfulltrúar og almenningur verður betur upplýstur um hvað samþykkt hefur verið með fjárhagsáætlun og þriggja ára áætlun sveitarfélagsins.

Hér er lagt til að greinargerð með fjárhagsáætlun verði ítarlegri en verið hefur hjá sveitarfélaginu.

5. GREIÐSLUÁÆTLUN

Lagt er til að gerð verði greiðsluáætlun fyrir hvern mánuð og hvern útgjaldalið. Launum í hverjum mánuði hjá hverri stofnun verði skipt niður á starfsmenn. Þetta verði gert strax og fjárhagsáætlun liggur fyrir. Síðan verði rauntölur hvers mánaðar bornar saman við áætlun mánaðarins. Á sama hátt verði gerð áætlun um fjölda stöðugilda hjá hverri stofnun í hverjum mánuði ársins.

Með vel unninni greiðsluáætlun, sem fylgt er eftir, er hægt að koma í veg fyrir umfram eyðslu. Gerð verði áætlun um laun hvers starfsmanns fyrir hvern mánuð. Laununum verði skipt í föst laun og önnur laun. Rauntölur hvers mánaðar verði síðan bornar saman við áætlunina. Fari t.d. launakostnaður fram úr áætlun í einum mánuði verði brugðist við því.

Þannig verði einnig tekið á öðrum rekstrarútgjöldum. Virðist sem svo að útgjaldaliður sé að fara fram úr áætlun verði strax gripið til aðgerða. Það er ljóst að með þessu, miðað við reynslu annarstaðar frá, myndi nást veruleg hagræðing í rekstri sveitarfélagsins. Einnig ber að leggja áherslu á greiðsluáætlanir með hliðsjón af nýjum sveitarstjórnarlögum.

Jafnframt verði gerð greiðsluáætlun yfir framkvæmdir á vegum sveitarfélagsins og áætlað hvernig þær skiptast niður á mánuði ársins.

Einnig verði gerð áætlun fyrir hvern mánuð í samræmi við fjárhagsáætlun um fjölda stöðugilda fyrir hverja stofnun. Raunfjöldi stöðugilda í hverjum mánuði verði síðan borinn saman við áætlun um fjölda stöðugilda.

Um tíunda hvers mánaðar liggi fyrir samanburður á rauntölum og áætlun um stöðuna í viðkomandi mánuði. Um er að ræða samanburð á áætlun og rauntölum bæði hvað varðar rekstur og stöðugildi. Komi í ljós að áætlun standist ekki eða svo virðist sem stefni í það verði strax gripið til aðgerða.

Í mánuði hverjum leggi fjármálastjóri fram samanburð í bæjarráði á greiðsluáætlun og rauntölum fyrir næst liðinn mánuð og það sem af er árinu.

6. ÁÆTLUN UM SJÓÐSSTÖÐU

Lagt er til að á fyrsta virkum degi í hverjum mánuði leggi fjármálastjóri fyrir bæjarstjóra samanburð á áætlaðri sjóðsstöðu sveitarfélagsins og raunstöðu fyrir viðkomandi mánuð.

Hér er lagt til að fjármálastjóri geri bæjarstjóra í byrjun hvers mánaðar grein fyrir stöðu á bankareikningum sveitarfélagsins í samburði við áætlaða stöðu þeirra. Þessi staða á að geta gefið fyrstu vísbendingu um ef eitthvað er að fara úrskeiðis í rekstri og fjármálum sveitarfélagsins.

7. REGLULEGIR FUNDIR

Lagt er til að fjármálastjóri eigi reglulega mánaðarlega fundi með forstöðumönnum, þar sem farið er yfir rauntölur í rekstri og þær bornar saman við áætlun. Virðist sem svo að kostnaður sé að fara fram úr áætlun verði tekin ákvörðun um hvernig brugðist verði við því.

Mikilvægt er að bókhaldstölur fyrir næst liðinn mánuð liggi fyrir eigi síðar en tíunda hvers mánaðar og forstöðumenn fái þær til sín og beri saman við áætlun. Til að gera þetta enn virkara er lagt til að fjármálastjóri eigi reglulega fundi með forstöðumönnum til að fara yfir rauntölur og áætlun.

Samhliða því að farið verður yfir rauntölur rekstrar og áætlun sé fjöldi stöðugilda í mánuði hverjum borinn saman við þann fjölda sem gert var ráð fyrir skv. fjárhagsáætlun. Á þetta einkum við stærri stofnanir eins og t.d. grunnskóla og leikskóla.

Sömu upplýsingar verði lagðar fyrir bæjarráð í mánuði hverjum.

8. REGLULEGIR FUNDIR BÆJARSTJÓRA MED ÆÐSTU STJÓRNENDUM

Lagt er til að bæjarstjóri eigi reglulega fundi með hverjum stjórnanda hjá sveitarfélaginu fyrir sig.

Hér er lagt til að bæjarstjóri eigi reglulegan fund með hverjum stjórnanda fyrir sig hjá sveitarfélaginu. Þessir fundir gætu t.d. verið aðra hverja viku.

Mikilvægt er að stjórnendur sveitarfélagsins, skólastjóri grunnskólans, leikskólastjóri o.s.frv. hafi möguleika á að geta hitt bæjarstjóra reglulega til að fara yfir þau ýmsu mál sem undir þá heyra. Jafnframt gefst bæjarstjóra tækifæri til þess að vera betur upplýstur um málefni sveitarfélagsins.

9. FUNDIR VEGNA FJÁRHAGSÁÆTLUNAR OG ÁRSREIKNINGS

Lagt er til að haldnir verði fundir með öllum forstöðumönnum sveitarfélagsins um fjárhagsáætlun og ársreikning sveitarfélagsins ár hvert.

Mikilvægt er, þegar ársreikningur liggur fyrir, að farið sé yfir hann með forstöðumönnum og rætt hvernig til hafi tekist og jafnvel með starfsmönnum almennt. Það sama verði gert þegar fjárhagsáætlun hefur verið samþykkt nema þá verði rætt hvernig unnið skuli eftir henni. Með því móti ættu forstöðumenn og starfsmenn að vera vel meðvitaðir um fjármál sveitarfélagsins.

Einnig er mikilvægt að forstöðumenn og nefndir komi að fjárhagsáætlunargerð og gerð greiðsluáætlana samanber hér að framan.

10. SAMÞYKKT REIKNINGA UMFRAM FJÁRHEIMILD

Lagt er til að kanna það fyrirkomulag að ekki sé hægt að samþykkja reikninga vélrænt umfram fjárheimild skv. greiðsluáætlun. Ef það er mögulegt verði því hrint í framkvæmd.

Til að virkja greiðsluáætlun enn frekar í samanburði við rauntölur er hér lagt til að kannað verði hvort hægt sé að vera með þannig fyrirkomulag, að ekki sé hægt að samþykkja reikninga ef fjárheimild er ekki til staðar. Ef það er gerlegt verði því hrint í framkvæmd.

Með þessu fyrirkomulagi verður greiðslueftirlitið virkara en ella. Þegar fjárheimild skv. greiðsluáætlun er nýtt að fullu er ekki hægt að samþykkja og fá greidda nýja reikninga umfram greiðsluáætlun. Til að fá reikning greiddan þarf að leita til fjármálastjóra og semja við hann um lausn málsins. Með þessu fyrirkomulagi verða forstöðumenn meðvitaðri um þær fjárheimildir sem þeir hafa á hverjum tíma.

11. UPPÁSKRIFT REIKNINGA

Lagt er til að forstöðumenn stofnana samþykki reikninga fyrir sína stofnun. Jafnframt að þeir samþykki alla reikninga vegna viðkomandi stofnunar, þ.m.t. vegna leigu, fyrir rafmagn og hita o.s.frv.

Leggja ber áherslu á að forstöðumenn stofnana samþykki alla reikninga viðkomandi stofnunar. Ætla verður að enginn sé betur til þess fallinn en sá aðili sem stýrir viðkomandi stofnun dagsdaglega og jafnvel stofnar til útgjalda vegna hennar. Hann á að hafa besta yfirlitið til að geta samþykkt reikninga.

12. LYKLUN REIKNINGA

Lagt er til að lögð verði áhersla á það við starfsmenn að reikningar séu lyklaðir á réttan bókhaldslykil.

Hér er um mikilvægan þátt að ræða í bókhaldi sveitarfélagsins. Þegar útgjöld eru ekki rétt færð í bókhaldi er hætt á að ýmislegt fari úrskeiðis, m.a. kostnaðarvitund forstöðumanna o.s.frv.

13. VIÐAUKAR

Leggja ber áherslu á að lögum varðandi viðauka sé fylgt eftir, bæði hvað varðar samþykkt viðauka og tilkynningu þeirra til ráðuneytisins (Hagstofu Íslands) eins og lög in kveða á um.

Með hliðsjón af því að rauntölur rekstrar fóru fram úr fjárheimildum skv. fjárhagsáætlun árið 2017 í nokkrum tilfellum án þess að viðaukar hafi verið samþykktir ber að leggja áherslu á að unnið sé með viðauka eins og lög um sveitarstjórnarmál gera ráð fyrir. Þar sem þetta er mikilvæg lagaleg skylda þykir rétt að geta þessa hér og leggja áherslu á að þetta verði framkvæmt og gert í samræmi við lög.

Hins vegar ber jafnframt að leggja áherslu á að unnið sé með fjárhagsáætlun þannig að

ekki þurfi að samþykkja viðauka, þ.e. að láta fjárhagsáætlun standast.

14. FJÁRHAGSÁÆTLUN SEGIR TIL UM FJÁRHEIMILD

Lagt er til að lögð verði áhersla á það við starfsmenn að fjárhagsáætlun er ekki einungis markmið heldur segi áætlunin til um þá fjárheimild sem viðkomandi stofnun hefur. Strax og fjárhagsáætlun liggur fyrir geri viðkomandi forstöðumenn grein fyrir því að starfsemin, eins og hún er fyrirhuguð, geti staðist fjárheimild til stofnunarinnar. Jafnframt verði lögð áhersla á að mánaðarlegri greiðsluáætlun verði fylgt. Komi fram að hún ætli ekki að standast verði strax gripið inn í með aðhaldsaðgerðum.

Leggja ber áherslu á það við starfsmenn sveitarfélagsins að fjárhagsáætlun er ekki einungis markmið heldur segir hún til um fjárheimild viðkomandi stofnunar. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum eru greiðslur umfram fjárheimildir samkvæmt fjárhagsáætlun án þess að gerður sé viðauki við fjárhagsáætlun beinlínis brot á lögunum. Leggja ber áherslu á þetta.

Til að ná markmiðum laganna varðandi fjárheimildir er mikilvægt að gerð sé greiðsluáætlun og henni fylgt eftir.

Tekjur

15. JÖFNUNARSJÓÐUR SVEITARFÉLAGA

Lagt er til að bæjarstjórn geri sveitarstjórnarráðuneytinu grein fyrir því að tilgangur framlaga vegna jöfnunar fasteignaskattstekna nái ekki fram að ganga þar sem tekjufjöfnunarframlag lækkar um nánast sömu tölu eins og málum er háttáð hjá Bolungarvíkurkaupstað. Þetta verði gert með það að markmiði að ná fram leiðréttingu.

Eins og fram hefur komið hér að framan (sjá töflu 17) eru fasteignaskattstekjur á hvern íbúa hjá Bolungarvíkurkaupstað lágar í samanburði við t.d. samanburðar sveitarfélögin. Er þetta vegna lágs fasteignamatsstuðuls hjá sveitarfélaginu. Þar sem sveitarfélagið fær tekjufjöfnunarframlag lækkar það á móti framlagi vegna jöfnunar á fasteignaskattstekjum. Hægt er að sýna fram á að með reglunum eins og þær eru leiða framlög vegna tekjufjöfnunarframlaga og framlög vegna jöfnunar á fasteignaskattstekjum jafnvel til frekari ójafnaðar eins og í tilfelli Bolungarvíkurkaupstaðar.

Hér er lagt til að óskað verði eftir því við Jöfnunarsjóð sveitarfélaga að þetta verði tekið til skoðunar með það að markmiði að ná fram leiðréttingu.

16. FASTEIGNASKATTUR OG LÓÐALEIGA

Lagt er til að skoðað verði að vera með álagningu fasteignaskatts í hámarki með 25% álagi. Á sama hátt verði skoðað að hækka lóðaleigu.

Með hliðsjón af því hversu lágt fasteignamat í Bolungarvíkurkaupstað er, er hér lagt til að skoðað verði að leggja hámarks álag ofan á fasteignaskatt íbúðarhúsnæðis í sveitarfélaginu, þ.e. að vera með prósentuna í 1,625%. Einnig á sama hátt verði skoðað að hækka lóðaleigu.

Samkvæmt reglum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga varðandi útreikning á jöfnun fasteignaskattstekna, sbr. hér að framan, myndi framlagið hækka til sveitarfélagsins ef fasteignaskatturinn er hækkaður og verða í hámarki ef álagið væri lagt á að fullu. Hins vegar þarf að skoða hvaða áhrif það hefði á tekjufjöfnunarframlagið, sbr. hér að framan. Með hliðsjón af því að útsvarstekjur hjá sveitarfélaginu hafa farið hækkanði síðustu ár hefur það leitt til lækkunar á tekjufjöfnunarframlaginu frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Þannig að ef sú þróun heldur áfram er líklegt að hækkan fasteignaskatts muni leiða til aukins framlags frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Þetta þarf að skoða vel fyrir árið 2020 að öllu öðru óbreyttu.

Hafa ber í huga, eins og komið hefur fram hér að framan, að fasteignamat er lágt í Bolungarvíkurkaupstað samanborið við samanburðar sveitarfélögin en launatekjur háar. Þetta ber að hafa í huga þegar álagningarhlutfallið er ákveðið.

Laun

17. YFIRVINNA

Lagt er til að þeirri reglu verði fylgt að föst yfirtíð nái yfir alla yfirvinnu og óþægindi utan vinnutíma.

Leggja ber áherslu á að föst yfirtíð nái yfir alla vinnu og óþægindi utan reglubundins vinnutíma. Þannig að ekki komi til þess að greiddir séu yfirvinnutímar umfram fasta yfirtíð hjá þeim sem eru með fasta yfirtíð.

18. HLUTFALL LAUNA AF TEKJUM SVEITARFÉLAGSINS

Lagt er til að bæjarstjórn setji sér ákveðið takmark um hlutfall launa af tekjum. Markmiðið verði tímasett.

Hér er lagt til að bæjarstjórn setji sér ákveðið markmið um hlutfall launa af tekjum sveitarfélagsins. Bæjarstjórn setji sér ákveðin tímamörk um hvenær markmiðinu verði náð.

Stöðugildi

19. FJÖLDI STÖÐUGILDA SAMKVÆMT FJÁRHAGSÁÆTLUN

Lagt er til að lögð verði áhersla á að fjöldi stöðugilda hjá hverri stofnun sé í samræmi við forsendur fjárhagsáætlunar. Sé metið að stöðugildi þurfi að vera fleiri en fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir þurfi samþykki bæjarráðs/bæjarstjórnar fyrir því.

Hér er verið að leggja áherslu á að stöðugildi hjá stofnunum séu í samræmi við forsendur fjárhagsáætlunar. Mikilvægt er að fjöldi stöðugilda hjá hverri stofnun sé tilgreindur í greinargerð með fjárhagsáætlun. Einnig verði fjöldi stöðugilda í mánuði hverjum skv. launakeyrlu borinn saman við fjölda stöðugilda skv. áætlun í mánuði hverjum. Samþykki bæjarráðs og/eða bæjarstjórnar þarf ef fjölga þarf stöðugildum.

20. FJÖLGUN STÖÐUGILDA

Lagt er til að ef komi fram ósk um fjölgun stöðugilda verði lagður fram rökstuðningur fyrir því sem síðan bæjarstjóri og fjármálastjóri fari yfir og meti og geri tillögu um hvort fallist verði á óskina eða henni hafnað.

Leggja ber áherslu á að athugað verði vandlega hvort fallast eigi á fjölgun stöðugilda sé

Þess óskað. Lagður verði fram sérstakur rökstuðningur fyrir óskinni af viðkomandi forstöðumanni sem síðan bæjarstjóri og fjármálastjóri meti og geri tillögu um hvort fallist verði á óskina eða henni hafnað.

Þessi tillaga er hér m.a. sett fram með hliðsjón af því að á undanförunum árum hefur stöðugildum farið nokkuð fjölgandi hjá sveitarfélaginu.

Annar rekstrarkostnaður

21. ÚTBOÐ

Lagt er til að þjónustukaup, tryggingar, símaþjónusta (internet tenging), orkukaup o.s.frv. hjá sveitarfélaginu, verði boðin út reglulega. Þetta verði gert a.m.k. á þriggja ára fresti.

Lagt er til að öll innkaup á rekstrarvörum verði boðin út og leitað eftir hagstæðum tilboðum. Þetta verði gert reglulega.

Mikilvægt er að gætt sé aðhalds í öllum innkaupum og þess gætt að alltaf sé leitað eftir sem hagstæðustu kjörum á hverjum tíma. Með því að leita reglulega eftir tilboðum er hægt að tryggja að innkaup verði með þeim bestu kjörum sem í boði eru. T.d. verður að teljast líklegt að hagstæðari tryggingar muni fást með reglulegu útboði.

Mikilvægt er að þegar hagstæðasta tilboði í rekstrarvörur hefur verið tekið verði forstöðumönnum gert að beina viðskiptum sínum til viðkomandi birgja.

Hér er um hagræðingu að ræða sem hvorki kemur niður á starfsmönnum né þjónustu. Ef eitthvað er væri jafnvel hægt að bæta þjónustuna með þeim aðgerðum sem hér eru lagðar til.

Hér er lagt til að kannað verði hvort mögulegt sé fyrir sveitarfélagið að bjóð út kaup á rafmagni fyrir Bolungarvíkurkaupstað.

22. VÖRUKAUP

Lagt er til að gefinn verði út listi yfir þá sem mega taka út vörur á vegum sveitarfélagsins gegn gjaldfresti. Listinn verði sendur til helstu þjónustuaðila í sveitarfélaginu.

Hér er lagt til að fyrirfram verði ákveðið hverjir megi taka út vörur og þjónustu á vegum sveitarfélagsins og láta skrifa hjá því. Á reikningi, sem viðkomandi kvittar upp á við móttöku vörunnar og/eða þjónustu, komi fram kennitala viðkomandi. Gerður verði sérstakur listi yfir þessa aðila og hann sendur helstu birgjum sveitarfélagsins.

Viðskiptavinum verði tilkynnt að ef aðrir skrifi upp á úttektir en fram koma á listanum gætu þeir átt á hættu að fá reikninga ekki greidda, sérstaklega ef ekki er hægt að finna út hver úttektaraðilinn er.

23. ORKUNOTKUN

Lagt er til að forstöðumönnum verði falið að skrá mánaðarlega alla rafmagnsnotkun og hitunarkostnað. Rafmagnið verði skráð í kwst. Síðan verði notkunin borin saman á milli mánaða og ára.

Mikilvægt er að fylgst sé nákvæmlega með allri orkunotkun, hún sé skráð mánaðarlega og borin saman á milli mánaða og ára. Mörg dæmi eru um það hjá sveitarfélögum, þar sem þetta er gert, að komið hefur verið í veg fyrir óþarfa notkun á orku. Jafnvel hafa sum sveitarfélög farið í að skrá orkunotkun á hvern fermetra í húsnæði og getað þannig borið saman notkunina á milli einstakra húsa. Með þessu er hægt að grípa inn í ef frávik koma fram.

24. VARMADÆLA TIL HÚSAHITUNAR

Lagt er til að kannað verði hvort draga megi úr kostnaði til húsa hitunar og notkun á heitu vatni við Sundlaug Bolungarvíkur með notkun varmadælu.

Í sveitarfélaginu er heitt vatn, m.a. til húsa hitunar og í Sundlaug Bolungarvíkur, hitað upp með rafmagni. Kemur til greina að notast við varmadælu í því sambandi? Samkvæmt upplýsingum sem skýrsluhöfundur hefur aflað sér eru dæmi þess að hitunarkostnaður hafi lækkað um allt að 30% með því að nota varmadælu í stað þess að hita vatn eingöngu með rafmagni. Dæmi er um að hagræðingin er svo mikil að stofnkostnaður greiðist niður á nokkrum árum. Miðað við að kostnaður sveitarfélagsins við kaup á heitu vatni er um 20 milljónir króna á ári gæti þetta verið allt að 6 milljóna króna hagræðing miðað við eitt ár hjá sveitarfélaginu. Síðan kæmi til viðbótar lækkun á kostnaði hjá íbúum sveitarfélagsins.

Hér er lagt til að sveitarfélagið óski eftir því við Orkubú Vestfjarða að þetta verði kannað.

Bæjarskrifstofur

25. FATAPENINGAR

Lagt er til að fatapeningar verði greiddir mánaðarlega.

Hér er lagt til að fatapeningar sem starfsmenn eiga rétt á verði greiddir mánaðarlega. Í lok árs síðustu tvö ár hefir aðalbókari reiknað saman fatapeninga sem ófaglærðir starfsmenn eiga rétt á. Þetta er uppgjör sem fer fram í lok árs en ætti að greiðast mánaðarlega.

Ýmis flækjustig fylgja því að framkvæma svona uppgjör í lok árs í stað þess að þetta sé gert reglulega. Hér er lagt til að það verði gert.

26. VINNUSTUND

Lagt er til að Vinnustund verði nýtt svo sem kostur er. Öllum starfsmönnum verði gert að skrá sig í og úr vinnu í Vinnustund. Lögð verði áhersla á að öll veikindi og orlof verði skráð skilmerkilega í Vinnustund.

Fram kom í samtölum við launafulltrúa að heimilishjálpin hafi ekki innleitt Vinnustund, þar er enn unnið með handskrifaðar vinnuskýrslur. Jafnframt hefur verið nokkur misbrestur á að starfsmenn grunnskólans vinni með Vinnustund. Hjá grunnskólanum vantar m.a. nokkuð upp á að veikindi og leyfi séu skráð í Vinnustund. Að öðru leyti heldur Vinnustund vel utan um veikindi og leyfi hjá öðrum stofnunum.

Samkvæmt upplýsingum sem skýrsluhöfundur hefur aflað sér þarf að laga til orlofið á öllum starfsmönnum svo hægt sé með einfaldri aðgerð mánaðarlega að færa orlofsskuldbindinguna í bókhaldið á allar deildir. Þetta er gert í dag eftir að árið er liðið. Þetta er allt vinna sem hægt er að láta Vinnustund halda utan um.

Hér er lagt til að ráðin verði bót á þessu.

27. NÁMSKEIÐ FYRIR STARFSFÓLK

Lagt er til að kannað verði að senda starfsfólki á frekari námskeið varðandi Vinnustund.

Fram kom hjá starfsfólki að þörf væri á frekara námskeiði til að fræðast um alla kosti og eiginleika Vinnustundar. Mikilvægt er að starfsfólk hafi góða þekkingu á Vinnustund og með hliðsjón af því er þessi tillaga sett fram.

28. OPNUNARTÍMI PÓSTSINS Í HÁDEGINU

Lagt er til að kannað verði hvort til greina komi að pósturinn sé lokaður í hálfklukkustund í hádeginu á virkum dögum eða þann tíma sem starfsmaður við póstin tekur hádegishlé.

Hér er lagt til að kannað verði hvort til greina komi að loka póstafréttislausu í hádeginu þann tíma sem starfsmaður tekur matarhlé.

Samkvæmt upplýsingum starfsmanns í póstafréttislausu komur að jafnaði einn til fimm viðskiptamaður á þessum tíma.

Félagsþjónusta

29. FÉLAGSLEG RÁÐGJÖF

Lagt er til að haldin sé skrá yfir veitta félagslega ráðgjöf hjá sveitarfélaginu.

Hér er lagt til að félagsmálastjóri skrái hjá sér veitta félagslega ráðgjöf. Þannig að það liggi fyrir upplýsingar um fjölda veittrar ráðgjafar, tilfelli flokkuð o.s.frv. Mótun verði regla um hvað verði skráð, sem dæmi má nefna að líklega er ekki ástæða til að skrá stutt símatil þar sem veitt er samtal varðandi félagsleg mál. Alla vega verði þau mál skráð sem þarfnast úrvinnslu og funda svo dæmi séu nefnd.

Mikilvægt er að sveitarfélagið hafi á hverjum tíma upplýsingar um hvers konar ráðgjöf það er að veita og fjölda þeirra mála. Slíkar upplýsingar geta alltaf komið að gagna, m.a. þegar umfang verkefna er metið o.s.frv.

30. HEIMSENDUR MATUR

Lagt er til að Bolungarvíkurkaupstaður taki upp viðræður við Heilbrigðisstofnun Vestfjarða (HV) varðandi endurskoðun á þóknun fyrir heimsendan mat sem HV hefur annast.

Hér er lagt til að Bolungarvíkurkaupstaður taki upp samtal við HV varðandi þóknun fyrir heimsendan mat. Lögð verði áhersla á að Bolungarvíkurkaupstaður hætti að greiða 38% í launakostnaði vegna starfsmanns í eldhúsi hjúkrunarheimilisins og greidd verði eðlileg þóknun fyrir hverja máltíð. Sem dæmi má nefna að Seltjarnarnesbær greiðir 1.215 krónur fyrir hverja máltíð á heimsendum mat og er kostnaður við heimsendinguna innifalinn í þessu verði.

Bolungarvíkurkaupstaður er að greiða í dag (2019) 1.200 kr. fyrir hverja máltíð auk launakostnaðarins. Telja verður að verðið 1.200 kr. fyrir hverja máltíð sé fullnægjandi þóknun fyrir máltíðina til HV.

31. FÉLAGSLEG RÁÐGJÖF Í GRUNNSKÓLANUM

Lagt er til að kannað verði hvort félagsmálastjóri geti tekið upp að nýju að vera með fasta viðveru í Grunnskóla Bolungarvíkur og veitt þar félagslega ráðgjöf til kennara og nemenda.

Það er mat skýrsluhöfundar að það að félagsmálastjóri sé með fasta viðveru í Grunnskóla Bolungarvíkur og veiti þar félagslega ráðgjöf sé mikilvæg starfsemi fyrir skólastarfið. Hér er lagt til að kannað verði hvort ekki sé hægt að koma þessu fyrirkomulagi á að nýju. Allt gert til að bæta skólastarfið.

32. BYGGÐASAMLAG UM MÁLEFNI FATLAÐS FÓLKS

Lagt er til að teknar verði upp viðræður á milli sveitarfélaganna, sem standa að byggðasamlaginu, með það að markmiði að sveitarstjórnirnar komi meira að ákvörðunartöku um ráðstöfun á þeim peningum sem eru ætlaðir til málefna fatlaðs fólks og hvernig þjónustan fer fram.

Leggja ber áherslu á að sveitarstjórn í hverju sveitarfélagi taki endanlega ákvörðun um hvernig fjármunum sveitarfélagsins sé ráðstafað. Á endanum er það alltaf sveitarstjórn sem ber ábyrgð, því getur það ekki talist edlilegt að slíkt vald um ráðstöfun á fjármunum þess sé framselt til annars aðila.

Jafnframt að stjórn byggðasamlagsins komi meira að ákvörðunartöku um þjónustuna. Stjórnin fjalli ekki eingöngu um fjármál byggðasamlagsins heldur einnig um þjónustuna og taki ákvarðanir um hana í samræmi við fjárhagsáætlun. Þannig verði hluti af verkefnum verkefnahópsins færður til stjórnar byggðasamlagsins.

33. TEKJUR VEGNA MÁLEFNA FATLAÐRA STANDI UNDIR ÚTGJÖLDUM

Lagt er til að þess verði gætt að þjónustu vegna málefna fatlaðra verði hagað þannig að tekjur, sem ætlaðar eru í málaflokkinn, standi ávallt undir útgjöldum. Ef afgangur verði af rekstrinum renni hann til sveitarfélaganna.

Mikilvægt er að tekið verði á því strax í upphafi að tekjur, sem sveitarfélögin fá vegna málefna fatlaðs fólks, standi undir útgjöldum. Ef svo reynist ekki vera verði farið yfir alla verkferla og athugað hvort hægt sé að haga þjónustunni þannig að tekjurnar standist útgjöldin.

Mörg undanfarin ár hafa tekjur frá Jöfnunarsjóði og hlutur byggðasamlagsins í útsvarstekjum sveitarfélaganna ekki dugað fyrir rekstrinum. Hins vegar hefur það náðst a.m.k. árið 2017. Hér er lögð áhersla á að þess verði gætt að svo verði áfram.

Leikskólinn Gláðheimar

34. ÞJÓNUSTUKAUP FRÁ TRÖPPU

Lagt er til að gerð verði athugasemd við fyrirtækið Tröppu vegna ófullnægjandi reikninga frá fyrirtækinu ítrekað.

Samkvæmt upplýsingum frá bókhaldi sveitarfélagsins hefur þurft ítrekað að gera athugasemdir við reikninga sem borist hafa frá Tröppu. Mikill tími hefur farið í að fá leiðréttingar á reikningum samkvæmt upplýsingum frá bókhaldinu. Hér er lagt til að gerð verði formleg athugasemd við fyrirtækið vegna þessa.

36. VEIKINDALAUN

Lagt er til að veikindalaun hjá stofnunum sveitarfélagsins verði skráð sérstaklega í launakerfi sveitarfélagsins.

Mikilvægt er að hafa góðar upplýsingar um veikindaforföll starfsmanna hjá sveitarfélögum, hjá hverri stofnun. Slíkt gefur ýmsar upplýsingar og þá sértaklega ef um mikil veikindi er um að ræða. Með því opnast möguleikar á jafnvel til að geta gripið til fyrirbyggjandi aðgerða vegna veikinda. Einnig geta það verið gagnlegar upplýsingar ef t.d. launakostnaður hækkar vegna veikinda.

Með vísan til þessa eru þessi tillaga hér sett fram.

37. STÖÐUGILDI Á LEIKSKÓLUM

Lagt er til að sveitarfélagið marki sér stefnu um fjölda stöðugilda á Leikskólanum Glaðheimum. Sveitarfélagið marki sér stefnu um fjölda HDÍG á hvert stöðugildi.

Eins og komið hefur fram hér að framan í skýrslunni hefur verið ákveðinn stígandi í fjölgun stöðugilda á leikskólanum og þá ekki í samræmi við fjölgun barna (HDÍG) á leikskólanum.

Það er mat skýrsluhöfundar að miðað við stöðuna í dag megi fækka um eitt til tvö stöðugildi á leikskólanum. Þetta verði a.m.k. haft í huga næst þegar verða breytingar í starfsmannamálum leikskólans.

Grunnskóli Bolungarvíkur

38. STAÐA DEILDARSTJÓRA

Lagt er til að skoðað verði hvort ekki megi leggja niður stöðu deildarstjóra við grunnskólann.

Hér er lagt til að athugað verði með að leggja niður stöðu deildarstjóra við grunnskólann. Nú þegar breytingar eiga sér stað í starfsmannamálum skólans er rétt að athugað verði hvort leggja megi niður stöðu deildarstjóra.

39. GEÐTEYMI

Lagt er til að athugað verði hvort ekki sé rétt að félagsmálastjóri eigi aðild að geðteymi sem starfar við skólann.

Það verður að teljast eðlilegt að sá starfsmaður sem fer með málefni fjölskyldna hjá sveitarfélaginu með félagslegri ráðgjöf og aðstoð komi einnig að þeim málum hjá skólanum.

Gera má ráð fyrir að í mörgum tilfella, þar sem fjallað eru um málefni nemenda hjá geðteyminu, sé oft á tíðum um það að ræða að félagsmálastjóri sé að vinna með viðkomandi fjölskyldu/fjölskyldum.

Starfandi er geðteymi, sem skipað er fulltrúum frá skólanum, aðstoðarskólastjóra, skólahjúkrunarfræðingi, aðila frá barnvernd, lækni og sálfræðingi frá heilsugæslunni. Teymið hittist einu sinni í mánuði. Hlutverk teymis er að allir séu samstíga þegar unnið er að velferð nemenda sem þurfa aðstoð vegna hegðunarvandamála.

Með hliðsjón af því er þessi tillaga hér fram komin.

40. SAMSTARF VIÐ ÍSAFJARÐARBÆ Í SKÓLAMÁLUM

Lagt er til að kanna hvort til greina komi að eiga samstarf við Ísafjarðarbæ varðandi málefni grunnskólans. Athugað verði hvort til greina komi að gera samning við Ísafjarðarbæ um þjónustu við skólann.

Hér er lagt til að kannað verði hvort faglega þjónustu við grunnskólann í stað þess að kaupa þessu þjónustu af sjálfstætt til greina komi að eiga samstarf við Ísafjarðarbæ um starfandi verktaka.

Með þessu fengist nánara samstarf á milli sveitarfélaganna í skólamálum. Skólastjóri grunnskólans ætti í góðu formlegu samstarfi við skólastjóra nágretta sveitarfélagsins o.s. frv.

41. FRÆÐSLUMÁLARÁÐ

Lagt er til að tryggt verði að þeir aðilar sem ber að sitja fundi fræðslumálaráðs með málfrelsi og tillögurétt sitji fundi ráðsins.

Í samtali sem skýrsluhöfundur átti við skólastjóra grunnskólans kom fram að hann sitji ekki reglulega fundi fræðslumálaráðs.

Eftirfarandi ákvæði er í 4. mgr., 6. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008:

„Skólastjórar, grunnskólakennarar og foreldrar í sveitarfélagi kjósa hver úr sínum hópi aðal- og varamann til setu á skólanefndarfundum með málfrelsi og tillögurétt.“

Samkvæmt þessu ákvæði laganna ber skólastjóra ásamt fulltrúa grunnskólakennara og foreldra að sitja fundi fræðslumálaráðs með málfrelsi og tillögurétti.

Með vísan til framanritaðs er þessi tillaga hér fram komin.

42. KENNSLUELDHÚS

Lagt er til að kannað verði hvort ekki sé rétt að búa kennslueldhús í grunnskólanum þannig að það standist kröfur um kennslueldhús í grunnskólum.

Bráðbrigða eldhús til matarkennslu var sett upp í matreiðslustofu árið 1997. Ekki hefur verið tekist að ganga frá aðstöðunni síðan þá. Hægt er að sinna kennslu þar, en aðstaðan er komin á þolmörk hvað varðar tæki og búnað.

Með vísan til þessa er þessi tillaga fram komin.

43. ÚTGJÖLD VEGNA VÖRU- OG ÞJÓNUSTUKAUPA

Lagt er til að skoðað verði frekar í hverju sú mikla kostnaðarhækkun liggur sem varð á milli árána 2016, 2017 og 2018 vegna vöru- og þjónustukaupa hjá Grunnskóla Bolungarvíkur.

Árið 2016 voru útgjöld vegna vöru- og þjónustukaupa hjá Grunnskóla Bolungarvíkur án innri leigu samtals 18,7 milljónir króna. Árið 2018 voru þessi útgjöld 26,8 milljónir króna, eða hækkun um 8,1 milljón króna.

Hér er lagt til að þessi kostnaðarauki verði skoðaður sérstaklega með það að markmiði að ná kostnaði niður.

44. ÚTGJÖLD VEGNA MÖTUNEYTIS OG HEILDAGSSKÓLA

Lagt er til að kannað verði af hverju útgjöld vegna skólamötuneytis og heildagsskóla hjá Grunnskóla Bolungarvíkur hækkuðu mikið á milli árána 2017 og 2018.

Hér er lagt til að skoðað verði frekar af hverju útgjaldaliðir vegna skólamötuneytis og heildagsskóla hækkuðu nokkuð á milli árána 2017 og 2018. Leitað verði skýringa með það að markmiði að ná niður kostnaði.

45. SAMKENNSLA ÁRGANGA

Lagt er til að skoðað verði hvort til greina komi að vera með samkennslu milli árganga við Grunnskóla Bolungarvíkur.

Með hliðsjón af því að að meðaltali eru 14 nemendur í hverri bekkjardeild við Grunnskóla Bolungarvíkur er hér lagt til að skoðað verði hvort til greina komi að vera með samkennslu á milli árganga við skólann. Gert til að efla skólastarfið.

Við skólann starfarfar pólskur starfsmaður sem grunnskólakennari, í grunninn með sérmenntun í pólsku móðurmáli.

Í fyrsta bekk voru í febrúar 2019 níu nemendur með pólsku sem móðurmál, einn með taílenst móðurmál og þrír með íslenskt móðurmál. Þannig hafa 10 af 13 nemendum í fyrsta bekk grunnskólans annað mál en íslensku að móðurmáli.

Skólastjóri telur að skoða eigi að pólskumælandi kennari væri í 60% stöðugildi við pólskukennslu í skólanum. Á móti þarf að ráða í kennslugreinar sem pólskukennarinn sinnir nú þegar.

Þeirri spurningu er hér varpað fram hvort ekki megi taka upp samkenndu á milli árganga í skólanum með það að markmiði að styrkja enn frekar skólafélagið. Með því væri möguleiki á að auka kennslu í móðurmálum nemanda, auka talmeinakennslu, starf þroskaþjálfara o.s.frv. án þess að því fylgi aukinn kostnaður.

Með vísan til þessa er þessi tillaga sett hér fram.

Sundlaug Bolungarvíkur

46. OPNUNARTÍMI SUNDLAUGAR

Lagt er til að athugað verði með hliðsjón af mætingum í sund hvort til greina komi að draga úr opnunartíma sundlaugarinnar með hliðsjón af mætingum.

Nákvæm skráning liggur fyrir um hvenær fólk kemur í sund. Með hliðsjón af því er hér lagt til að kannað verði hvort til greina komi að stytta opnunartíma sundlaugarinnar.

Sundlaugin er opin á virkum dögum frá kl. 6:00 til 21:00 og um helgar frá kl. 10:00 til 18:00. Miðað við fjölda íbúa í sveitarfélaginu er þetta nokkuð rúmur opnunartími.

Tæknideild, bæjarverkstjóri og umsjónarmaður fasteigna

47. EFTIRLIT MEÐ FRAMKVÆMDUM

Lagt er til að eftirlit með verklegum framkvæmdum á vegum Bolungarvíkurkaupstaðar sé hjá starfsmanni tæknideildar.

Eins og málum er háttað í dag hefur ýmist starfsmaður tæknideildar eða bæjarstjóri farið með eftirlit með verklegum framkvæmdum á vegum sveitarfélagsins.

Það er mat skýrsluhöfundur að mikilvægt sé að þessi mál séu í föstum skorðum og að sá sem fari með tæknimál hjá sveitarfélaginu annist eftirlit með framkvæmdum. Með hliðsjón af því er þessi tillaga hér sett fram.

48. EFTIRLIT MEÐ VERKTAKA ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐVAR

Lagt er til að bæjarverkstjóri fari með eftirlit með verkum sem verktaki þjónustumiðstöðvar vinnur og taki ákvarðanir um snjósmokstur.

Telja verður eðlilegt að bæjarverkstjóri fari með eftirlit með verktaka sem vinnur verk fyrir áhaldahúsið. Eitt af megin verkefnum hans er að hafa umsjón með verkefnum áhaldahúss og því eðlilegt að hann hafi eftirlit með þeim verkum sem þar eru unnin. Hann taki jafnframt ákvarðanir um snjósmokstur.

Eins og áður er mikilvægt að línur séu skýrar gagnvart verktaka og honum sé full kunnugt um hver það er sem stýrir honum og hefur eftirlit með honum.

49. SAMÞYKKT REIKNINGA VEGNA SNJÓSMOKSTURS

Lagt er til að bæjarverkstjóri samþykki reikninga vegna snjómoksturs.

Hér er lagt til að sami aðili og stjórnar snjómokstirnum samþykki reikninga vegna hans. Eins og þetta hefur verið hefur starfsmaður á tæknideild samþykkt reikninga vegna snjómoksturs.

50. VIKULEGIR FUNDIR

Lagt er til að starfsmaður tæknideildar eigi reglulega vikulega fundi með bæjarverkstjóra og umsjónarmanni fasteigna.

Leggja ber áherslu á að þeir aðilar sem fara málefni framkvæmda hjá sveitarfélaginu eigi með sér reglulega fundi og þeir séu bókaðir.

51. ÚTBOÐ

Lagt er til að þjónusta við áhaldahúsið verði boðin út. Þetta verði gert sem fyrst og kannað hvort til greina komi að gera samninga við tvo aðila um þjónustuna.

Fyrir liggur að langt er síðan að útboð fór fram vegna þessara þjónustukaupa. Eðlilegt er að svo mikil þjónustukaup séu boðin út reglulega. Hér er einnig lagt til að skoðað verði hvort til greina komi að gera samninga við tvo aðila um þjónustuna.

Gera má ráð fyrir að með því að bjóða þetta út gæti kostnaðurinn lækkað. Þjónustukaupin hafa verið um 50 milljónir króna á ári s.l. þrjú ár.

52. VINNUSKÝRSLUR

Lagt er til að bæjarstjóri og starfsmaður eignasjóðs haldi verkbókhald þar sem fram komi hvað var gert yfir daginn.

Hér er lagt til að bæjarverkstjóri og starfsmaður eignasjóðs haldi verkbókhald. Yfirleitt hjá sveitarfélögum halda starfsmenn áhaldahúsa (þjónustumiðstöðva) verkbókhald. Skráð er nákvæmlega hvað gert var yfir daginn. Hægt er að gera þetta með vinnustund. Hér er lagt til að þetta verði tekið upp hjá Bolungarvíkurkaupstað.

Slökkvilið Bolungarvíkur

53. LOKAÚTTEKTIR

Lagt er til að verktaka vegna hjúkrunarheimilis og íbúða fyrir ofan hjúkrunarheimilið verði gefin tímasettur lokafrestur til að bæta úr því sem þarf til að hægt sé að framkvæma lokaúttekt á þessum framkvæmdum.

Hér er lagt til að verktaka vegna hjúkrunarheimilis og íbúða fyrir ofan hjúkrunarheimilið verði gefinn lokafrestur til að ljúka framkvæmdum. Í framhaldinu fari fram lokaúttekt. Þetta verði gert sem allra fyrst.

Rétt er að fram komi að ekki er hægt að kenna verktakanum einum um að dregist hefur að ljúka framkvæmdum svo lokaúttekt geti farið fram. Dráttur hefur einnig verið af hálfu stjórnslu sveitarfélagsins varðandi málið.

Hér er jafnframt lögð áhersla á að Bolungarvíkurkaupstaður gangi ákveðið eftir því að farið sé eftir byggingarreglugerð varðandi lokaúttektir og byggingarleyfi almennt í sveitarfélaginu.

54. BRUNAVARNARÁÆTLUN

Lagt er til að lögð verði áhersla á að ljúka gerð brunavarnaráætlunar fyrir Bolungarvíkurkaupstað.

Það er eitt af öryggismálum hvers sveitarfélags að hafa samþykkt brunavarnaráætlun á hverjum tíma. Leggja ber áherslu á að það hljóti að vera eitt af megin verkefnum sveitarstjórnarmanna að öryggismálum í viðkomandi sveitarfélagi sé fylgt eftir eins og lög og reglur gera ráð fyrir á hverjum tíma.

Ljóst má vera að nokkuð þarf að bæta hvað menntun, búnað og aðstöðu varðar hjá Slökkviliði Bolungarvíkur. Brunavarnaráætlun felur það m.a. í sér að sett er fram tímasett áætlun um hvernig verði bætt úr til þess að slökkviliðið standist lög og reglur varðandi slökkvilið.

Með vísan til framanritaðs er hér lögð áhersla á að nú þegar verði farið í að ljúka við gerð brunavarnaráætlunar fyrir Slökkvilið Bolungarvíkur og hún lögð til samþykktar í bæjarstjórn og hjá Mannvirkjastofnun.

55. SAMEINING SLÖKKVILIÐA Á NORÐANVERÐUM VESTFJÖRÐUM

Lagt er til að kannað verði hvort vilji standi til þess að sameina slökkvilið þriggja sveitarfélaga á norðanverðum Vestfjörðum.

Kröfur um búnað slökkviliða og menntun slökkviliðsmanna eru alltaf að aukast. Allt gert til að auka öryggi íbúa sveitarfélaga. Ljóst er að því fylgir orðið nokkur kostnaður að reka full- og velbúið slökkvilið ásamt vel menntuðum slökkviliðsmönnum. Kostnaðurinn getur orðið litlum sveitarfélögum ofviða þar sem grunnbúnaðurinn þarf oft á tíðum að vera sá sami og í stærri sveitarfélögum. Með hliðsjón af því og með auknum kröfum hlýtur að koma til álita, þar sem því verður við komið, að slökkvilið í minni sveitarfélögum hugi að sameiningu.

Í reynd má segja að þetta eigi ekki einungis við fyrir minni sveitarfélög þar sem t.d. öll sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu reka sameiginlega slökkvilið, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins. Ljóst er að ef hvert þeirra myndi reka sjálfstætt slökkvilið væri kostnaðurinn fyrir hvert þeirra mun meiri en hann er í dag með þessum samrekstri.

Slökkvilið Bolungarvíkur stendur á ákveðnum tímamótum, þar sem ljúka þarf við gerð brunavarnaráætlunar og ráðast í endurnýjun á búnaði slökkviliðsins ásamt því að bæta húsnæði og menntun slökkviliðsmanna. Vega þarf og meta hvort það gæti tekist betur og með minni kostnaði að gera þetta í samstarfi með öðrum sveitarfélögum á norðanverðum Vestfjörðum.

B-hluta stofnanir

Bolungarvíkurhöfn

56. STÖÐUGILDI

Lagt er til að skoðað verði að föst stöðugildi við Bolungarvíkurhöfn verði tvö, yfirhafnarvörður og hafnarvörður.

Miðað hversu dreifðar landanir eru á daginn er hér lagt til að stöðugildi við höfnina verði tvö. Jafnframt verið tekið upp breytt vinnufyrirkomulag.

57. VINNUFYRIRKOMULAG

Lagt er til að starfsmenn hafnarinnar vinni aðra hvoru viku til skiptis frá kl. 8:00 til 17:00 og hina frá kl. 14:00 til 22:00 á virkum dögum.

Með þessu fyrirkomulagi á að vera hægt að ná yfir mest af þeim tíma sólahringsins á virkum dögum þegar landanir eru. Einnig verða báðir starfsmennirnir við störf þegar álagið er mest um miðjan daginn. Þetta mun leiða til þess almennt að draga verulega úr unninni yfirvinnu á virkum dögum.

Áfram verði bakvaktir á laugardögum og sunnudögum og skipta starfsmenn helgunum þannig að þeir standa bakvakt aðra hvora viku.

Miðað við að landanir eru fæstar á föstudögum kemur til greina að haga vaktafyrirkomulaginu þannig að annar starfsmaðurinn eigi frí þá eða a.m.k. vinni ekki fullan vinnudag.

Þetta verði haft í huga við skipulagningu á nýju vaktafyrirkomulagi. Gæti hér t.d. verið um að ræða uppbót vegna álags sem fylgir starfinu þar sem það er unnið á vöktum.

58. BAKVAKTIR

Lagt er til að skoðað verði að hætt verði að greiða fyrir bakvakt á tímabilinu frá kl. 6:00 til 8:00 á virkum dögum. Jafnframt að greitt verði fyrir bakvakt á opnunartíma hafnarinnar um helgar, þ.e. frá kl. 13:00 til 18:00.

Rétt er að fram komi að einungis tvær landanir voru á tímabilinu frá kl. 6:00 til 6:59 allt árið 2018, þar af var önnur löndunin á tímabilinu maí til ágúst. Síðan voru 37 landanir á tímabilinu frá kl. 7:00 til 7:59, þar af voru 22 á tímabilinu maí til ágúst.

Með vísan til þess er þessi tillaga hér fram komin.

59. FÖST YFIRTÍÐ

Lagt er til að skoðað verði hvort réttlætanlegt er að greiða yfirhafnarverði fasta yfirtíð, 50 klukkustundir á mánuði, sem ekki er unnin.

Hér er lagt til að yfirhafnarvörður hafi fasta yfirtíð 50 klukkustundir á mánuði. Ekki verði greitt aukalega fyrir unna yfirtíð. Skoðað verði t.d. á sex mánaða fresti hvort meðaltal unninnar yfirvinnu hafi verið hærra en þessar 50 klukkustundir. Reynist það svo verði það leiðrétt.

Þessi tillaga er í samræmi við þá tillögu hér að framan, að starfsmenn með fasta yfirtíð fái ekki greitt fyrir unna yfirtíð að auki. Einnig er það ekki góð stjórnun að yfirmenn, sem taka ákvarðanir um yfirvinnu, taki slíkar ákvarðanir fyrir sjálfan sig.

Ætla verður miðað við breytt vinnufyrirkomulag og reynslu fyrri ára varðandi unna yfirtíð að starfsmenn hafnarinnar eigi ekki að þurfa að vinna að jafnaði fleiri en 50 klukkustundir í yfirvinnu á mánuði.

Þessi tillaga nær eingöngu yfir yfirvinnu, ekki bakvaktir o.þ.h.

Félagslegar leiguíbúðir

60. INNHEIMT GJÖLD VEGNA RAFMAGNS, HITA OG HÚSSJÓÐS

Lagt er til að innheimt gjöld vegna rafmagns, hita og hússjóðs verði aðgreind frá húsaleigutekjum vegna leiguíbúða í ársreikningi félagslegra leiguíbúða Bolungarvíkurkaupstaðar. Jafnframt verði þess gætt að innheimt verði að fullu af leigjendum vegna þessara útgjalda.

Hér er lagt til að í ársreikningi félagslegra íbúða komi fram skýr aðgreining á leigutekjum og gjöldum sem innheimt eru vegna rafmagns, hita og hússjóðs. Þessum tekjum er ætlað að standa undir kostnaði við rafmagn, hita og ræstingu auk hússjóðsgjalda sem greidd eru til húsfélaga sem leiguíbúðirnar eru aðilar að.

Leggja ber áherslu á að innheimt sé að fullu fyrir þessum útgjöldum. Haft verði í huga að leigjendur eru flestir í íbúðunum ekki af félagslegum forsendum og því má spyrja hvort sveitarfélaginu sé heimilt að greiða þessi útgjöld niður eins og gert hefur verið.

61. VIÐHALD Á FÉLAGSLEGUM LEIGUÍBÚÐUM

Lagt er til að framkvæmdir við viðhald á félagslegu leiguhúsnæði verði endurskoðaðar með það að markmiði að ná niður kostnaði. Verði það liður í því að gera reksturinn sjálfbæran.

Viðhaldskostnaður var um 27% af leigutekjum. Með hliðsjón af því er þessi tillaga sett fram og verði það liður í að gera reksturinn sjálfbæran.

62. HÚSALEIGA

Lagt er til að húsaleiga á fermetra á leiguíbúðum verði endurskoðuð. Við þessa endurskoðun verði sjálfbærni félagsins höfð til hliðsjónar.

Hér er lagt til að samhliða því að hækka innheimt gjöld til að mæta kostnaði vegna rafmagns, hita og hússjóðs verði húsaleigan hækkuð þannig að reksturinn standi undir sér og afborgunum af lánnum.

Þetta verði gert samhliða því að endurskoða viðhaldið. Tryggt verði að sveitarfélagið þurfi ekki að greiða með rekstrinum.

63. LEIGUÍBÚÐIR VERÐI SELDAR

Lagt er til að skoðað verði hvort komi til greina að selja félagslegar leiguíbúðir hjá sveitarfélaginu.

Með hliðsjón af því að svo til allar félagslegu leiguíbúðir hjá sveitarfélaginu eru ekki leigðar á félagslegum forsendum, þar sem ástæða hefur ekki verið til þess, er hér lagt til að kanna hvort til greina komi að selja íbúðirnar eða a.m.k. hluta þeirra.

Félagsheimili Bolungarvíkur

64. LEIGUTEKJUR

Lagt er til að skoðað verði hvort ekki sé rétt að hækka útleigu á félagsheimilinu og hverjir fái frí afnot af húsnæðinu með hliðsjón af því að leigutekjur voru einungis 32% af rekstrargjöldum öðrum en afskriftum og fjármagnsgjöldum.

Hér er lagt til að leigugjöld af félagsheimilinu verði endurskoðuð og hverjir fái frí afnot af húsnæðinu. Leigutekjur voru 4,8 milljónir króna á árinu 2018 til samanburðar við að rekstrarkostnaður annar en vegna fjármagnsgjalda og afskrifta var samtals 14,9 milljónir króna.

Leigutekjur af félagsheimilinu voru lægri en greiðsla til forstöðumannsins nam. Með hliðsjón af þessu er hér lagt til að leigugjöld verði tekin til endurskoðunar og hverjir fái frí afnot af húsnæðinu.

Haft verði að markmiði að leigutekjur standi undir a.m.k. rekstrarútgjöldum án afskrifta og fjármagnsgjalda.

Hjúkrunarheimili

65. STÆRÐ HJÚKRUNARHEIMILISINS

Lagt er til að fundinn verði nákvæmt stærðarrými þess húsnæðis sem eignfært er í ársreikningi hjúkrunarheimilis Bolungarvíkur.

Eins og fram hefur komið hér að framan í skýrslunni er ljóst að nokkurt rými er í húsnæði hjúkrunarheimilisins umfram þær stærðir sem samið var um leigu við velferðarráðuneytið á sínum tíma. Til að gefa skýrari mynd af rekstrinum er mikilvægt að þetta liggi fyrir.

Með hliðsjón af því er þessi tillaga sett fram.

66. ÁRSREIKNINGUR HJÚKRUNARHEIMILISINS

Lagt er til að ársreikningur hjúkrunarheimilisins sýni hlut Bolungarvíkurkaupstaðar í leigu á umfram húsnæði sem samningur við velferðarráðuneytið segir til um. Jafnframt verði 15% hlutur sveitarfélagsins í heildarleiguverði vegna 750 m² sýndur sérstaklega.

Það er mat skýrsluhöfundar að nái þessi tillaga fram að ganga gefi rekstrarreikningur hjúkrunarheimilisins gleggri mynd af rekstrinum og þá hvort um raunverulegan halla á rekstrinum sé að ræða vegna of lágra leigugreiðslna frá ríkissjóði.

Stjórnsýslan

67. SKIPURIT

Lagt er til að níu stjórnendur heyri beint undir bæjarstjóra samkvæmt skipuriti, sjá fylgiskjal 1.

Hér er lagt til að eftirfarandi stjórnendur heyri beint undir bæjarstjóra, sjá fylgiskjal 1:

- ✓ Skrifstofu- og fjármálastjóri, sem er jafnframt staðgegnill bæjarstjóra,
- ✓ Starfsmaður tæknideildar,
- ✓ Félagsmálastjóri,
- ✓ Slökkviliðsstjóri,
- ✓ Leikskólastjóri,
- ✓ Skólastjóri grunnskólans,
- ✓ Skólastjóri tónlistarskólans,
- ✓ Yfirhafnarvörður,
- ✓ Forstöðumaður bókasafnsins.

Lokaorð

Frá árinu 2012 til 2019 fjölgaði íbúum Bolungarvíkurkaupstaðar um 7,2% samanborið við að íbúum á Vestfjörðum samtals fjölgaði um 1,6%. Frá árinu 2014 hafa skatttekjur á hvern íbúa í Bolungarvíkurkaupstað verið að aukast meira en hjá samanburðar sveitarfélögum og munar þar mestu um auknar útsvarstekjur. Ætla má af þessu tvennu, þ.e. fjölgun íbúa og auknum tekjum, að atvinnuástand í sveitarfélaginu sé gott og ástæða til að horfa til bjarrar framtíðar.

Samhliða þessu hefur orðið nokkur viðsnúningur í rekstri sveitarfélagsins. Á árunum 2002 til og með 2011 var sveitarfélagið rekið með halla öll árin nema þrjú, þ.e. í sjö ár á tíu ára tímabili. Frá og með árinu 2012 var einungis halli á rekstri sveitarfélagsins, A- og B-hluta, árið 2015, sem var almennt erfitt rekstrarár hjá sveitarfélögum. Þannig hefur sveitarfélagið skilað rekstrarafgangi s.l. sjö ár að meðtöldu árinu 2018 öll árin nema árið 2015, þ.e. tekjuafgangur í sex ár af sjö.

Hins vegar er rétt að fram komi að rekstrarafkoma A-hlutans hefur ekki verið eins góð og rekstrarafkoma A- og B-hluta samtals. Þannig hefur halli verið á A-hlutanum frá árinu 2012 í fjögur ár af sjö, að árinu 2018 meðtöldu. Tekjuafgangur var af A-hlutanum bæði árin 2017 og 2018.

Skuldir sem hlutfall af tekjum hafa farið lækkanði síðustu ár. Skuldahlutfallið í árslok 2017 var 143% en komið niður í 141% árið 2018.

Til að gera sveitarfélagið enn betur í stakk búið til að mæta nauðsynlegum nýframkvæmdum, viðhaldi á eignum og nýjum búnaði eins og t.d. fyrir Slökkvilið Bolungarvíkur þarf að bæta rekstrarafkomu A-hlutans frá því sem nú er og einnig til að auka við veltufé frá rekstri. Með auknu veltufé frá rekstri er sveitarfélagið hæfara til að ráðast í nýframkvæmdir án þess að auka við lántökur.

Eftir yfirferð á rekstri sveitarfélagsins og stjórnarsýslu er það mat skýrsluhöfundar að möguleikarnir eru margir til að bæta rekstrarafkomuna. Í skýrslunni eru settar fram 67 tillögur, sem svo til allar miða að því að bæta stjórnarsýslu, rekstur, þjónustu og starfsumhverfi starfsmanna sveitarfélagsins. Lagðar eru fram fleiri tillögur en færri. Ljóst er að þær þurfa ekki allar að koma til framkvæmda til að ná tilsettu markmiði. Skýrsluhöfundur velur þann kostinn að leggja fram tillögur, þar sem hann telur mögulegt að bregðast við, síðan er það bæjarstjórnar að velja úr.

Engar af tillögunum ganga lengra en mörg sveitarfélög hafa verið að framkvæma eða eru að hrinda í framkvæmd. Við gerð tillagnanna hefur verið haft að leiðarljósi að þjónusta sveitarfélagsins skerðist á engan hátt, frekar að þær leiði til betri og aukinnar þjónustu.

Í skýrslu þessari eru lagðar fram ýmsar tillögur til að bæta rekstrarafkomu Bolungarvíkurkaupstaðar. Það er mat skýrsluhöfundar að ef farið verður eftir þeim í meginatriðum eigi rekstrarafkoma sveitarfélagsins að batna nokkuð og reksturinn að skila umtalsverðu auknu veltufé frá rekstri.

Frá árinu 2010 til 2018 er Bolungarvíkurkaupstaður fimmtánda sveitarfélagið þar sem skýrsluhöfundur hefur framkvæmt heildarúttekt á stjórnsýslu, rekstri og fjármálum og gert tillögur með það að markmiði að bæta stjórnsýslu, rekstur, fjárhag og þjónustu viðkomandi sveitarfélags. Um er að ræða 20% af sveitarfélögum á Íslandi.

Við vinnslu þessara verkefna hefur verið lögð rík áhersla á sömu efnistöð og úrvinnslu og áður og ekki hvað síst samstöðu um þær tillögur sem gripið hefur verið til. Það er mat skýrsluhöfundar að sá góði árangur, sem náðst hefur hjá þessum sveitarfélögum, sé ekki hvað síst að þakka þeirri samstöðu sem náðst hefur á milli meiri- og minnihluta í bæjar- og sveitarstjórnnum um þær tillögur sem ráðist hefur verið í. Leggja ber ríka áherslu á þennan mikilvæga þátt til að árangur náist.

Samkvæmt þeim tillögum, sem hér eru settar fram, þarf að grípa til ýmissa aðgerða, sem m.a. munu leiða til breytinga á starfsmannahaldi. Mikilvægt er, þegar grípa þarf til slíkra aðgerða, að samstaða sé innan sveitarstjórnar á milli meirihluta og minnihluta um þær eins og segir hér að framan. Slík samstaða er mikilvæg við framgang verkefnisins og ekki hvað síst fyrir íbúa sveitarfélagsins og starfsmenn.

Hafnarfirði, 28.9.2019,

Haraldur L. Haraldsson,
hagfræðingur

Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1: Stjórnskipurit fyrir Bolungarvíkurkaupstað

